


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt








# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
3. janúar 2012
2. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Alveg óþekkjanleg

*Anna Gunndís Guðmundsdóttir sló í gegn sem Hildur Líf í Skaupinu.*

fólk 42

## Eini Íslendingurinn

*Fjallað er um Baddydesign í bók um norræna grafíska hönnuði.*

tímamót 22



## Umdeild rauð spjöld

*Queens Park Rangers og Arsenal misstu bæði mann af velli og stigin í kjölfarið.*

sport 38

## veðrið í dag




**BJART SYÐRA** Í dag verða norðvestan 5-13 m/s og snjókoma eða él N-til en bjartviðri sunnan heiða. Kalt í veðri.

VEÐUR 4



**SNJÓRINN TEFUR FÖR** Þorkell Jóhann Steindal þarf tæpan klukkutíma til að ganga til vinnu vegna slæmrar færðar á göngustígum borgarinnar. Göngutúrinn tekur hann um 25 mínútur á góðum degi. Borgaryfirvöldum hafa borist yfir þúsund fyrirspurnir undanfarna daga vegna slæmrar færðar á gangstígum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Illfært fyrir gangandi á götum:

## Orðinn góður í grindahlaupi

**REYKJAVÍK** Það tekur Þorkel Jóhann Steindal tæpan klukkutíma að ganga til vinnu þessa dagana sökum illfærðar á gangstígum. Á góðum degi er göngutúrinn um 25 mínútur.

„Þetta er heilmikið vesen,“ segir Þorkell Jóhann, sem er lögblindur og gengur dag hvern frá heimili sínu á Lindargötu til vinnu við Hamrahlíð. Hann segir færðina hafa verið afar slæma allan desember og ekki bæti úr skák þegar tekur að frysta á ný ofan í slabbið og snjóinn. „En ég er orðinn mjög góður í grindahlaupi.“

Starfsmenn Reykjavíkurborgar munu hefja mokstur á gangstéttum á fullu í lok vikunnar. Yfir þúsund fyrirspurnir bárust fyrir áramót frá íbúum vegna þessa, samkvæmt Bjarna Brynjólfssyni, upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar. Gangstígakerfið í borginni er alls um 950 kílómetrar að lengd og hafa frosthörkur í gær og fyrradag einnig tafið mokstur. Um tíu vélar eru í notkun við mokstur á gangstígum, en að sögn Bjarna þyrftu þær í raun að vera um sextíu talsins ef það ætti að ná að moka allt burt á sólarhring eða tveimur. - sv / sjá síðu 6

# Skatturinn vill allt að 1,8 milljarða greiðslu

**Ríkisskattstjóri hefur boðað endurálagningu á Skiptum, móðurfélagi Símans, vegna vaxtakostnaðar sem ekki hefur verið greiddur skattur af. Endurálagningunni verður mótmælt. Málið nær aftur til þess þegar Síminn var einkavæddur.**

**VIÐSKIPTI** Skipti, móðurfélag Símans, áætlar að það þurfi að greiða 800 til 1.800 milljónir króna samkvæmt boðun um endurálagningu skatta sem félaginu hefur borist frá ríkisskattstjóra, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Endurálagningin er vegna skuldsettra yfirtakna sem átt hafa sér stað innan Skipta-samstæðunnar. Elsta málið nær aftur til þess þegar Landssíminn var einkavæddur fyrir rúmum sex árum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að innan Skipta hafi verið búist við formlegri endurálagningu núna um áramótin en að hún hafi ekki borist. Embætti ríkisskattstjóra hefur þó boðað umrædda endurálagningu.

Þegar Síminn var seldur til Skipta ehf. haustið 2005 á 66,7 milljarða króna tók félagið sambankalán fyrir kaupunum. Í desember 2005 var Skiptum, Íslenska sjónvarpsfélaginu (sem átti og rak Skjá einn) og Símanum svo rennt saman með öllum eignum og skuldum félaganna þriggja. Í mars 2007 var hinu sameinaða félagi síðan skipt aftur upp í fjórar mismunandi einingar. Ein þeirra hét Skipti hf. og varð móðurfélag hinna þriggja. Það félag bar skuldirnar sem urðu til við einkavæðingu Símans eftir skipulagsbreytinguna.

> Okkar afstaða er einfaldlega sú að þetta standist engan veginn hvað Skipti varðar.
>
> STEINN LOGI BJÖRNSSON
> FORSTJÓRI SKIPTA

Í uppgjörum Skipta hefur vaxtakostnaður vegna yfirtökulánsins verið talinn frádráttarbær frá hagnaði og þar með lækkað skattgreiðslur félagsins. Það segir ríkisskattstjóri að sé ekki heimilt og hefur áætlað að Skipti skuldi 800 til 1.800 milljónir króna í ógreidda skatta vegna þessa. Ástæða þess að ekki er um fasta tölu að ræða er að túlkun á meðhöndlun á gengistapi og -hagnaði getur skipt máli um endanlega niðurstöðu.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta, vildi ekki staðfesta umfang upphæðarinnar sem Skipti þurfa að greiða, verði skilningur ríkisskattstjóra staðfestur. Hann segir þó ljóst að væntanlegri endurálagningu verði mótmælt. „Okkar afstaða er einfaldlega sú að þetta standist engan veginn hvað Skipti varðar. Við höfum komið þeim sjónarmiðum á framfæri og teljum að þau muni halda.“

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að Húsasmiðjan hefði fengið boð um endurálagningu á sambærilegum forsendum. Heimildir Fréttablaðsins herma að hún gæti numið allt að 700 milljónum króna. Ástæða endurálagningarinnar er meint skattalagabrot sem rekja má til samruna tveggja eignarhaldsfélaga við Húsasmiðjuna á árunum 2003 til 2006. - þsj

Landlæknir vill betri yfirsýn:

## Vill skrá um brjóstaaðgerðir

**HEILSA Geir Gunnlaugsson landlæknir segir það torvelda samantekt á því hversu algengt sé að brjóstafyllingar rofni að ekki sé til neinn gagnagrunnur um heildarfjölda slíkra aðgerða. Brýnt sé að fá betra yfirlit yfir allar aðgerðir sem gerðar séu á landinu.**

**„Það er mikilvægt fyrir okkur sem samfélag að hafa betri yfirsýn yfir þær aðgerðir sem gerðar eru í landinu, ekki bara á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, sem við höfum mjög gott yfirlit yfir, heldur einnig á einkareknu stöðvunum,“ segir Geir.**

- fsb / sjá allt í miðju blaðsins


BYLGJAN 989 25 ÁRA

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



ÚTSALA ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS
Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

SPURNING DAGSINS



*Leifur, er mikið að gera í stjörnu-skoðun á Íslandi?*

„Já, það er mikil stjörnu-speki í gangi þessa dagana."

Leifur Dagfinnsson og framleiðslufyrirtækið True North standa í stórræðum þar sem mörg kvikmyndafyrirtæki í Hollywood eru að skoða aðstæður til upptöku hér á landi.

Innanríkisráðherra segir að til óþurfta hafi verið að breyta Isavia í hlutafélag:

# Allt skal vera opið og sýnilegt

**STJÓRNSÝSLA** Dráttur sem orðið hefur á afgreiðslu fyrirspurnar erlendra mannréttindasamtaka um fangaflug leyniþjónustu Bandaríkjanna skýrist að hluta af því að opinbera hlutafélagið Isavia fellur ekki undir upplýsingalög. Félagið þurfti heimild ráðuneytis til að svara.

Verði að lögum nýtt frumvarp um upplýsingalög sem lagt var fyrir þingið í lok nóvember þá ná lögin yfir alla lögaðila sem eru í meira en helmingseigu ríkisins, auk einkaaðila sem sinna opinberu hlutverki stjórnvalds.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, segist telja farsælast að Isavia heyri undir upplýsingalög og árétta að honum hafi á sínum tíma þótt fráleitt að gera fyrirtækið að hlutafélagi. „Fyrst og fremst er þetta utanumhald utan um flugvelli landsins og grunnþjónustu," segir hann.

Rétt fyrir áramót heimilaði innanríkisráðuneytið Isavia að svara fyrirspurninni um fangaflugið. Ísland er í áfangaskýrslu mannréttindasamtakanna á svörtum lista landa sem ekki hafa enn svarað.

„Afstaða mín er mjög afdráttarlaus. Mér finnst að þetta þurfi allt að vera mjög opið og sýnilegt," segir hann. „Ég vil að allt sé uppi á borðum í þessum efnum. Þeir sem ferðast eða flytja fólk eða varning í heiðarlegum tilgangi ættu ekki að þurfa að óttast neitt." **- óká**

Íhugar nú forsetaframboð:

## Borgarstjórinn skoðar málið

**STJÓRNMÁL Jón Gnarr borgarstjóri íhugar nú hvort hann bjóði sig fram til forseta í næstu kosningum.**

**Þetta kom fram í þættinum Virkir morgnar á Rás 2 í gærmorgun. Jón var inntur eftir því hvort hann gæti hugsað sér að fara í framboð og svaraði hann að slíkt gæti orðið gríðarlega spennandi. Hann hafi þó ekki látið sér detta framboð í hug fyrr en hann fékk símtal frá fjölmiðlum þar sem hann frétti að fólk hafði áhuga á að sjá hann á Bessastöðum.** **- sv**

Vetrarmyndasamkeppni:

## Skilafrestur rennur út í dag

**SAMKEPPNI Skilafrestur í vetrarmyndasamkeppni Fréttablaðsins rennur út á hádegi í dag. Keppninni var hrundið af stað eftir að snjó hafði kyngt niður aðfaranótt 29. desember.**

**Þegar hefur mikill fjöldi mynda borist en sem áður segir geta þátttakendur sent myndir á netfangið ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is til klukkan tólf á hádegi í dag. Myndirnar þurfa að vera í nægri upplausn til að geta birst í blaðinu og er óheimilt að eigna sér myndir annarra.**

**Besta myndin mun prýða forsíðu Fréttablaðsins á laugardag og aðrar útvaldar birtast á innsíðu.**

**Verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í samkeppninni eru miðar fyrir tvo í Borgarleikhúsið og fyrir efsta sætið eru að auki vegleg verðlaun frá Sjónvarpsmiðstöðinni.** **- sh**

Jón Bjarnason:

## Ákvað makrílkvóta fyrir 2012

**SJÁVARÚTVEGUR** Jón Bjarnason, sem lét af embætti sjávarútvegsráðherra á föstudag, gaf út nýja reglugerð um makrílveiðar við Ísland á síðasta starfsdegi sínum.

Í reglugerðinni segir að öllum fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni sé heimilt að stunda veiðar á makríl að fengnu leyfi frá Fiskistofu. Leyfið gildir í fiskveiðilandhelgi Íslands og á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, NEAFC, utan lögsögu ríkja.

Þá kemur fram að fari heildarafli íslenskra skipa í makríl á þessu ári yfir 145.227 lestir, eða í 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC utan lögsögu ríkja, ákveður ráðherra hvort veiðar á makríl skuli takmarkaðar með einhverjum hætti. **- mþl**

# Biðja Jón að greiða hlut í dýru malbiki

**Minnihlutinn í Ölfusi vildi í mál við vatnsverksmiðju Jóns Ólafssonar og bæjarstjórann sem lét malbika heimreiðina þangað. Um 100 metra spotti kostaði 3,5 milljónir, sem þykir óeðlilegt verð. Ámælisverð vinnubrögð, segir meirihlutinn.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum milli jóla og nýárs að greiða verktakafyrirtækinu KNH ehf. þrjár og hálfa milljón fyrir að malbika um hundrað metra vegspotta heim að vatnsverksmiðju Jóns Ólafssonar.



ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON

Jafnframt var samþykkt að óska eftir að fyrirtækið, Icelandic Water Holdings, tæki þátt í kostnaðinum, enda hefði malbikunin verið óeðlilega dýr og úr takti við sambærilegar framkvæmdir í grenndinni.

Upphæðin er afrakstur samningaviðræðna við verktakann, sem krafðist í fyrstu fimm milljóna fyrir verkið.

Það var Ólafur Áki Ragnarsson, þáverandi bæjarstjóri, sem bað um malbikunina, eftir að hann heimsótti Icelandic Water Holdings og var bent á að þar ætti eftir að leggja bundið slitlag.

Ólafur segir að þegar Vegagerðin lagði slitlag á veginn að verksmiðjunni hafi verið skilinn eftir stuttur kafli heim að verksmiðjunni. Ólafur hafi í framhaldi haft samband við Vegagerðina og fengið þau svör að það væri ekki hlutverk stofnunarinnar að bæta úr því.

Hann hafi í kjölfarið beðið KNH um að taka verkið að sér, enda hafi það verið í samræmi við malbikun heimreiða að öðrum bæjarstæðum.

Síðar barst bænum fimm milljóna reikningur vegna verksins, mun hærri en vegna sambærilega framkvæmda.

Ólafur Áki klauf Sjálfstæðisflokkinn í Ölfusi fyrir síðustu kosningar og vermdi þriðja sætið á lista nýstofnaðs A-lista, sem nú situr í meirihluta í bæjarfélaginu. Ólafur er nú fluttur af heim á Djúpavog.



**BIÐLAÐ TIL JÓNS** Bæjarstjórnin hefur ákveðið að óska eftir þátttöku vatnsverksmiðju Jóns í kostnaðnum.

Samherjar hans í A-listanum í Ölfusi létu bóka á síðasta bæjarstjórnarfundi að vinnubrögðin sem höfð voru uppi þegar ákveðið var að malbika heimreiðina hafi verið „ámælisverð og ekki til eftirbreytni né í þeim anda sem núverandi meirihluti vill starfa eftir". Mikilvægt sé að rekjanlegar, gagnsæjar skráningar séu til um allar ákvarðanir og framkvæmdir í sveitarfélaginu.

Þessari gagnrýni vísar Ólafur Áki á bug, enda hafi allt varðandi þessa ákvörðun verið rækilega skrásett, þótt ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við verktakann, sem hafi verið tíðkast við slíkar minni háttar framkvæmdir. „Það var ekkert sem ég tel ámælisvert í þessum vinnubrögðum. Menn hafa þá bara ekki kynnt sér gögnin eða verið með hugann annars staðar," segir Ólafur.

„Ég er afskaplega stoltur af því að hafa tekið þátt í að byggja upp heimreiðar í Ölfusi, ég tala nú ekki um hjá Vatnsfélaginu, einu glæsilegasta fyrirtæki á Suðurlandi."

stigur@frettabladid.is

### Vildu í skaðabótamál við Ólaf og Jón

Fyrrverandi samherjar Ólafs Áka í Sjálfstæðisflokknum, auk fulltrúa Ö-lista, lögðu fram tillögu um að kannað yrði hvort grundvöllur væri fyrir því að bæjarfélagið færi í skaðabótamál við Ólaf Áka og Icelandic Water Holdings vegna málsins. Tillagan var felld með fjórum atkvæðum meirihlutans gegn þremur atkvæðum minnihluta.

„Við vorum náttúrulega ekki sátt við það. Þetta er hans flokkur sem stjórnar þarna – eða sértrúarsöfnuður sem var stofnaður í kringum hann fyrir síðustu kosningar – og þau vildu ekki ýta við honum," segir Stefán Jónsson, oddviti sjálfstæðismanna. „Þetta er mjög ósanngjarnt. Þótt kallinn hafi lofað þessu án þess að tala við nokkurn mann þá ber okkur ekki skylda til að malbika heim að bæjum – og alls ekki fyrirtækjum."

Doberman aflífaður í gær:

## Hundur beit í andlit stúlku

**AKRANES** Dobermanhundur beit sex ára gamla stúlku í andlitið í jólaboði á Akranesi í síðustu viku. Stúlkan hlaut áverka í kringum augað og þurfti að gangast undir aðgerð. Hún slapp þó betur en á horfðist.

Snorri Guðmundsson, dýraeftirlitsmaður á Akranesi, segir í samtali við Stöð 2 að hundurinn hafi verið aflífaður seinni partinn í gær. Var það gert að frumkvæði eigandans. Þetta var í fyrsta sinn sem hundurinn ræðst á fólk svo vitað sé, en hann er um sjö ára gamall. Hann var bundinn inni í herbergi í boðinu og glefsaði í stúlkuna þegar hún klappaði honum. **- sv**

Bensínsverð enn á uppleið:

## Hefur hækkað um 18 prósent

**NEYTENDUR Gjaldskrárhækkanir á bensíni og dísilolíu tóku gildi um áramótin. Verð á eldsneyti hefur hækkað um átján prósent síðan um áramótin 2010.**

**Algengt verð á bensíni í sjálfsafgreiðslu er nú komið upp í rúmar 232 krónur hjá N1 og Olís en rúmar 233 hjá Skeljungi. Algengt verð á dísilolíu er komið upp í tæpar 246 krónur á lítrann. Verð á steinolíu hækkaði einnig um tæp 40 prósent um áramót.**

**Stjórnvöld hækkuðu vöru- og kolefnisgjöld um áramótin um þrjár krónur og 70 aura á hvern bensínlítra.** **- sv**

ELDSVOÐI

### Eldur kom upp í Smárabíói

Eldur kom upp í einu af ljósum í sal Smárabíós í gær. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins barst tilkynning um eldinn um klukkan hálf átta í gærmorgun. Dælubíll var sendur á staðinn en þegar þangað var komið höfðu öryggisverðir slökkt eldinn. Litið tjón hlaust af.


BRIDS SKÓLINN



Byrjendur... 23. janúar ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 25. janúar ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- Á vorönn er boðið upp á námskeið fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið fyrir lengra komna.
- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, Síðumúla 37 í Reykjavík.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá nánar á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.


Jón Bjarnason skipaði nýjan stjórnarformann Hafró á síðasta starfsdegi sínum:

# Stjórnarformanni Hafró skipt út

**STJÓRNSÝSLA** Jón Bjarnason, sem lét af embætti sjávarútvegsráðherra á föstudag, lét það verða eitt af sínum síðustu verkum í embætti að biðja Friðrik Má Baldursson um að láta af embætti stjórnarformanns Hafrannsóknastofnunar. Varð Friðrik við þeirri bón á föstudag og tók Erla Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sjávariðjunnar á Rifi, við starfinu.

Að sögn Friðriks Más hafði Jón samband við hann á fimmtudag og bað um að hann bæðist lausnar úr starfi. Á föstudag varð Friðrik svo við þeirri bón þar sem hann taldi sig ekki geta gegnt starfinu í óþökk ráðherra. Friðrik segir engan aðdraganda hafa verið að bóninni, og þá hafi honum verið þökkuð góð störf í lausnarbréfi sínu.

Fréttablaðið náði ekki tali af Jóni Bjarnasyni í gærkvöldi en haft var eftir honum í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins að engar sérstakar ástæður hefðu verið fyrir skiptunum, þá hefði hann verið ánægður með störf stjórnarinnar. Ekki náðist heldur í Steingrím J. Sigfússon sem tekið hefur við embætti sjávarútvegsráðherra.

Nýr stjórnarformaður, Erla Kristinsdóttir, hefur verið gagnrýnin á störf Hafrannsóknastofnunar. Í ræðu sem hún flutti í febrúar árið 2010 sagði hún



**RÁÐHERRASKIPTI** Steingrímur J. Sigfússon tók við af Jóni Bjarnasyni sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

þannig að sjávarútveginum stæði beinlínis ógn af vinnubrögðum stofnunarinnar og gaf í skyn að henni hefði tekist illa upp við að mæla stærð fiskistofna við Ísland. **- mþl**

# LÆGRA VERÐ FYRIR ALLA

**LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**

**VERÐVERND**

Við tryggjum öllum lægra verð með „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“ Ef þú sérð sömu vöru auglýsta ódýrari annars staðar endurgreiðum við mismuninn.



**32.900** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Fjölþjálfi**
Segulmótstaða, sterk og öflug grind, púlsmælir, skeiðklukka, vegalengdamælir, hraða og kaloríumælir, þyngd 39 kg.
3899531



**74.890** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Electrolux

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**30 DAGA SKILARÉTTUR**

**Þvottavél**
EWF106410W,1000 snúninga
85x60x60 cm, 6 kg.
1805650




**1.895** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Innimálning**
3 ltr, beinhvít.
7119962



**4.590** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Magaþjálfi**
Með stafrænum teljara.
3899547




**2.795** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Höggborvél**
PowerPlus 580W.
5245308



**1.649 kr/m²** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Bílskúrsflísar**
Granit Grey 33x33 cm.
Frostþolnar, frábærar í votrými, bílskúrinn eða á svalirnar.
8600685



**979 kr/m²** VERÐVERND – LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Plastparket KAINDL**
6mm, 3ja stafa eik.
147049

KAINDL

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**HÚSASMIÐJAN**

**GENGIÐ 02.01.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,38 | 122,96 |
| Sterlingspund | 189,69 | 190,61 |
| Evra | 158,3 | 159,18 |
| Dönsk króna | 21,294 | 21,418 |
| Norsk króna | 20,421 | 20,541 |
| Sænsk króna | 17,741 | 17,845 |
| Japanskt jen | 1,5901 | 1,5995 |
| SDR | 187,96 | 189,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,376

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ofbeldi gegn fimmtán ára stúlku vekur óhug í Afganistan:

# Fer á sjúkrahús á Indlandi

**AFGANISTAN, AP** Fimmtán ára afgönsk stúlka, Sahar Gul, verður send til Indlands þar sem hún fær aðhlynningu og læknismeðferð. Hún hafði mánuðum saman sætt pyntingum af hálfu tengdafólks síns, bæði tengdamóður og mágkonu, sem reyndu að þvinga hana út í vændi.

Málið hefur vakið mikla athygli í Afganistan og gengið fram af fólki, enda þótt ofbeldi gegn konum sé algengt þar í landi. Hamid Karzai forseti segir að þeim sem þarna stóðu að verki verði refsað.

„Þetta er ofbeldi sem ekki er hægt að sætta sig við á 21. öldinni," segir Sediq Sediqi, talsmaður afganska innanríkisráðuneytisins. „Við erum þakklát frænda hennar."

Það var frændi stúlkunnar sem hringdi í lögreglu í síðustu viku og lét vita af því, sem var í gangi. Lögreglan fór á vettvang og frelsaði stúlkuna úr kjallara á heimili eiginmanns hennar.

Sediqi sagði ekki hvers konar meðferð hún muni fá á Indlandi, en algengt er að Afganar fari heldur á sjúkrahús í Pakistan eða Indlandi frekar en í heimalandi sínu, þar sem læknisþjónusta er af skornum skammti. **- gb**



**SAHAR GUL** Sætti mánuðum saman pyntingum af hálfu tengdafólks síns, sem reyndi að þvinga hana út í vændi. NORDICPHOTOS/AFP

Danskir forstjórar:

# Spá kreppunni áfram í tvö ár

**DANMÖRK** Þrír af hverjum fjórum forstjórum og framkvæmdastjórum danskra fyrirtækja spá því að efnahagskreppan í Danmörku endist til ársins 2014. Tæplega fimmtungur telur þó að henni ljúki á næsta ári.

Þetta eru niðurstöður skoðanakönnunar, sem gerð var fyrir danska viðskiptablaðið Børsen „Það leikur enginn vafi á því að dimmskýjað verður áfram yfir Danmörku," hafði Børsen eftir Jørgen Bardenfleth, framkvæmdastjóra Microsoft. **- gb**



**OLÍUHAMSTUR** Víða mátti sjá steinolíu hamstraða á gamlársdag áður en á hana lagðist olíugjald. MYND/HUGI HREIÐARSSON

Gjald lagt á steinolíu:

# Olía hömstruð á gamlársdag

**BÍLAR Steinolía kláraðist á sumum bensínstöðvum á gamlársdag þegar fjöldi fólk keypti hana í miklu magni. Eftir áramótin hækkaði steinolía um 39 prósent þegar á hana lagðist sama olíugjald og lagt er á bensín og dísilolíu, auk hækkunar á vöru- og kolefnagjöldum ríkisins.**

**Sala á steinolíu hefur aukist síðustu ár eftir því sem fleiri nota hana til að knýja ökutæki sín, ýmist eintóma eða blandaða í dísilolíu. Mátti á gamlársdag sjá menn fylla á stóra jeppa sína og nokkrir mættu á bensínstöðvar með olíutunnur til að fylla á.**

**Steinolíu til húshitunar er hægt að kaupa á sama verði og litaða dísilolíu. - óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílveltur í hálku

Ökumaður velti bifreið sinni á Biskupstungnabraut í Árnessýslu í gær. Að sögn lögreglunnar á Selfossi slasaðist enginn alvarlega. Önnur bílvelta varð skammt frá Vík í Mýrdal. Fjórir voru í bílnum en enginn slasaðist alvarlega.

## HALDIÐ TIL HAGA

Í yfirlitsgrein yfir leiklistarárið sem birtist í blaði gærdagsins láðist að geta höfundar, Elísabetar Brekkan.

# Vanskil hjá Félagsbústöðum stefna í rúmar 100 milljónir

**Vanskilin hjá Félagsbústöðum stefna í að verða yfir 100 milljónir króna í ár. Húsaleigan hefur hækkað mikið en húsaleigubætur verið óbreyttar frá miðju ári 2008. Vanskilin 0,7% af veltu 2007 en 4% í ár.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Vanskil hjá Félagsbústöðum stefna í að verða yfir 100 milljónir í ár eða 4 prósent af veltunni. Húsaleigan hækkar ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu til verðtryggingar en húsaleigubæturnar hafa verið óbreyttar frá miðju ári 2008, að sögn Sigurðar Kr. Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Félagsbústaða.

Hann segir leigu á fjögurra herbergja íbúð hjá Félagsbústöðum hafa hækkað um 21,6 prósent frá því í október 2008. Greiðslubyrðin hafi hins vegar hækkað um 60 til 70 prósent vegna þess að bæturnar hafi ekki fylgt verðlagi.

Árið 2008 tvöfölduðust vanskilin frá árinu 2007 og fóru úr 0,7 prósentum af veltunni í 1,5 prósent. „Við þurftum að gjaldfæra 12 milljónir 2007. Þá var þetta komið í ótrúlega gott horf. Árið 2008 urðu vanskilin hins vegar tæpar 30 milljónir," segir Sigurður.

Árið 2009 voru vanskilin komin í 52 milljónir sem voru 2,1 prósent af veltunni og árið 2010 fóru vanskilin í 86 milljónir eða 3,6 prósent af veltunni.

Sigurður kveðst gera sér vonir um að greiðslubyrði leigutaka hjá Félagsbústöðum lækki þegar nýju bótakerfi verði komið á. „Það stendur fyrir dyrum að endurskoða bótakerfið. Hugmyndin er að færa á milli vaxtabóta og húsaleigubóta til þess að efla leigumarkaðinn þannig að fólk standi jafnt að vígi hvort sem það kaupir húsnæði eða leigi það. Ég vona að þetta verði komið til framkvæmda árið 2013 að loknum undirbúningi á næsta ári."

Það er mat Sigurðar að skilin ættu að verða betri þegar bótunum hefur verið jafnað saman. „Fólk reynir auðvitað alltaf að borga leiguna. Það skiptir alla máli að hafa þak yfir höfuðið. Leigutakarnir hjá okkur eru með lágar tekjur og auðvitað höfðu þeir lítið á milli handanna árið 2007 þegar skilin voru betri. En minnkandi stuðningur vegur töluvert og kemur fram í vanskilum. Þegar fólk er svo orðið tvo til þrjá mánuði eftir á með leiguna er mjög erfitt að ná til baka."

Sigurður segir þrautalendinguna vera að bera fólk út. „Allt er samt reynt í samvinnu við velferðarsvið borgarinnar til að ekki komi til þess. Oft er valið á milli matar og húsaleigu hjá leigjendum. Ef það sýnir sig hins vegar að fólk eigi að geta borgað leiguna getur það lent í því að fá ekki þann stuðning sem það biður um."

Í ár hafa sjö verið bornir út með aðstoð sýslumanns vegna vangoldinnar leigu, að sögn Sigurðar. Hann segir það jafnframt koma fyrir að fólk fari sjálft þegar það er komið í mikil vanskil. „Við fáum bara lyklana," segir hann.

Útburðum vegna húsreglnabrota hefur farið fækkandi og voru þeir fimm á þessu ári. Enginn þeirra var fyrir tilstuðlan sýslumanns.

Félagsbústaðir eiga nú og reka um 2.150 íbúðir. Á biðlista eftir íbúð eru 714. **ibs@frettabladid.is**



**Í VANSKILUM** Oft er valið á milli matar og húsaleigu hjá leigutökum, að sögn Sigurðar Kr. Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Félagsbústaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**Ekki hlaupa í spik hlauptu í Heilsuborg!**

**Ný námskeið hefjast 9. janúar**

Skráning hafin í síma 560 1010 eða á mottaka @heilsuborg.is



HEILSUBORG

*Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is*


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**NORÐANÁTTIR** verða ríkjandi á landinu fram á fimmtudagskvöld en þá gengur í stífa suðaustanátt með úrkomu um allt land á föstudag og hlánar sunnan og vestanlands. Fram að því verður yfirleitt fínt veður.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| Mallorca | 18° |
| New York | -1° |
| Orlando | 8° |
| Ósló | 2° |
| París | 12° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# 2 lyfjaform samtímis

## geta skilað árangri fyrr

Margir sem vilja hætta að reykja nýta sér stuðning nikótínlyfja. Reynslan sýnir þó að sumir geta þurft meiri hjálp en aðrir. Samsett meðferð Nicorette felst í að nota saman Nicorette forðaplástur og annaðhvort 2 mg Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí eða innsogslyf.




**Kostir lyfjaformanna sameinaðir**
Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótíngjöf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar", stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi.

**nicorette®** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette nicotin ™

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að Ólafur Ragnar Grímsson bjóði sig fram til forseta í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,8% |
| NEI | 42,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á þær breytingar sem gerðar voru á ríkisstjórn um áramótin?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Yfir þúsund fyrirspurnir bárust frá íbúum Reykjavíkur vegna mikils snjós á gangstígum:

# Stefnt er að mokstri á stéttum í vikulokin

**REYKJAVÍK** Yfir þúsund fyrirspurnir bárust frá íbúum Reykjavíkurborgar fyrir áramótin í gegnum ábendingagáttina á Reykjavík.is vegna mikils snjós á gangstígum víðs vegar um borgina. Til stendur að hefja mokstur á fimmtudag eða föstudag, að sögn Bjarna Brynjólfssonar, upplýsingastjóra Reykjavíkur.

„Þeir eru að glíma við þetta," segir Bjarni. „Frostið hefur tafið mikið fyrir."

Bjarni útskýrir að gangstígum, stéttum og göngum sé skipt í þrjá þjónustuflokka; mikilvægustu göng og hjólastígar eru í flokki eitt, stéttir við stærri götur eru í flokki tvö og húsagötur í flokki þrjú. Nú er verið að hreinsa flokka eitt og tvö.

„Húsagöturnar eru vandamál þar sem þær eru stærsta fermetratalið. Búist við því að vinna hefjist við þær á fimmtudag eða föstudag," segir hann.

Tíu vélar vinna að mokstri. Bjarni segir að ef ljúka ætti verkinu á einum eða tveimur sólarhringum þyrfti um 60 vélar til vinnunnar.

„Gangstígakerfið er í kringum 950 kílómetrar allt í allt," segir hann. „Og það er bara það sem er á okkar færi, svo það er ekkert skrýtið að þetta taki tíma."

Veðurstofa Íslands spáir áframhaldandi frosti fram á föstudag. Þá er búist við töluverðri rigningu með hlýnandi veðri. **- sv**



**SNJÓMOKSTUR** Allt gangstígakerfi Reykjavíkurborgar er um 950 kílómetrar að lengd. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjóðnýting olíu í Venesúela:

## Milljarða bætur til Exxon Mobil

**VENESÚELA, AP** Gerðardómur Alþjóðaviðskiptaráðsins (ICC) hefur ákvarðað olíurisanum Exxon Mobil skaðabætur að jafngildi um 110 milljarða króna vegna þjóðnýtingar á verkefnum Exxon í Venesúela árið 2007.



**HUGO CHAVEZ**

Ákvörðun ICC er bindandi fyrir ríkisolíufélagið Petrelos de Venezuela sem fékk eigur Exxon í þjóðnýtingarátaki ríkisstjórnar Hugo Chavez forseta.

Talið er að Chavez megi vel við una þar sem krafa Exxon hafi verið tíu sinnum hærri. Enn eru þó á annan tug svipaðra mála óuppgerðir og hundruð milljarða eru þar til umræðu. **- þj**



**FLUGSKEYTI SKOTIÐ UPP** Íranar segja flugskeytið vera langdrægt, sem þýðir að það getur hitt skotmörk í að minnsta kosti 3.500 kílómetra fjarlægð. NORDICPHOTOS/AFP

# Íransher sýnir mátt sinn

**Spennan milli Írans og Bandaríkjanna hefur vaxið, bæði vegna heræfinga Írans við Hormússund og nýrra refsiaðgerða sem Bandaríkin beita. Í gær skutu Íranar langdrægu flugskeyti á lokadegi tíu daga heræfinga.**

**ÍRAN, AP** Íranar skutu í gær upp langdrægu flugskeyti í tilraunaskyni í tengslum við heræfingar sínar á hafi úti, skammt frá Hormússundi.

Íranska fréttastofan IRNA skýrði frá þessu í gær og sagði tilraunina hafa heppnast vel.

Þetta er ný tegund af flugskeytinu, sem nefnist Ghader, og er sögð langdræg en fyrri gerð þessa flugskeytis dró aðeins 200 kílómetra. Með tilrauninni í gær sýna Íranar því fram á að þeir geti vel skotið flugskeytum á herstöð Bandaríkjanna við Persaflóa og skip bandaríska flotans þar í kring.

Vaxandi spenna hefur verið milli Írans og Bandaríkjanna undanfarið. Íransstjórn hefur brugðist illa við nýjum refsiaðgerðum Bandaríkjanna, sem tóku gildi um áramótin. Mahmoud Ahmadinejad forseti segir nauðsynlegt að bregðast við þessum „þrýstingi frá óvinum" landsins. Hann sagði í gær að óvinir landsins viti að Íran verði ósigranlegt ef það fær að þróast lengra.

Yfirlýsingar Írana um að í tíu daga heræfingum verði gerðar tilraunir með flugskeyti hafa verið túlkaðar þannig að í þeim felist hótun um að loka Hormússundi, sem er á milli Persaflóa og Ómansflóa. Miklir olíuflutningar fara um Hormússund á hverjum degi. Um það bil sjötti hluti allrar olíuframleiðslu heimsins er fluttur frá Persaflóa þessa siglingaleið áleiðis til kaupenda á Vesturlöndum og víðar.



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Forseti Írans segir nauðsynlegt að bregðast við þrýstingi frá óvinum landsins. NORDICPHOTOS/AFP

Í gær sögðust Íranar hafa gert æfingar með að loka sundinu, án þess þó að hafa nein áform um að gera veruleika úr því.

„Engin skipun var gefin um að loka Hormússundi, en við erum reiðubúin fyrir ýmis konar sviðsetningu," segir Habibolla Sayyari, aðmíráll í íranska sjóhernum.

Íranar hafa undanfarin ár verið að byggja upp kjarnorkuvinnslu í landinu, að eigin sögn eingöngu til friðsamlegra nota en Bandaríkjamenn gruna þá sterklega um að vera að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Ísraelsk stjórnvöld eru sömuleiðis afar óhress með kjarnorkuáform Írans og hafa ekki útilokað einhliða árás á Íran til að eyðileggja þar mannvirki og tækjabúnað til kjarnorkuvinnslu. **gudsteinn@frettabladid.is**

Bandaríkjamenn hamstra:

## Metsala á vopnum fyrir jólin

**BANDARÍKIN Tæplega hálf milljón Bandaríkjamanna keypti vopn síðustu sex dagana fyrir jól. Alls keyptu 1,5 milljónir vopn í desember og er það mesta vopnasalan hingað til í einum mánuði, samkvæmt tölum FBI, bandarísku alríkislögreglunnar.**

**Skýring á þessum auknu viðskiptum kann að vera sú að Bandaríkjamenn óttist afbrot í kreppunni. Önnur skýring er sú að Bandaríkjamenn telji að vopnalögin verði strangari í framtíðinni.** **- ibs**


## Þetta eru þær!

Tímamóta daglinsur úr **silikon** efni

Fyrstu linsur sinnar tegundar sem eru með silikon kjarna og allt að 80% raka í ytra lagi sem gera þær einstaklega mjúkar og þægilegar í notkun.




Hefur þér gengið illa að nota linsur?

Sjóntækjafræðingur okkar hefur áralanga reynslu í að vinna með augnlæknum við að máta linsur á einstaklinga sem hingað til hafa átt erfitt með linsunotkun.

sjáðu skýrt og sparaðu!

E YES LAND

Eyesland
Gleraugnaverslun
Glæsibæ, 5. hæð
Sími 577 1015
www.eyesland.is


Kjósa verður forystu á reglulegum landsfundi:

# Enn óákveðið með aukalandsfund

**STJÓRNMÁL** Tillögu um aukalandsfund Samfylkingarinnar á vordögum, sem fram kom á flokksstjórnarfundi fyrir helgi, var vísað til umræðu á næsta flokksstjórnarfundi, sem gert er ráð fyrir að verði í janúar.

Ekki er því rétt sem fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarna daga, meðal annars í Fréttablaðinu í gær, að tillagan hafi verið samþykkt.

Kristrún Heimisdóttir, fyrrverandi aðstoðarkona Árna Páls Árnasonar efnahags- og viðskiptaráðherra, fullyrti að fundinum loknum að tillagan hefði verið samþykkt og að á aukalandsfundinum stæði til að kjósa nýja forystu.

Lög flokksins kveða hins vegar á um að ekki sé hægt að kjósa forystu flokksins nema á reglulegum landsfundi á tveggja ára fresti. Síðasti reglulegi landsfundurinn var haldinn í haust og voru Jóhanna Sigurðardóttir og Dagur B. Eggertsson þá endurkjörin í embætti formanns og varaformanns. **- sh**



**FUNDAÐ AFTUR Í JANÚAR** Stefnt er að því að flokksstjórn Samfylkingarinnar komi aftur saman í janúar og taki afstöðu til tillögunnar um aukalandsfund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Í KLÍPU** Spánn er í miklum efnahagsörðugleikum og nýr fjármálaráðherra, Luis de Guindos, þarf að taka ástandið föstum tökum. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisfjármál á Spáni:

## Hækka skatta þvert á loforð

**MADRÍD, AP** Rekstrarhalli ríkissjóðs á Spáni á síðasta ári gæti verið enn meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða allt að átta prósent af landsframleiðslu.

Luis de Guindos, nýr fjármálaráðherra, sagði að ástand mála hafi komið nýju stjórninni í opna skjöldu og þess vegna hafi reynst þörf á að hækka skatta, þvert á kosningaloforð. Stjórnvöld stefna að því að hallinn á þessu ári verði 4,4 prósent og er búist við enn harðari aðhaldsaðgerðum í ríkisrekstri á fjárlögunum sem verða kynnt í mars. **- þj**

Rúm Gott

# JANÚARÚTSALA

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.**



*25% afsláttur af öllum stillanlegum rafmagnsrúmum*

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

Tvíbreið fjölstillanleg rafmagnsrúm: **Verð frá kr. 309.897.-**

Tvíbreið heilsurúm: **Verð frá kr. 139.000.-**

**30-50% afsláttur af öllum heilsurúmum**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG

# FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu margir erlendir ferðamenn voru á Íslandi yfir áramótin?*
2. *Hvað heitir íslenska kýrin sem mjólkaði mest á síðasta ári?*
3. *Hvaða íslenski knattspyrnumaður leikur fyrir enska úrvalsdeildarliðið Wolves?*

**SVÖR:**
*1. Ríflega 4.000. 2. Týra. 3. Eggert Gunnþór Jónsson.*

Markaðshlutdeild snjallsíma og þá sérstaklega Android-snjallsíma vex mikið:

# Jafnmargir símar seldir og árið 2007

**VIÐSKIPTI** Síminn seldi jafnmarga síma fyrir jólin og það gerði árið 2007. Þá var meðalverð seldra síma hjá fyrirtækinu tvöfalt hærra en fyrir fjórum árum. Endurspeglar sú staðreynd aukna markaðshlutdeild snjallsíma en 67 prósent seldra síma fyrir jólin voru snjallsímar.

„Við fáum ekki betur séð en að fólk hafi verið tilbúið að eyða meiri fjármunum í símana nú en þá,“ segir Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, og bætir því við að hlutfall snjallsíma af seldum símum hafi tvöfaldast milli ára. Þá bendir Margrét á að næstsöluhæsti síminn hjá fyrirtækinu hafi verið Samsung Galaxy S II sem kosti tæplega 100 þúsund krónur.

Galaxy-síminn er keyrður á Android snjallsíma-stýrikerfinu sem Google stendur á bakvið. Sérstaka athygli vekur að símar sem notast við Android-stýrikerfið voru 56 prósent seldra síma fyrir jólin samanborið við 15 prósent fyrir ári.

Í fréttatilkynningu frá Símanum segir að lokum að þegar þessi mikli vöxtur í sölu á snjallsímum sé skoðaður í samhengi við netnotkun megi ætla að flutningur á gagnamagni aukist mikið á næstu misserum. **- mþl**




**SÍMINN** Ætla má að mikil aukning í sölu snjallsíma valdi því að flutningur á gagnamagni aukist mikið á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fyrst íslenskra kvenna læknir:

# Kenna verðlaun við frumkvöðul

**FÓLK Ný verðlaun fyrir læknanema í háskólanum í Manitoba eru kennd við íslenska konu, sem varð fyrsta konan af íslenskum uppruna í Kanada til að verða læknir.**

**Dr. Sigga Christianson Houston varð læknir frá háskólanum í Manitoba árið 1925. Hún lést árið 1996, þá 102 ára gömul. Fjölskylda hennar vildi heiðra minningu hennar og framlag og stofnaði því ferðaverðlaun og lagði fram 100 þúsund dollara, sem munu gera læknanemum kleift að fá læknareynslu á norðlægum slóðum. - þeb**



**LANDSPÍTALINN** Heila- og taugaskurðdeildinni áskotnaðist í vikunni nýtt tæki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt tæki tekið í notkun:

# Nýtist til heilaskurðaðgerða

**HEILBRIGÐISMÁL** Tekið hefur verið í notkun nýtt tölvustýrt staðsetningartæki á heila- og taugaskurðdeild Landspítala.

„Tækið gerir að verkum að skurðaðgerðir á höfði verða bæði nákvæmari og öruggari. Það nýtist best við aðgerðir á æxlum í heila,“ segir á vef Landspítalans.

Þá nýtist tækið við ýmsar aðgerðir háls-, nef- og eyrnalækna og bæklunarskurðlækna. Tækið, sem er um 25 milljóna króna virði, er gjöf frá Arion banka og sjóði sem verið hefur í vörslu hans og stofnaður var á sínum tíma til að styðja tækjakaup. **- óká**

Meta áhrif snjóflóðavarna:

# Engin teljandi umhverfisáhrif

**UMHVERFISMÁL Áformaðir snjóflóðavarnargarðar neðan við Gleiðarhjalla við Ísafjarðarbæ hafa ekki teljandi umhverfisáhrif eftir að framkvæmdum lýkur, samkvæmt skýrslu um mat á umhverfisáhrifum sem gerð hefur verið opinber.**

**Engar fornleifar eða náttúruminjar verða fyrir spjöllum vegna garðanna og áhrif á dýralíf verða lítil. Áformað er að framkvæmdir við gerð garðanna hefjist í ágúst 2012, og að þeir verði tilbúnir árið 2016. Þeim er bæði ætlað að taka á móti snjóflóðum og aurskriðum úr Gleiðarhjalla. - bj**

# Skoða breytingar á Hafró

**Hluti verkefna Hafrannsóknastofnunar gæti færst til auðlindaráðherra þegar breytingar verða gerðar á stjórnarráðinu á vormánuðum. Ekki er áformað að breyta fyrirkomulagi við úthlutun fiskveiðikvóta.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða ráðuneyti mun úthluta kvóta eftir væntanlegar breytingar á stjórnarráðinu og hvernig ríma breytingarnar við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar?

Í breytingum sem boðaðar hafa verið á stjórnarráðinu er gert ráð fyrir að til verði bæði atvinnuvegaráðuneyti og auðlindaráðuneyti. Þau mál sem heyra undir ráðuneytin tvö gætu skarast þegar kemur að úthlutun fiskveiðikvóta.

Úthlutun kvóta er nú á hendi sjávarútvegsráðuneytis, sem mun verða hluti af atvinnuvegaráðuneytinu samkvæmt áformum stjórnarmeirihlutans. Fiskurinn í sjónum er óneitanlega ein helsta auðlind þjóðarinnar, og því hlýtur að koma til skoðunar að hversu miklu leyti auðlindaráðuneytið mun koma að nýtingu á fiskistofnunum í kringum landið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur ekki til að breyta í grundvallaratriðum úthlutun kvóta. Það verkefni mun verða á hendi atvinnuvegaráðherrans.

Hafrannsóknastofnun Íslands (Hafró) rannsakar ástand fiskistofna og veitir ráðherranum ráðgjöf um heppilegan hámarksafla.

Eftir að umhverfisráðuneytið eflist og tekur við auðlindamálunum má þó segja að hluti þeirra verkefna sem Hafró vinnur að ættu með réttu að heyra undir það ráðuneyti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins innan stjórnarmeirihlutans er verið að skoða hvort og þá hvernig breytingar þurfi að gera á starfsemi Hafró þegar breytingin á ráðuneytunum gengur í gegn. Til dæmis gæti verið talið eðlilegt að rannsóknir á fiskistofnum væru unnar af undirstofnun auðlindaráðuneytisins, þó ráðleggingar um kvótaúthlutun heyri undir atvinnuvegaráðuneytið.

Meðal þess sem kemur til greina er að Hafró vinni einfaldlega að verkefnum sem nýtist báðum ráðuneytum. Einnig kemur til greina að skipta stofnuninni upp, þó slíkt gæti verið erfitt í framkvæmd, enda rannsóknir á auðlindum augljóslega grundvöllur ráðleggingar um kvótaúthlutun.

Á næstunni er áformað að skipuð verði ráðherranefnd sem ætlað er að undirbúa breytingar á ráðuneytunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er henni ætlað að vinna hratt að útfærslum á fyrirhuguðum breytingum, og skila tillögunum á formi þingsályktunartillögu. Alþingi mun því eiga lokaákvörðun um þessa breytingu á stjórnarráðinu, og allt sem henni mun fylgja. **brjann@frettabladid.is**




**VERKEFNI** Rannsóknir sem unnar eru um borð í Árna Friðrikssyni, rannsóknarskipi Hafrannsóknastofnunar, gætu fallið betur að verkefnum nýs auðlindaráðuneytis en atvinnuvegaráðuneytis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Ráðuneytin færri en kveðið er á um í samstarfsyfirlýsingu

Þær breytingar sem byrjað var á um áramót og til stendur að klára fljótlega eiga sér talsverðan aðdraganda. Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingarinnar og Vinstri grænna er talað um að fækka ráðuneytunum úr tólf í níu, og að færa til einhver verkefni til að ná samlegðaráhrifum. Nú virðist stefnt að því að fækka ráðuneytunum niður í átta.

Eftir þær breytingar sem gerðar voru um áramót gegnir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, starfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samhliða starfi efnahags- og viðskiptaráðherra. Þau ráðuneyti verða kjarninn í atvinnuvegaráðuneytinu þegar það verður stofnað formlega í vor, en hluti verkefna iðnaðarráðuneytisins mun einnig færast í það ráðuneyti. Hluti verkefna efnahags- og viðskiptaráðuneytisins mun þó deilast á forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið.

Auðlindaráðuneytið verður á sama tíma til úr umhverfisráðuneytinu, og þangað fer einnig hluti þeirra verkefna sem heyra undir iðnaðarráðuneytið í dag.

Þessi breyting er ekki í samræmi við það sem kynnt var í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við upphaf kjörtímabilsins.

Þar var ekki gert ráð fyrir því að verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins færðust til atvinnuvegaráðuneytisins, heldur átti efnahags- og viðskiptaráðuneytið að starfa áfram. Atvinnuvegaráðuneytið átti að ná yfir allar atvinnugreinar aðrar en opinbera geirann og fjármálafyrirtæki.

Aðrar breytingar á ráðuneytunum sem kynntar voru í stjórnarsáttmálanum hafa þegar gengið í gegn. Boðað var að dóm- og mannréttindaráðuneytið myndi sameinast samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu í nýju innanríkisráðuneyti „fyrir lok kjörtímabilsins“. Sú breyting náði því í gegn talsvert á undan áætlun.




Óbilgirni strangtrúargyðinga vekur hörð viðbrögð hófsamari íbúa Ísraels:

# Trúardeilur harðna í Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Myndir af strangtrúargyðingum í röndóttum fangafötum, eins og fangar í útrýmingarbúðum nasista voru látnir klæðast, hafa vakið hörð viðbrögð í Ísrael.

Þúsundir strangtrúaðra gyðinga komu saman á laugardag í Jerúsalem til að mótmæla því sem þeir segja herferð landsbúa gegn lífsmáta þeirra. Mótmælendurnir báru gular gyðingastjörnur og kölluðu ísraelska lögreglumenn óhikað nasista. Ungir drengir voru látnir klæðast röndóttu fangabúningunum og börn voru látin lyfta upp báðum höndum eins og drengur á frægri ljósmynd, sem tekin var í gyðingahverfinu í Varsjá.

Ehud Barak varnarmálaráðherra sagði mótmælendahópinn hafa farið yfir strikið og kallaði framferði þeirra hneykslanlegt.

„Við verðum að halda helförinni og táknmyndum hennar utan við pólitískar deilur í Ísrael,“ sagði Moshe Zanbar, sem er formaður ísraelskra samtaka gyðinga sem lifðu af útrýmingarherferð nasista.

Fjölmargir aðrir áhrifamenn bæði úr stjórnmálum og trúarsamfélagi Ísraels hafa fordæmt mótmælendurna.

Strangtrúarmótmælendur hafa undanfarið orðið æ harðskeyttari, krefjast þess að farið sé eftir ströngustu reglum trúarinnar og gerðu meðal annars hróp að átta ára skólastúlku í síðustu viku fyrir að vera of frjálslega klædd að þeirra mati. **- gb**



**GYÐINGADRENGIR Í FANGABÚNINGUM** Mótmæli strangtrúargyðinga hafa gengið fram af fjölmörgum íbúum Ísraels. NORDICPHOTOS/AFP

# Áramóta Útsala

**Allt að 50% afsláttur**

Allt að **50%** afsláttur af baðinnréttingum, speglum ofl.



afsláttarverð **69.900** stgr.

**KY-001** Stærð 130x50 sm ~~139.800~~



**Ath! Takmarkað magn**

## SPEGLAR með ljósum

50% afsláttur

| Stærð sm: | | áður | |
|---|---|---|---|
| 60 x 80 | með hillu | 45.800.- | 22.900.- |
| 80 x 80 | með hillu | 51.800.- | 25.900.- |
| 60 x 80 | án hillu | 43.800.- | 21.900.- |
| 80 x 80 | án hillu | 49.800.- | 24.900.- |
| 90 x 80 | án hillu | 51.800.- | 25.900.- |
| 100 x 80 | án hillu | 53.800.- | 26.900.- |
| 120 x 80 | án hillu | 57.800.- | 29.900.- |



afsláttarverð **59.900** stgr.

**S-9016 eik** Stærð 100x46 sm ~~119.800~~



afsláttarverð **49.900** stgr.

~~99.800~~

**S-9010 eik** Stærð 62x48 sm

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**GRÁR AF HVEITI** Einn þátttakenda í hinum árlega Enfarinats-bardaga, sem íbúar bæjarins Ibi á Spáni efna til árlega rétt fyrir áramót, þar sem hveiti, eggjum og hvellsprengjum er þeytt í náungann. NORDICPHOTOS/AFP

HB Grandi notar vinnsluhlé yfir hátíðarnar til að mennta starfsfólk sitt:

# Hlé á vinnslu nýtt til fræðslu

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi nýtir vinnsluhlé yfir hátíðirnar til námskeiðahalds fyrir starfsfólk í landvinnslu fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur haft þennan háttinn á síðustu ár og að þessu sinni tóku 25 nýir starfsmenn í fiskiðjuverinu á Norðurgarði í Reykjavík þátt í „starfsfræðslunámskeiði fiskvinnslunnar“ en slík námskeið hafa verið haldin allt frá árinu 1986.

Að sögn Bergs Einarssonar, gæðastjóra HB Granda, fór námskeiðið fram á íslensku og ensku en auk starfsfræðslunámskeiðanna hafi allir starfsmenn í frystihúsunum, 170 að tölu, farið á skyndihjálparnámskeið í ár. Þeir hafi sömuleiðis allir farið á námskeið á vegum Matvælaskóla Sýnis um meðhöndlun, hreinlæti og umgengni matvæla á árinu.

„Þá má nefna að flestir stjórnendur og lykilstarfsmenn HB Granda fóru á stjórnendanámskeið hjá Dale Carnegie í ár og alls tóku 52 starfsmenn þátt í því námskeiði. Mat okkar er að þetta muni skila okkur betri stjórnendum, öflugari einstaklingum og gera okkur hæfari til að vinna saman í framtíðinni,“ segir Bergur Einarsson í frétt á heimasíðu fyrirtækisins. - shá



**Á NÁMSKEIÐI** Þeir sem sækja námskeiðin fá kennslu á íslensku eða ensku. Myndin er tekin á námskeiði árið 2009. MYND/HB GRANDI

Rúandamaður í Svíþjóð:

## Ákærður fyrir stríðsglæpi

**SVÍÞJÓÐ** Dómstóll í Svíþjóð hefur ákært mann sem talinn er hafa tekið þátt í þjóðarmorðunum í Rúanda árið 1994. Maðurinn er búsettur í Svíþjóð.

Maðurinn var handtekinn á Bromma-flugvellinum fyrir utan Stokkhólm. Lögreglan hefur rannsakað mál hans síðan í apríl.

Svíar hafa komið sér upp sérstakri stríðsglæpadeild innan lögreglunnar. Einn Bosníumaður hefur verið dæmdur fyrir stríðsglæpi þar og Kosovo-Serbi bíður dóms. - þeb






**VIÐ VEIÐAR** Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneytinu var útflutningsverðmæti makríls á síðustu vertíð metið á 25 milljarða króna.

# Netabátar veiða fisk úttroðinn af makríl

**Sjómenn á netabátum við Suðurland greina frá þorski og ufsa troðnum af smáum makríl. Hafró hyggst rannsaka vetursetu makríls, bæði magn og hvort fiskurinn er klakinn hér við land. Vetursetan styrkir rök Íslands í makríldeilu.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Stór netafiskur, bæði þorskur og ufsi, sem veiðst hefur á Selvogsbanka og víðar undanfarna tvo mánuði er troðinn af smáum makríl og síld. Makríllinn er mun meira áberandi í fiskinum en fyrri ár. Hafrannsóknastofnun hyggst skoða sérstaklega vetursetu makrílsins við landið og hefur gert áætlanir um slíkar rannsóknir.

Hannes Sigurðsson, framkvæmdastjóri útgerðarfyrirtækisins Hafnarnes VER í Þorlákshöfn, segir að sjómenn í Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og víðar hafi allir sömu sögu að segja. Fiskurinn er úttroðinn og makríll áberandi. „Þetta er í mínum huga óræk sönnun þess að makríllinn er hérna allt árið um kring og er að alast hér upp,“ segir Hannes.

Fregnir um makríl í þorsk- og ufsamögum hafa borist af og til á síðustu árum en Hannes segist ekki fyrr hafa séð svona mikið af honum í netafiski.

Hannes er þeirrar skoðunar að tal um að makríllinn komi snemmsumars og fari að hausti standist ekki. Þetta séu upplýsingar sem hafa beri í huga þegar sest er niður við samningaborð með öðrum strandríkjum sem nýta þennan mikilvæga stofn.

Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur á nytjasviði Hafrannsóknastofnunar, segir að undanfarin tvö ár hafi borið nokkuð á ungum makríl, eða um eins árs gömlum. „Þetta virðist vera að aukast. Það virðast vera að myndast við landið uppeldisstöðvar fyrir makrílinn, alla vega fyrir einhverja árganga. Við vitum ekki hvaðan hann er kominn þessi fiskur; hvort hann hafi klakist út við Ísland eða annars staðar. Við erum að reyna að komast að því. Sú vinna er hins vegar skammt á veg komin. En já, það er greinilegt að makríll er að alast upp við landið undanfarin tvö ár, alla vega.“



**ÚR EINUM ÞORSKMAGA** Makríllinn er um 20 sentimetrar, sem svarar til þess að hann sé um ársgamall. Algeng stærð fullorðins makríls er 33 til 43 sentimetrar. MYND/HANNES SIGURÐSSON

> Það virðast vera að myndast við landið uppeldisstöðvar fyrir makrílinn, alla vega fyrir einhverja árganga.
>
> SVEINN SVEINBJÖRNSSON SÉRFRÆÐINGUR HJÁ HAFRÓ

Sveinn segir enga leið að meta hversu mikið magn makríls er hér yfir veturinn og bætir við að Hafrannsóknastofnun hafi gert rannsóknaráætlanir til að upplýsa um vetursetu makríls við Ísland.

Nýjar upplýsingar frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu eru að útflutningsverðmæti makríls á vertíðinni í sumar losi 25 milljarða króna. Íslendingar veiða um 17 prósent kvótans sem gefinn er út af Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES). Í síðustu fundarlotu strandríkjanna, Íslands, Noregs, Færeyja og ESB landa sem nýta makríl, voru Íslendingum boðin 6,5 prósent makrílkvótans, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það er með öllu óásættanlegt að mati íslenskra stjórnvalda. svavar@frettabladid.is

LÆGSTA
VERÐIÐ

# 5045 kr.

... FLETTU ÁFRAM OG BORGAÐU ENN MINNA



**STRANDVÖRÐUR Í BAÐI** Þessi strandvörður hvíldi sig í heitu baði á strönd í Helmfurth í Þýskalandi eftir að hafa synt í köldu vatninu. Um 60 sundmenn tóku þátt í vetrarbaðinu, sem er árlegur viðburður fyrsta dag ársins. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði lætur undan þrýstingi frá minnihlutanum:

# Biðst undan auknum verkefnum

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er ekki þess virði að berjast fyrir fyrirkomulagi sem kostar forseta fjárhagslegar fórnir og hugnast ekki nema helmingi bæjarstjórnar,“ segir Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar, í bókun á síðasta fundi bæjarstjórnar þar sem hún baðst undan auknum starfsskyldum.

Sjálfstæðismenn í bæjarstjórninni sögðust ekki vita í hverju þau auknu verkefni væru fólgin sem urðu til þess fyrir um ári að laun forseta bæjarstjórnar voru tvöfölduð.



**SIGURBORG KR. HANNESDÓTTIR**

„Eins og berlega hefur komið í ljós þá fór þessi launahækkun verulega fyrir brjóstið á okkur, sérstaklega í ljósi þess að við höfum staðið vel við bakið á ykkur í þeim niðurskurði sem bæjarfélagið óhjákvæmilega hefur þurft að ganga í gegnum,“ bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks.

Sigurborg, sem er fulltrúi meirihluta L-lista Samstöðu, sagði að með viðbótarverkefnum hafi vinna forseta farið upp í 40 til 50 prósenta starf á vetrarmánuðum. Laun bæjarstjórans hafi verið lækkuð sem nam viðbótargreiðslu til hennar.

„D-listi hefur ítrekað lýst óánægju sinni með þetta fyrirkomulag og bendir flest til þess að hann muni halda því áfram út kjörtímabilið,“ bókaði forsetinn sem baðst undan hinum auknu verkefnum. Hún kvaðst gera ráð fyrir að bæjarráð taki upp starfslýsingu og kjör bæjarstjóra. **- gar**

Fitusýrur og vítamín:

# Fyrirbyggja heilarýrnun

**HEILSA Þeir sem neyta fæðu sem sem er rík af vítamínum eða omega-3 fitusýrum eru ólíklegri til að verða fyrir heilarýrnun af því tagi sem tengd er við Alzheimer-sjúkdóminn en þeir sem neyta minna af slíkum næringarefnum. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem framkvæmd var af Heilsu- og vísindaháskólanum í Portland í Bandaríkjunum.**

**Omega 3 fitusýrur og C-vítamín má aðallega finna í fiski. Ávextir og grænmeti eru rík af B-, C- og E-vítamínum.**



**GRÍMSVATNAGOS** Í úrskurði Neytendstofu segir að eldfjöll og eldstöðvar séu einkennandi fyrir landið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úrskurðað í „volcano“ deilu:

# Eldfjöll lýsandi fyrir landið

**VIÐSKIPTI** Notkun V.D. Hönnunarhúss á heitunum *Volcano Design* og *Volcano Icelandic Design* brýtur ekki lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, segir Neytendastofa.

Volcano Iceland ehf. leitaði til Neytendastofu og taldi að notkun heitanna gæti valdið ruglingi.

„Orðið volcano þýðir eldfjall eða eldstöð og ljóst að það heiti er mjög einkennandi fyrir Ísland,“ segir í umfjöllun Neytendastofu og talið útilokað að heitið fengist skráð sem orðmerki enda hafi bæði fyrirtækin fengið heitið skráð sem myndmerki hjá Einkaleyfastofu. „Heitið getur því ekki notið einkaréttar.“ **- óká**

# Ráð gert fyrir fundi um kjötkvóta í mánuðinum

**Viðræður við ESB um aukningu á tollkvótum lambakjöts sem boðaðar voru í haust hafa tafist. Stefnt er að því að tvöfalda kvótann, úr 1.850 tonnum í 4.000 tonn. Heimila gæti þurft aukinn innflutning á móti.**

**UTANRÍKISMÁL** Viðræður við Evrópusambandið (ESB) um aukningu á tollfrjálsum útflutningskvóta Íslands á lambakjöti frestast fram á nýja árið. Snemmsumars var frá því greint að þreifingar væru hafnar um aukningu kvótans og svo bárust af því fregnir í september að könnunarviðræður ættu að hefjast í þeim mánuði.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er enn beðið umboðs til viðræðna frá framkvæmdastjórn ESB. Búist hafi verið við því fyrir áramót, en nú sé talið að það verði í janúar.

Skortur á lambakjöti í heiminum olli á árinu verðhækkunum og vöruskorti sem gerði að verkum að útflutningur héðan varð hagkvæmari en verið hafði. Gildandi samningur um sölu landbúnaðarafurða milli ESB og Íslands frá árinu 2007 kveður á um að héðan megi flytja tollfrjálst til landa sambandsins 1.850 tonn af lambakjöti, 380 tonn af skyri og 350 tonn af smjöri.

Á móti mega ríki ESB selja hingað án tolla um 100 tonn af nautakjöti og 200 tonn af svína- og alifuglakjöti, auk osta og unninna kjötvara.



**Í SLÁTURHÚSINU** Viðræður við Evrópusambandið um að auka tollfrjálsan kvóta á lambakjöti sem íslenskir bændur flytja út úr 1.850 tonnum í 4.000 tonn komust ekki af stað á árinu sem er að líða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lagt var upp í viðræðurnar við framkvæmdastjórn sambandsins á þessu ári með það fyrir augum að rúmlega tvöfalda útflutning lambakjöts héðan, færa tollkvótann í 4.000 tonn. Í viðræðum á nýju ári kemur svo væntanlega í ljós hversu mikið þyrfti á móti að heimila aukningu á innflutningi á landbúnaðarvörum frá ríkjum ESB.

**300** tonn af kjöti má flytja tollfrjálst inn frá löndum ESB.

Í sumar sagði Sindri Sigurgeirsson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, að bændur treystu sér til að auka framleiðslu sína um 10 til 20 prósent á næstu fimm árum. Slík framleiðsluaukning hafi verið til umræðu hjá bændum vegna horfa á auknum útflutningi. Kæmi til aukningar yrði hins vegar lögð áhersla á að auka sjálfbærni í framleiðslunni, ekki ætti að ganga á landið.

Í sama streng tók Ágúst Andrésson, forstöðumaður hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, sem taldi framfarir í beitarstýringu og á öðrum sviðum þýða að bændur gætu aukið framleiðslu sína umtalsvert. Aukningin yrði þó aldrei nema dropi í hafið í samanburði við heildarinnflutning ESB, sem flytti inn um 300 þúsund tonn af kjöti á ári hverju.

**olikr@frettabladid.is**


# Jólahappdrætti Sjálfsbjargar

**Dregið var 24. desember 2011**

**Vinningar og vinningsnúmer.**

**1. Kia Picanto EX 1,2 að verðmæti kr. 2.597.777,-**
13344

**2. - 11. iPhone 4S - 16 GB, hver að verðmæti kr. 169.990,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 113 | 6103 | 7112 | 10157 | 16785 |
| 1117 | 6265 | 7121 | 12998 | 19601 |

**12. - 21. Sony 40" HD sjónvarp, hvert að verðmæti kr. 159.990,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1691 | 9794 | 10728 | 15492 | 22228 |
| 2903 | 10233 | 13107 | 16193 | 23055 |

**22. - 31. Bensínúttektir, hver að verðmæti kr. 100.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 7576 | 13160 | 13212 | 18151 | 19185 |
| 11959 | 13163 | 17586 | 18224 | 23315 |

**32. - 55. Vöruúttektir að eigin vali, hver að verðmæti kr. 60.000,-**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 513 | 6932 | 11039 | 13182 | 16185 | 20041 |
| 3845 | 8164 | 12599 | 13617 | 16407 | 22998 |
| 4628 | 8175 | 12744 | 15325 | 19267 | 23143 |
| 6816 | 10601 | 12867 | 15995 | 19836 | 24185 |

Birt án ábyrgðar




Þau leiðu mistök urðu við útgáfu happdrættismiða í Jólahappdrætti Sjálfsbjargar að sendir voru út nokkrir miðar með hærra númeri en 25.000 en einungis var dregið úr þeim fjölda miða. Þeir sem hafa greitt slíkan miða eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu Sjálfsbjargar í síma 899 0065 til að fá miðann endurgreiddan.

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra að Hátúni 12, Reykjavík, sími 5500360.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 11. janúar nk.
Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu samtakanna, sjalfsbjorg.is og textavarpi RÚV.

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.

**Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.**




**ERFÐABREYTT RÆKTUN** Neytendasamtökin eru ósátt við að vera skráð sem umsagnaraðilar á greinargerð um ræktun erfðabreyttra lífvera.

Greinargerð um ræktun erfðabreyttra lífvera:

# Ekki borin undir Neytendasamtökin

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin eru ósátt við að vera skrifuð fyrir greinargerð um fyrirhugaða ræktun á erfðabreyttum lífverum á Reykjum í Ölfusi. Á plagginu eru gerðar fjölmargar athugasemdir við að heimila skuli ræktunina, líkt og samtökin greina frá á heimasíðu sinni.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segist aldrei hafa samþykkt greinargerðina, þó svo að hún hafi verið til umfjöllunar af hálfu samtakanna.

„Þetta eru vinnubrögð sem ekki á að ástunda. Þegar margir aðilar eru að samræma sín sjónarmið verður að ræða við alla og það var ekki gert,“ segir Jóhannes. „Þetta er plagg sem er okkur algjörlega óviðkomandi.“

Neytendasamtökin fengu sent upphaflegt skjal á sínum tíma og er enn með það til umfjöllunar. Jóhannes segir enga afstöðu hafa verið tekna í málinu og því hafi það komið honum á óvart þegar hann sá að samtökin voru skrifuð fyrir því.

„Við getum tekið undir hluta athugasemdanna, meðal annars varðandi kynningu málsins í heild,“ segir Jóhannes. „Og ég er ekki að halda því fram að þetta sé alvont plagg. En málið var aldrei nægjanlega vel borið undir okkur þar sem við áttum að vera einn aðilinn að þessu.“ **- sv**

LÆGSTA VERÐIÐ

# 3784 kr.

FLETTU – EF ÞÚ VILT BORGA MINNA



VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

# ALLSHERJAR **VERÐLÆKKUN** - Á AFMÆLISÁRI

**Í 50 ár höfum við byggt upp með fólki eins og þér – frá smæstu einingu til stærstu verka. Við fögnum þessum tímamótum og horfum til næstu 50 ára með það sígilda markmið að koma til móts við þarfir og óskir viðskiptavina okkar. Þess vegna vinnum við nú með nýjar áherslur sem haldast í hendur við breytta tíma:**

- **Við lækkum verðið.**
- **Við veitum verðvernd sem tryggir lægsta verðið**
- **Við einföldum kjörin – fastur afsláttur til einstaklinga fellur niður en almenn verðlækkun kemur í staðinn – og rúmlega það!**
  **Markmiðið er að bæta kjör allra viðskiptavina.**

**Í BYKO borgarðu minna. Komdu og upplifðu hvernig lægra verðlag okkar býr í haginn fyrir heimili þitt.**

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

H:N markaðssamskipti / SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stöðu- og inntökupróf í Háskóla Íslands eru skynsamleg leið til að minnka brottfall.

## Betri skóli og minni sóun

Undanfarna mánuði hefur verið rætt um að taka upp inntökupróf í Háskóla Íslands til að fækka fólki sem skráir sig þar í krefjandi akademískt nám án þess að ráða við það eða hafa á því raunverulegan áhuga.

Hagfræðideildin reið á vaðið og lagadeildin hefur einnig greint frá áhuga sínum á því að taka upp inntökupróf. Fréttablaðið hafði í gær eftir Jóni Atla Benediktssyni, aðstoðarrektor vísinda og kennslu við HÍ, að í skoðun væri að taka upp stöðupróf við fleiri deildir til að draga úr brottfalli.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í frétt blaðsins í gær koma fram sláandi tölur um að aðeins um tveir þriðjuhlutar stúdenta í HÍ séu í fullu námi. Nokkurra ára gömul rannsókn sýnir að þeir sem hverfa frá námi á fyrsta ári séu um 35% af þeim sem skrá sig til náms. Ríflega helmingur þessara nema sótti aldrei nokkurn tíma við HÍ. Hinir gáfust upp fyrir próf eða féllu.

„Háskóli Íslands er opinn skóli svo ekkert er því til fyrirstöðu að skrá sig til náms að uppfylltum lágmarkskröfum og sjá svo bara til hvernig það gengur eða án alvöru ásetnings um nám. Þetta er vandi sem nauðsynlegt er að bregðast við," segir Jón Atli í samtali við Fréttablaðið.

Þetta ástand í Háskóla Íslands er í fyrsta lagi skelfileg sóun á fé skattgreiðenda. Það kostar að sjálfsögðu sitt að kenna fólki sem er illa undir háskólanám búið, jafnvel þótt það falli á fyrsta árinu. Það kostar líka peninga að gera ráðstafanir til að hafa húsnæði og aðstöðu til reiðu fyrir fólk sem lætur kannski sjá sig í tímum og kannski ekki. Þetta gríðarlega brottfall gerir allt skipulag kennslu erfitt, eins og Jón Atli bendir á.

Í öðru lagi vinnur þetta ástand klárlega gegn því markmiði Háskóla Íslands að komast í fremstu röð háskóla á heimsvísu. Í samanburði á beztu háskólum heims er meðal annars horft til þess hversu hátt hlutfall umsækjenda þeir taka inn. Þeir koma bezt út sem taka hlutfallslega fáa inn og það segir okkur að sá sem tekur alla inn kemur illa út. Jafnframt er tekið með í reikninginn hversu hátt hlutfall þeirra sem fá skólavist útskrifast. Einnig þar hlýtur HÍ að koma illa út ef ekkert breytist.

Það er þess vegna skiljanlegt og skynsamlegt að Háskóli Íslands taki upp inntöku- eða stöðupróf til að tryggja að einkum þeir sem líklegir eru til að ráða við námið séu teknir inn í skólann. Sömuleiðis þarf að halda áfram að bæta móttöku nýnema, fylgja fólki betur eftir og styðja við þá sem lenda í erfiðleikum. Þannig má bæta gæði kennslunnar og spara peninga.

Sömuleiðis má velta fyrir sér hvort skráningar- eða skólagjöldin í HÍ hafi ekki verið of lág. Ef mörg hundruð manns setja það ekki fyrir sig að borga skráningargjöldin, jafnvel þótt viðkomandi hafi ekki nægan áhuga á náminu til að mæta í tíma, virðist að ósekju mega hækka þau talsvert. Það myndi bæði skapa skólanum meiri tekjur og grisja frá þá sem ekki hafa alvöru ásetning um að ljúka námi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Tónlistarnám fyrir þig
popp blús djass sönglög



Ástvaldur Traustason
skólastjóri Tónheima

Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu á píanó, gítar eða ukulele.

Allir aldurshópar, byrjendur sem lengra komnir.

Frístundakort

tónheimar

**Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888**

Tónheimar - Síðumúla 8 - tonheimar@tonheimar.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Málsmetandi Norðmenn

Páll Magnússon útvarpsstjóri ætlar ekki að biðja nokkurn mann afsökunar á Áramótaskaupinu. Það er gott að heyra, enda væri það fráleitt. Hann hafnar því líka alfarið að með atriði þar sem skírskotað var til fjöldamorðanna í Noregi hafi atburðirnir verið hafðir í flimtingum. Það er sérkennilegri niðurstaða. En Páll stendur líklega á henni fastar en fótunum. Hvers vegna? Jú, gefum honum orðið: „Ég veit um málsmetandi Norðmenn sem eru sama sinnis og ég." Þetta er athyglisvert. Hvaða Norðmenn skyldu það vera? Og stóra spurningin: Bar hann atriðið undir þá áður en eða eftir að skaupið var sýnt?

### Gömul saga og ný

Einu sinni var í Áramótaskaupinu gert grín að mönnum sem þóttust þekkja Norðmenn. Það voru framsóknarmenn sem ætluðu að sækja þangað tvö þúsund milljarða lán á grundvelli vilyrðis frá fjárlaganefndarmanni sem hljóp út undan sér. Þannig að við vitum að það er ekki endilega alltaf mikið að marka málsmetandi Norðmenn – eða yfirlýsingar um þá.



### Í fótspor Einars K.

Jón Bjarnason hefur greinilega lært mikið af Einari K. Guðfinnssyni, sem gegndi starfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nokkrum mánuðum áður en Jón tók við því. Einar kom sér í sögubækurnar með því að heimila hvalveiðar nokkrum andartökum áður en hann missti stólinn og Jóni hefur fundist hann þurfa að leika svipaðan leik, svo hann rak stjórnarformann Hafrannsóknarstofnunar á sínum næstsíðasta starfsdegi og skipaði í staðinn Evrópusambandsandstæðing úr eigin kjördæmi. Og nú er bara að bíða og sjá hvort myndast hefur hefð.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hvað með millistéttaraulana?

Fjármál



Eygló Þ. Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Eina bestu grein síðasta árs átti Karl Sigfússon undir fyrirsögninni Ég er kúgaður millistéttarauli. Í henni lýsir hann reynslu sinni af kúgun lánastofnana og stjórnvalda. Hvernig stjórnvöld hafa verðlaunað þá sem skuldsettu sig í topp á kostnað þeirra sem lögðu fram sparifé sitt við fasteignakaup og stilltu skuldsetningu í hóf. Hvernig þeim hefur verið refsað sem reynt hafa að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar, þrátt fyrir brostnar forsendur. Hvernig ábyrgð og heiðarleiki hafa leitt til þess að viðkomandi situr eftir sem kúgaður millistéttarauli.

Nú segja stjórnvöld að ekkert sé frekar hægt að gera fyrir heimilin í landinu. Þessu hafna framsóknarmenn.

Góð stjórnvöld verða að forgangsraða í þágu heimilanna. Mikil tækifæri til almennra leiðréttinga skulda heimilanna glötuðust með yfirfærslu bankanna til kröfuhafa og með því að setja ekki þak á hækkun verðbóta í hruninu.

Nýtt ár kemur með ný tækifæri. Tækifæri til að gera betur. Tækifæri til að skoða nýjar hugmyndir og lausnir. Því höfum við framsóknarmenn enn á ný reifað hugmyndir til hjálpar skuldsettum heimilum landsins.

Við viljum nýta skattkerfið til að leysa úr vanda yfirskuldsettra heimila og takast á við lánsveð og skort á greiðsluvilja. Það yrði gert með því að afborganir af húsnæðislánum yrðu skattfrjálsar upp að vissu marki, til dæmis sem nemur 1-2 milljónum á ári. Skattaafslátturinn yrði svo nýttur sem viðbótargreiðsla inn á húsnæðislánin. Þannig gætu heimilin greitt töluvert meira inn á lánin sín án aukins kostnaðar fyrir þau. Þessi aðferð gæti komið til móts við þann hóp sem hefur gert sitt besta til að standa í skilum, þrátt fyrir að hafa tapað stórum hluta af eigin fé í fasteignum sínum.

Tekjur ríkissjóðs myndu lækka eitthvað en á móti kæmu lægri vaxtabætur og auknar tekjur Íbúðalánasjóðs.

Við viljum að fulltrúar allra þingflokka og sérfræðingar komi að útfærslu á þessari hugmynd í samvinnuanda og að frumvarp verði lagt fram af ráðherra á vorþingi.

Sýnum á nýju ári að ábyrgð, heiðarleiki og réttlæti er íslenska leiðin. Rétta leiðin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Leikarar hér og þar

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Leiklist er dásamleg þegar best lgerist og góð skemmtun þó að efnið sé ekki hátimbrað. Leiklist finnum við í leikhúsi og kvikmyndahúsum, en líka í daglegu lífi. Stundum er það leikaraskapur, en oft hreinasta snilld. Um það vitna leikararnir í Alþingishúsinu sem allir geta fylgst með. Forsetinn okkar er þó fremstur í flokki, enda með áratuga reynslu í faginu.

Það kom dável í ljós þegar hann fór fögrum og fáguðum orðum um frelsið sem biði hans þegar hann gæti verið hann sjálfur. Hins vegar var eins og hann gæti ekki fengið af sér að segja berum orðum að hann ætlaði ekki að gefa kost á sér í vor. Vildi kannski bíða eftir viðbrögðum. Áskorunum. Kæmi vel út í erlendum blöðum.

### Þægilegt viðmót

Framan af ævi er ekki óalgengt að maður villist á skoðunum og staðreyndum. Telji eigið gildismat byggt á staðreyndum. Mér er minnisstætt þegar ég var að tala við gamla skólasystur um jafnöldru okkar, og sagði að mér líkaði svo vel við hana því að hún væri svo hrein og bein. Segði jafnan skoðun sína umbúðalaust. Skólasystir mín sagði þurrlega að hún kysi miklu frekar að umgangast fólk sem væri þægilegt í viðmóti en það sem væri svona blátt áfram. Sér væri alveg sama þó að það væri yfirborðskurteisi.

Þetta var opinberun fyrir mig. Ég áttaði mig allt í einu á því að skoðanir og lífsviðhorf geta verið eins og föt – það klæðir ekki alla það sama, og maður á að taka hverjum og einum eins og hann er.

Stundum er þó ekki auðvelt að átta sig á hvernig þeir, sem eru alltaf í hlutverki, eru innst inni. Hverjir þeir eru raunverulega. En þegar til stykkisins kemur veit maður ekki einu sinni hvernig maður sjálfur er inn við beinið.

> Stundum er þó ekki auðvelt að átta sig á hvernig þeir, sem eru alltaf í hlutverki, eru innst inni.

Ég held að við séum dálítið eins og ævidagatal, þar sem einn og einn gluggi opnast á lífsleiðinni og þar koma í ljós hugmyndir, hæfileikar og skoðanir sem við vissum ekkert um að við bærum í okkur.

### Ný ríkisstjórn

Nýtt upphaf er alltaf spennandi og ég heyri að það eru fleiri en ég sem eru dálítið skotnir í tölunni 2012. Komin er ný ríkisstjórn þó að hún sé að mestu leyti sú sama, og í fréttum er sagt frá hækkunum á flestu öðru en launum. Alltaf sami fagnaðarboðskapurinn. En þó að stjórnin njóti ekki trausts er sjálfsagt að óska henni árs og friðar og góðs gengis í erfiðu starfi, því að við eigum allt undir því að þetta fólk standi sig.

Lesendum óska ég farsældar og betri ríkisstjórnar á nýju ári.

# Gróska í menningarlífi

Menning

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Árið 2011 var viðburðaríkt ár í menningarlífi landsmanna. Um allt land voru menningarviðburðir, svo margir að erlendir gestir sem hingað koma undrast atorkusemi Íslendinga í menningar- og listsköpun sem og menningarneyslu. Engin leið er að nefna alla þá starfsemi en nokkra viðburði er þó óhætt að kalla stórviðburði.

Í vor var tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa opnað. Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt þar fyrstu tónleika sína og viku síðar var húsið formlega opnað. Meira en hálf milljón gesta hefur heimsótt húsið frá opnun og þar hafa verið fjölmargir ógleymanlegir viðburðir á árinu, nú síðast tónleikar Mugisons fyrir jól sem þjóðin öll fékk að njóta í beinni útsendingu Ríkisútvarpsins. Í haust var komið að fyrstu uppfærslu Íslensku óperunnar í húsinu þegar Töfraflauta Mozarts var frumsýnd og kom þá á daginn að það er hægt að setja upp óperur í húsinu með miklum sóma þó að það hafi raunar ekki verið byggt til þess.

Í haust var svo Ísland heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt. Til þess verkefnis var stofnað árið 2007. Þátttaka Íslands þótti takast með eindæmum vel. Íslenski skálinn hlaut mikið lof fyrir hönnun og uppsetningu. Fyrir utan alla þá dagskrá sem var í Frankfurt og gekk mjög vel að öllu leyti liggja eftir þýðingar á rúmlega 200 íslenskum bókum, ný þýðing á Íslendingasögunum í fimm bindum og bækur um Ísland á þýska málsvæðinu unnar í samstarfi við hátt í 100 bókaforlög. Hér er um umtalsvert fleiri bækur að ræða en fyrri heiðurslönd á bókamessunni hafa gefið út.

Auk bókakynninganna á sjálfri bókamessunni í ár voru fjölmargar kynningar með þátttöku íslenskra rithöfunda á þýska málsvæðinu í kringum messuna sjálfa. Það voru ýmsir íslenskir listviðburðir í Frankfurt og víðar í Þýskalandi. Okkur telst til að alls hafi á þriðja hundrað viðburðir verið á vegum verkefnisins sem var kallað Sögueyjan Ísland. Fjárveitingar á fjárlögum til verkefnisins voru 300 milljónir króna á árunum 2007 til 2011 og mun þetta vera umfangsmesta og dýrasta kynning á íslenskri menningu á erlendri grundu sem ráðist hefur verið í.

Til að tryggja lágmarkseftirfylgni í ár og á næsta ári – ljúka uppgjöri og frágangi ýmissa verkefna, halda við heimasíðu verkefnisins, tryggja að erlendir samstarfsaðilar geti haldið áfram að gefa út íslenskar bókmenntir í Þýskalandi og víðar – ákvað ríkisstjórnin að leita eftir 20 milljóna króna fjárveitingu á aukafjárlögum 2011 og 25 milljónum króna á fjárlögum 2012 og gekk það eftir.

Fleira mætti nefna. Breytingar voru gerðar á úthlutun á fjárlögum til menningarverkefna þannig að menningarsamningar við landshluta verða stórefldir. Framlög til kynningarmiðstöðva listgreina voru stóraukin á fjárlögum ársins 2012 og er það fyrsti áfanginn í nýrri menningarsókn. Samkomulag var gert við fagfélög kvikmyndagerðarmanna og verða fjárveitingar auknar í kvikmyndasjóð næstu árin eftir erfiðan niðurskurð á fjárlögum 2010.

> Breytingar voru gerðar á úthlutun á fjárlögum til menningarverkefna þannig að menningarsamningar við landshluta verða stórefldir.

Hér verður látið staðar numið en hvarvetna sjáum við gróskuna, hvort sem litið er til leiklistar, myndlistar, danslistar, hönnunar, kvikmyndagerðar, bókmennta, tónlistar eða víðar. Eftir erfið ár í efnahagslífinu getum við Íslendingar verið stolt af íslenskri list og menningu og þegar öllu er á botninn hvolft er það einmitt það sem skiptir máli – samfélög eru ekki síst dæmd út frá menningu sinni og þekkingu og framlagi sínu á því sviði. Þar getum við borið höfuðið hátt.


Eitt fjall á viku með FÍ 2012

Gakktu á eitt fjall í viku með Ferðafélagi Íslands á nýju ári



Skráðu þig inn
drífðu þig út
Ferðafélag Íslands

Nýársgjöfin frá þér til þín er bætt líðan og betra form á nýju ári.
Upplifðu íslenska náttúru í skemmtilegum félagsskap undir öruggri fararstjórn og lærðu að þekkja landið. Esjan, Keilir, Helgafell, Botnssúlur, Hvannadalshnúkur, Akrafjall, Réttarfell, Lóðmundur og 44 önnur fjöll.
Dagsferðir allt árið og tvær helgarferðir að auki.

**Námskeið og sértilboð í verslunum fylgja. Komdu með okkur og finndu náttúrubarnið í hjarta þínu.**
**Verð kr. 52.000**

**Stjórnandi verkefnisins:** Páll Ásgeir Ásgeirsson.

**Kynningarfundur í sal FÍ í Mörkinni 6, 3. janúar 2012 kl. 20.00**

**Skráning á skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 568 2533. Heimasíða FÍ www.fi.is**

# Mugison „beint úr ævintýrunum“

Samfélagsmál

Guðni Ágústsson

fv. ráðherra



Hann kom, sá og sigraði, undramaður ársins. Oftast tekur það langan tíma að ná inn í hjarta þjóðar sinnar, en Mugison gerði það á einu augabragði. Hann vekur von og kærleika og eitthvað í fari hans hæfir stundinni og linar þá sundrungu sem hefur tröllriðið þjóðinni um nokkurn tíma. Í hrifningu sinni fara menn að ræða um hann sem forseta eða frelsara en málið snýst ekki um það.

Mugison er vestfirskur galdramaður, kemur nánast alskapaður út úr berginu fyrir vestan, sonur byggðar sinnar, er rödd landsins sem talar til okkar. Allt í fari hans er látlaust, hann er listamaður af guðsnáð, syngur, spilar, semur og hrífur fólkið, allt í senn.

Svo kallar hann fólkið í landinu til sín og gefur því frítt inn á tónleika og loksins fer hann í tónlistarhöllina Hörpu og annar hver maður í landinu hlustar og horfir á hann flytja list sína í sjónvarpinu. Sjálfur er hann hógvær og prúður en gamansamur, listin og söngurinn hittir beint í mark. Í útlitinu búa töfrar, hann er „gamaldags“, með alskegg, vel klæddur með bindi í ullarsparifötum með svartan afahatt á kollinum. Hann er svo hreinn og saklaus, fellur vel að sársaukanum eftir hrunið, ögrun við græðgina, hann gefur, þeir tóku og stálu, áttu orðið allt sem skipti máli, tónlistarmenn og söngvara líka. Nafnið út af fyrir sig, Mugison, er dularfullt, fer vel sem listamannsnafn og fellur ágætlega að íslensku.

### „Allt hægt í lífinu“

Mugison er fiskimaður eða íslenskur bóndi en í leiðinni heimsborgari, víðförull og ratvís í frægðinni. Hefur komið við sögu bæjarfélags síns í miklu verki. „Aldrei fór ég suður“. Hann boðar okkur nýja en gamla tíma, gefðu þá verður þér gefið. Mundu að þú ert hlekkur í keðju byggðar svo og þjóðar. Þegar Mugison var spurður hvers konar yfirlýsing það væri að bjóða þjóðinni til ókeypis tónleika þá svarar hann á sinn draumkennda hátt. „Það er allt hægt í þessu lífi.“

Á bak við hann er svo einn magnaðasti karlakór landsins, Fjallabræður. Fjallabræður eiga sér marga aðdáendur af sömu ástæðu, í þeim býr frelsið, þeir syngja baráttusöngva. Þeir fylla dalinn af hlátri og það er eins og brimið lemji klettótta strönd eða fjöll hrynji þegar þeir rísa hæst. Það er á svona stundum að maður skynjar að eitthvað er að gerast sem gefur þjóðinni nýja von. Nokkrum kvöldum síðar er Harpa opnuð á ný og þá er þar kominn annar söngvari og talent Páll Óskar Hjálmtýsson náttúrubarn og einstakur maður sviðs og söngva sem boðar einnig gleðina og að hver stund verði að snúast um bjartsýni og trú.

> Mugison er vestfirskur galdramaður, kemur nánast alskapaður út úr berginu fyrir vestan, sonur byggðar sinnar, er rödd landsins sem talar til okkar. Allt í fari hans er látlaust, hann er listamaður af guðsnáð, syngur, spilar, semur…

### Er Harpa leiðin?

Enn á þjóðin Ríkisútvarpið og þjóðin á Hörpu, þetta mikla tónlistarhús sem er skilgetið afkvæmi hinna stóru og óraunhæfu drauma eða vitleysu sem fór úr böndunum í aðdraganda hrunsins. Harpa er risin og kannski liggja í þessu húsi draumar um sameiningu og nýja bjartsýni. Í upphafi síðustu aldar fóru fyrir hugsjónum og endurreisn landsins skáld og stjórnmálamenn. Nú er eins og þessir „listamenn“ nái ekki eyrum þjóðarinnar.

Við Íslendingar höfum hins vegar aldrei átt jafnmarga söngvara, konur og karla sem rísa hátt og frábæra kóra um allt land. Væri kannski gott fyrir okkur öll að einu sinni í mánuði verði Harpa opnuð þjóðinni með söng og stórtónleikum listamanna? Og að sjónvarpið jafnframt flytti slíka gleði inn á hvert heimili? Landið á ærinn auð og hér er gnægð tækifæra en það sem skortir á er að landsmenn hvar sem þeir standa taki arm í arm og horfi fram á veginn. Eða eins og Mugison sagði: „Það er allt hægt í þessu lífi“.

# Í upphafi nýs árs Samhjálpar

Samfélagsmál

Karl V. Matthíasson

framkvæmdastjóri Samhjálpar



Samhjálp óskar landsmönnum öllum blessunar og friðar á árinu 2012. Allir dagar ársins 2011 eru liðnir, horfnir í aldanna skaut, en minningar þeirra lifa. Minningar sem mörgum eru erfiðar, fullar af sorg og jafnvel ósigrum. Aðrir munu horfa til ársins 2011 með blik í auga vegna þess að dagar þess gáfu þeim gleði og sigra. Það eru góðar minningar.

Samhjálp sér á hverju ári mikla og glæsilega sigra en verður einnig að lúta höfði vegna ósigra og vonbrigða sem fylgja alkóhólisma, sem kalla má sjúkdóm sorgar og vonbrigða.

Á hverjum degi er hönd Samhjálpar útrétt til fjölmargra sem líða vegna alkóhólisma og gleðilegt er að sjá hversu margir geta komist frá þeim ógnum sem áfengisbölið er.

Starf Samhjálpar byrjaði smátt. Í fyrstu var það í bílskúr og fór þaðan upp í Hlaðgerðarkot. Svo kom Kaffistofan, samkomuhaldið og rekstur Gistiskýlisins og áfangaheimila. Nú eru starfsstöðvarnar átta og gríðarlega mikil viðkoma er hjá Samhjálp. Á hverri nóttu sofa 106 manns í rúmum sem Samhjálp hefur búið um ef svo má að orði komast. Frekari upplýsingar um starfið er að finna á vefnum samhjalp.is.

Eftir eitt ár mun Samhjálp halda upp á 40 ára afmæli sitt.

> Eftir því sem starf Samhjálpar eflist, þeim mun öflugra verður samfélag okkar.

Viðfangsefni Samhjálpar á árinu 2012 verður að koma fjármálunum í gott horf eftir erfiðleika sem steðjað hafa að vegna kreppunnar sem bitið hefur. Samhjálp er alltaf vongóð. Nú standa yfir viðræður við Landsbanka Íslands og treystir Samhjálp yfirlýsingu bankans um nýjan sáttmála við þjóðina um samfélagslega ábyrgð. Ef vel gengur í þeim samningum verður mun auðveldara að sinna öllu því veika fólki sem til Samhjálpar leitar.

Á árunum 2012 og 2013 hyggst Samhjálp einnig safna fyrir miklum endurbótum á Hlaðgerðarkoti og bæta aðbúnað allan fyrir skjólstæðinga sína. Þess vegna mun Samhjálp nota komandi tíð til öflugri fjáraflana en verið hefur. Það átak köllum við Lífróður Samhjálpar.

Samhjálp stígur óhrædd um borð til þessa róðurs því hún nýtur velvildar og elsku í samfélaginu vegna hjálparstarfs síns, meðferðar og annars stuðnings.

Eftir því sem starf Samhjálpar eflist, þeim mun öflugra verður samfélag okkar. En í öllum þeim körlum og konum sem berjast við alkóhólismann og fá bata býr gríðarlegur máttur og kraftur sem getur virkjast til góðs, blessunar og friðar fyrir þau sjálf, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt. Leggjumst á árar og róum á lygnan sæ gjöfulla miða.

Samhjálp þakkar innilega öllum þeim sem lagt hafa starfinu lið í smáu sem stóru sem og öllum skjólstæðingum og biður Guð að blessa þau öll í lífi og leik.

# Kallafréttir á nýársdegi rúv

Samfélagsmál

Birna Þórðardóttir

ferðaskipuleggjandi



Fyrsti kall – launaður af ríkinu til þess að fara með bull og vitleysu og kalla trú – í nafni hennar hafa flest verið drepin í heiminum – hvað um það – fulltrúi þjóðkirkjunnar lýsti í útvarpsmessu hvílík skömm og forsmán væri að fyrrum forsætisráðherra – annar kall – væri dreginn fram sem ábyrgur gjörða sinna – ó vei – hvílík frekja – hvílík nálega synd – himnarnir hljóta að grenja úr sér öll skýin yfir því að einhver skuli talinn ábyrgur í þessu þjóðfélagi – ekki var kallinn sem talaði ábyrgur þegar kom að kynferðisglæpum hans starfskallafélaga.

Annar kall – einnig greitt af ríkinu – lýsti því yfir að kannski – kannski myndi hann hætta að aumka þjóðina með því að þiggja ofurlaunin og sposlurnar og kjaftæðið og klúbbana – en að sjálfsögðu – einungis ef þjóðinni þóknaðist – skuggalega lýðró gaurinn á nesinu – svo lýðró að manni verður ómótt – þeir eru klárir drengjakallarnir í ímyndasmiðjunum.

Þriðji kall dreginn fram til að útskýra hvað annar kall hefði eiginlega meint – ætlar hann að hætta eða ekki – háskólaálitsgjafarkallinn sagði með afar djúpri og ábúðarfullri röddu – nei – það er ekki víst – kannski er hann bara að láta ganga á eftir sér.

Fjórði kall – allt í einu orðinn – við launafólk – yfir minn dauða kropp – eins og segir á léttsnaraðri ensku – við launafólk – einn af forsetum lýðveldisins – það er að segja forseti almúgamanna – á ofurlaunum – hinn fjórði í kallaröðinni fenginn sem álitsgjafi yfir ríkisstjórninni – við launafólk – hefur sá forsetinn einhvern tímann lifað og barist fyrir lífi sínu sem almennur launamaður – ekki veit ég til þess – ekki fremur en hinir þrír ofantöldu kallar.

Eru kallafréttir rúv á nýársdag forsmekkur þess sem koma skal – eða megum við vænta annars?




# Gler, kapal eða bor?

Orkumál

Heimir Laxdal Jóhannsson

háskólanemi og fl.



Orkumál í Grímsey eru athyglisverð. Eftir mjög snögga leikmannsskoðun við eldhúsborðið sýnist mér að það kosti sem svari sæmilegri íþróttahússbyggingu að leggja rafmagnsstreng út í eyna. Er sú kenning byggð á skýrslu nefndar iðnaðarráðuneytis um „SJÁLFBÆRT ORKUKERFI Í GRÍMSEY“ frá árinu 2003. Með því að bæta við 10% mætti svo trúlega greiða kostnað íbúanna við að leggja rafkyndingar í hús sín þeim að skaðlausu miðað við að sá kostnaður væri hálf milljón á hús. Miðað við hraðsoðna eldhúsborðsútreikninga aftan á umslag virðist því einboðið að leggja eigi rafstreng út í Grímsey eins og gert var til Heimaeyjar.

Hið merkilega við fréttir og umræðu um orkumál byggða úti á landi er að sjaldnast virðist horft á hagsmuni íbúanna sjálfra heldur er talað um kostnað við svokallaðar niðurgreiðslur. En eðli máls samkvæmt er íbúanum slétt sama hvort um niðurgreidda orku er að ræða eða ekki svo lengi sem kostnaðurinn er sá sami fyrir hann.

En niðurgreiðsla og niðurgreiðsla er ekki það sama. Svokölluð niðurgreiðsla getur verið mjög hagkvæm. Eða hvaða heilvita manni dytti í hug að velja aðra aðferð en niðurgreiðslu við húshitun í Flatey á Breiðafirði t.d. sem er enn ein eyjan þar sem fólk hefur fasta búsetu? En þar virðist vera sama fyrirkomulag á orkumálum og í Grímsey ef marka má fyrrgreinda skýrslu sem reyndar er ekki alveg ný.

> Hið merkilega við fréttir og umræðu um orkumál byggða úti á landi er að sjaldnast virðist horft á hagsmuni íbúanna sjálfra…

Sé horft á hagsmuni Grímseyinga, þ.e. íbúanna sjálfra til tilbreytingar, er alls ekki víst að óbreytt ástand sé svo slæmt. Miðað við reynslu af hitaveituvæðingu í mínum heimabæ, Stykkishólmi, myndi það kosta hvern húseiganda upphæðir sem væru verulega íþyngjandi fyrir hvert heimili að skipta yfir í hitaveitu (væri kostur á því) miðað við þau vinnubrögð sem viðhöfð voru þar og sem viðhöfð hafa verið í þessum málum víðast hvar hingað til.

Það má velta þeirri spurningu upp hvort það sé ekki ábyrgðarlaust af opinberum aðilum að þvinga heimili út í þann mikla kostnað sem stundum hefur fylgt því þegar íbúum er gert undir hótunum um stórhækkun orkukostnaðar að skipta um orkusala og beina greiðslustraumum sínum vegna orkukaupa annað en þeir hafa gert fram að því. En þessi vinnubrögð minna óþægilega mikið á vinnubrögð samtaka af ákveðinni gerð sem ég vil helst ekki nefna á nafn og sem ég vona að sveitarstjórnarmenn og aðrir stjórnmálamenn vilji vonandi ekki líkjast eða kenna sig við.

# Útsalan hefst 3. janúar
# 30 - 50% afsláttur!




## LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR HEIMILIÐ?

Sófar sófaborð stólar speglar rammar rúm kerti borðstofuborð lugtir mottur dýnur box værðarvoðir ilmkerti diskar bakkar borðar könnur glös kertastjakar kommóður sápur gangaborð skenkar snagar bókaskápar hillur karöflur jólavara kökudiskar vasar myndir matarstell krukkur skemlar sængurföt styttur púðar skálar blaðagrindur ljós klukkur og svo margt annað ...

30 - 50% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

mood lifum

GALLERY GÓLF
PARKET•FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# Hrunið í framhaldssögu

Dómsmál

Einar Benediktsson
fv. sendiherra



Lykilatriði varðandi samskipti í fjármálaheiminum, ekki síst í London, var og er gagnkvæmt traust. Það höfðu íslensku bankarnir áunnið sér að verðleikum á löngum ferli samskipta við ólíkar aðstæður. En eftir einkavæðinguna hefst nýr kafli í sögu Landsbankans og Kaupþings í London sem verður þeim og íslensku þjóðarbúi dýrkeyptur. Svo sem fram kemur í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis varð veruleg aukning í útlánum íslensku bankanna þriggja þegar lausafjárþurrð jókst á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

Landsbankinn hafði stofnað til Icesave-innlánsreikninga og Kaupþing til Edge-reikninga sem buðu viðskiptavinum mjög hagstæð vaxtakjör. Edge-reikningarnir voru í breskri lögsögu dótturbanka Kaupþings. Svo gilti ekki um Icesave sem var í útibúum Landsbankans og því í íslenskri lögsögu og ábyrgð. Svo sem rannsóknarskýrslan tekur fram flæddu þessi Icesave-innlán úr útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi frá haustinu 2007 til Íslands.

Í aðalbankanum í Reykjavík verður að ætla að það hafi verið til að mæta fjárþörf aðalviðskiptavinanna sem voru víst aðaleigandur bankans. En hollensk og bresk stjórnvöld grípa til þess ráðs að endurgreiða Icesave-innistæðueigundum þar sem íslenski tryggingarsjóðurinn var lítils megnugur. Gerð er krafa, svo sem eðlilegt var, um að íslensk stjórnvöld greiði höfuðstól bótanna að viðbættum vöxtum og krafan er nú í meðferð EFTA-dómstólsins.

Þessir Icesave-reikningar geymdu sparnað einstaklinga og svokölluð heildsöluinnlán frá sjóðum bæja- og sveitarfélaga og eftirlaunaþega. Nú er sá sem þetta skrifar ekki sérfróður um bankalöggjöf, en sem eftirlaunaþegi hefur hann sterkar skoðanir á því hvernig varðveita og ávaxta beri það fé, sem hann hefur á langri starfsævi lagt á móti framlagi atvinnurekandans til farborða í ellinni. Það er ekki innan marka þess sem telst siðferðileg meðferð slíks fjár að leggja það í hendur fjárglæframanna.

Eru ekki niðurstöður Fjármálaeftirlitsins og Sérstaks saksóknara síðan 2008 að leiða líkum að því að bankarnir, stjórnendur þeirra og eigendur, eigi að svara fyrir þá sök? Það þurfti að sjálfsögðu að hreinsa til og enginn átti von á öðru en hörðum dómum og upptöku eigna. En var eða er ekki einhver leið önnur en áralangar rannsóknir, ákærur og málsvarnir hundraða lögfræðinga til að ljúka þessu, þannig að fjölmiðlar velti ekki þjóðfélaginu árum saman upp úr fortíðinni?

> Að sjálfsögðu eiga þeir sem gerst hafa sekir um brot á lögum landsins að fá sinn dóm.

Ekki verður sagt nema síður sé, að þær miklu rannsóknir Sérstaks saksóknara og Fjármálaeftirlits sem hófust eftir bankahrunið, séu að skila þeim árangri sem vænst var. Jafnvel hinn sérlegi ráðgjafi Eva Joly hefur lýst vonbrigðum yfir hægaganginum hjá Sérstökum saksóknara. Að því kom sem fyrr hefði mátt vera, að formaður Lögmannafélags Íslands lýsti því yfir að fjölmiðlar sem refsivöndur dómsvaldsins séu ekki gott samspil. Bent er á að vegna fjölmiðlaumfjöllunar um einn sakborninginn hafi hann „[...] nú þegar orðið fyrir dæmalausum áföllum og ágangi á mannorð sitt og allt persónulegt starf og líf, en þar hefur fjölmiðlaumfjöllun spilað stórt hlutverk. Á ákærða hefur þannig, og frá því að málið fyrst komst í hámæli haustið 2008, verið gefið út hreint veiðileyfi af hálfu fjölmiðla, sem farið hafa hamförum í umfjöllun um hann, persónu hans og störf og ekki síst fyrirfram sakfellingu á meintu broti hans [...]“.

Að sjálfsögðu eiga þeir sem gerst hafa sekir um brot á lögum landsins að fá sinn dóm. En að þeir séu kjöldregnir árum saman í fjölmiðlum er lítt við hæfi í ríki góðs réttarfars og mannréttinda. Hefur lögfræðinámið ekki slagsíðu í fullmikilli áherslu á gamaldags refsirétti í stað lærdóms um hvernig fjármálalífið virkar í nútíma þjóðfélagi? Einhvern tíma var talað um júridíska refsigleði. Ekki er betra ef satt er, að þessi þjónusta kosti allt að 30.000 kr. á klukkustund.

Nú eru víst á þriðja hundrað einstaklingar með réttarstöðu sakbornings og enn aðrir vitni í sambandi við hrunið og svo er að skilja að enn séu margir tugir mála í undirbúningi hjá Sérstökum saksóknara. Þetta ferli hefur þegar tekið þrjú ár en hamingja má þá vita hvað er framundan í tíma og æsifréttum. Má nærri geta að allur þessi fjöldi fólks, þegar með eru talin makar og börn, vinir og venslamenn, eigi sér fáa gleðidaga.

Fyrir utan þann skara lögmanna sem hafa atvinnu af þessum uppgripum hljóta fleiri en sá sem þetta ritar að vera búnir að fá nóg af dómsmálum í fjölmiðlum. Er Kastljós réttur vettvangur fyrir saksóknara? Þjóðin fær þessar fréttir svo stöðugt í sjónvarpi og útvarpi að hún er orðin eins konar stofufangi þessarar réttarfarslegu furðusögu. Og bikarinn var fullur þegar síðasti kaflinn var birtur þreyttum og leiðum áheyrendum á jóladag sem fyrsta fregn RÚV í hádeginu og sjónvarpi um kvöldið. Frásagnir af boðskap biskups, kirkjunnar manna og páfans máttu víkja fyrir gagnkvæmum ásökunum FME og Kauphallarinnar um vanrækslu í starfi árið 2008. Skelfing eru þessar blessaðar fréttastofur annars sérkennilega mannaðar.

# Markvisst forvarnarstarf

Kynferðislegt ofbeldi

Sigríður Björnsdóttir
framkvæmdastjóri Blátt áfram



Þrjátíu og fimm þúsund manns, börn, unglingar og fullorðnir, hafa fengið fræðslu frá Blátt áfram á þeim sjö árum sem samtökin hafa starfað. Vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu á þessum árum og umræða og ábyrgð fullorðinna hefur aukist.

Blátt áfram býður upp á fræðslu fyrir grunn-, leik- og framhaldsskóla landsins; fyrirlestra og námskeið fyrir fullorðna, lífsleikni fyrir unglinga, brúðuleikhús og teiknimynd fyrir yngstu börnin.

Fræðslan er fyrst og fremst fyrir fullorðna fólkið og við sjáum það enn í dag hversu misvel skólar eru undir það búnir að vernda börn. Þar sem ekki hefur verið markvisst nám í forvörnum í grunnnámi kennslustétta er ekki hægt að álasa þeim sem starfa í skólum landsins. Verndarar barna, námskeið Blátt áfram, breytir hegðun og viðhorfi starfsfólks til barnanna og vitað er að fjöldi tilkynninga hefur aukist eftir að skólar fengu fræðslu. Mikill fjöldi af símtölum til Blátt áfram kemur frá foreldrum og einstaklingum sem starfa með börnum og unglingum. Óöryggi þeirra er helst gagnvart óæskilegri hegðun barna og unglinga eða grun um kynferðisofbeldi.

Erfiðast hefur verið að ná til foreldra og hafa því samtökin ávallt haldið uppi fræðslunni í skólum landsins. Starfsfólk er einnig foreldrar og þannig hefur fræðslan skilað sér inn á heimilin og til barnanna. Með auglýsingum í fjölmiðlum hefur okkur einnig tekist að ná til þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi og að þeir einstaklingar, börn jafnt sem fullorðnir, átta sig á því hvað kynferðislegt ofbeldi er og hve mikilvægt það er að leita sér hjálpar. Blátt áfram er í góðu samstarfi við helstu sérfræðinga landsins í málaflokknum og er fólki ávallt vísað til þeirra.

> Erfiðast hefur verið að ná til foreldra og hafa því samtökin ávallt haldið uppi fræðslunni í skólum landsins.

Gerðar verða rannsóknir á fræðslu Blátt áfram í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Verið er vinna að því að setja upp hjálparsíma í samstarfi við Rauða kross Íslands og Stop it Now í Bandaríkjunum og Englandi. Símalínan er fyrir aðstandendur barna sem sýna óæskilega hegðun og gerendur sem vilja leita sér aðstoðar. Koma að því sálfræðingar hér á landi sem vinna með gerendum.

Birtar hafa verið greinar í fjölmiðlum þar sem segir að enginn aðili fari með forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum á Íslandi og vill Blátt áfram leiðrétta það. Blátt áfram er eina félagið sem heldur úti forvarnarstarfi gegn kynferðislegu ofbeldi á Íslandi og hefur gert það síðan 2004. Fjöldi skóla sem fær árlega fræðslu fyrir nemendur er að aukast.

Blátt áfram er rekið af styrkjum og höfum við náð að bjóða upp á hluta af fræðslunni skólum að kostnaðarlausu og teljum mikilvægt að stjórnvöld leggi til fjármagn fyrir stofnanir til að fá markvissari fræðslu. Hins vegar erum við sammála því að fjármagn frá stjórnvöldum er og hefur ekki verið nægilegt til að skólar geti boðið upp á forvarnarfræðslu reglulega.

Blátt áfram telur mikilvægt að allar stofnanir skyldi starfsfólk sem starfar með börnum og unglingum á námskeið þar sem það fær þjálfun í hvernig meðvitað umhverfi eykur öryggi barna. Við höfum einnig séð hversu mikilvægt er að börn og unglingar fái fræðslu. Reynslan sýnir að um 10 % barna og unglinga leita sér aðstoðar í kjölfar fræðslu Blátt áfram. Slík fræðsla ætti að okkar mati að vera sett í námsskrá skóla, þannig að það sé ekki val einstakra skóla hvort þeir gefi sér tíma til að sinna því mikilvæga hlutverki að hlúa að öryggi barna.

Blátt áfram vill þakka forráðamönnum þeirra skóla og íþróttafélaga fyrir það góða fordæmi og þá skýru afstöðu til forvarna gegn kynferðislegu ofbeldi sem þeir hafa sýnt með því að sækja forvarnarfræðslu til Blátt áfram.

# Hugleiðing um áramót

Samfélagsmál

Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur



Stundum heyrist sú skoðun á opinberum vettvangi að mannkynið sé komið að endimörkum vaxtarins og að auðæfi þess muni ekki aukast frekar. Þessu er svo oft fylgt eftir með fullyrðingu um að viðbrögð okkar íbúa heimsins ættu að verða þau að jafna misskiptingu auðsins og þá muni vel fara. Þótt seinni fullyrðingin sé rétt, sanngjörn og aðkallandi er því samt haldið fram hér að sú fyrri sé beinlínis röng, mannkynið hafi aldrei verið á hraðari ferð til framfara, aukins auðs og nýrra möguleika og einmitt nú.

Nýlegar rannsóknir benda til þess að ýmis konar samfélagsleg gæði felist í auknum jöfnuði. Og þróun í átt til jöfnuðar virðist því óhjákvæmilegri sem netið og ódýrar samgöngur auka nábýli okkar við aðra íbúa jarðarinnar. Áframhaldandi misskipting auðs milli þjóðfélagshópa og heimshluta er að verða óþolandi og óhjákvæmilegt gæti orðið að leiðrétta hana. En meginforsendur þess eru einkum framfarir í upplýsingatækni, sem einmitt gera heiminn að einu markaðssvæði og samskiptasvæði. Og svipaðar forsendur liggja að baki því að auðæfi íbúa jarðarinnar aukast dag frá degi.

> Forystufólk íslenska samfélagsins þyrfti að opna augu sín fyrir breytingaafli upplýsingatækninnar.

### Auðurinn vex

Tæknilegir möguleikar upplýsingatækninnar vaxa hratt, samkvæmt mælingum hafa helstu svið hennar tvöfaldað getu sína á 18 mánaða fresti frá miðri síðustu öld. Svo dæmi sé tekið þýðir það að nýir stafrænir sjónaukar hafa tvöfalda skerpu miðað við þá sem framleiddir voru fyrir 18 mánuðum og sama gildir um smásjár. Á 15 árum er þetta þúsundföld aukning getu, en á 30 árum milljónföld aukning og á 45 árum þúsund sinnum milljónföld aukning getu.

Af og til eru birtar fréttir af þessu í fjölmiðlum og þá þannig að mannkynið hafi uppgötvað ný og stærri svæði í alheiminum eða enn minni efnisagnir en nokkru sinni fyrr. Í framþróun upplýsingatækninnar er vaxandi hraði.

Þótt önnur tækni þróist hægar nýtir hún sér þróun upplýsingatækninnar og atvinnuvegir, viðskipti og stjórnsýsla geta sífellt veitt betri og betri þjónustu með óbreyttu mannafli eða haldið sömu afköstum og áður með færra fólki, eins og við þekkjum hér á landi í grunnatvinnuvegunum. Við það skapast svigrúm til þess að takast á við ný verðmætaskapandi verkefni.

### Mannkynið er á tímamótum

Þessi þróun ber með sér að heimurinn minnkar og landamæri missa gildi sitt. Alþjóðleg viðskipti sem byggja á þjónustu netsins aukast stöðugt og hugtök eins og þjóðríki, innflutningstollar og fullveldi fá nýja merkingu. Alþjóðlegt samráð um reglusetningu á netinu er farin af stað, meðal annars fyrir tilstilli Sameinuðu þjóðanna. Möguleikar lítilla þjóða til þess að taka þátt í alþjóðaþróuninni ættu að aukast hratt og í því efni eru möguleikarnir margir og fjölgandi, önnur Evrópuríki standa okkur næst, en vegna þróunarinnar ættum við að hafa sjóndeildarhring okkar stærri.

Þetta þýðir líka að maðurinn verður sífellt nær því að verða herra alheimsins. Hann mun geta nýtt aðra hnetti sér til hagsbóta innan skamms þannig að hagkvæmt sé. Hann getur og mun geta ferðast um geiminn og sótt sér það sem hann vanhagar um, gert aðra hnetti að ruslahaugum eða gert hvað annað sem hann vill í okkar sólkerfi og jafnvel utan þess. Og nú reynir á hvort maðurinn geti séð fyrir afleiðingar gerða sinna yfirleitt og stjórnað hinum áhrifamiklu kröftum markaðskerfisins af ábyrgð og með framtíðarsýn.

### Lýðræðið breytist

Hinir stórfelldu möguleikar markaðskerfisins og framleiðsluskipulags þess voru meðal annars skoðaðir af heimspekingum og hagfræðingum í Þýskalandi á 19. öld og þá komu fram kenningar Karls Marx og fleiri. Marx spáði því meðal annars að framþróun framleiðslunnar gæti fellt stjórnskipulag markaðskerfisins, sem á þeim tíma var fulltrúalýðræði í mótun og að þróunin leiddi að lokum til nýs skipulags samfélagsmála. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að netið tekur sér sífellt stærra hlutverk í stjórnmálum og ræður ekki aðeins við upplýsingagjöf og umræðu, en þessir tveir þættir eru aðalatriði stjórnmálastarfsemi, heldur einnig við það að fjöldinn allur af fólki taki þátt í stjórnmálum á netinu. Framundan eru jafnvel enn fleiri möguleikar á stuðningi netsins við samfélagslega ákvarðanatöku.

### Stjórnsýslan breytist

Fátt breytist meira en opinber þjónusta, sem mun flytjast á netið og eykst með því gagnsæi, fagleg vinnubrögð styrkjast, afgreiðsluhraði og skilvirkni eykst og nýir þjónustumöguleikar verða teknir í gagnið. Sum ríki stefna að því að fækkun í stjórnsýslunni geti orðið svo mikil að jafnmargir vinni við verðmætaskapandi störf í samfélögum þeirra eftir að stóru árgangarnir sem fæddust á 7. áratugnum komast á eftirlaun og var fyrir þann tíma.

### Menningarhefðir

Fáar þjóðir kunna eins góð skil á uppruna sínum og sögu og við Íslendingar og ræktarsemin við fortíðina er vissulega virðingarverð. En framtíð barnanna okkar ræðst ekki við baksýnisspegil og reynsla kynslóðanna dugar ekki ein við verkefnin framundan.

Framtíðin og það sem kalla má framtíðarfræði eru ekki eins óráðin og virðast má. Hægt er að leggjast yfir þau, hugsa fram í tímann, gera nýjar áætlanir og greina tækifæri og ógnanir fyrir litla þjóð, rétt eins og gert er meðal stórþjóða. Þó slík vinnubrögð séu okkur framandi getur verið að þau séu meira aðkallandi en flest annað. Sérstaklega ef við viljum að Ísland dragist ekki aftur úr öðrum þjóðum, heldur brauðfæði alla Íslendinga til frambúðar.

### Lokaorð

Forystufólk íslenska samfélagsins þyrfti að opna augu sín fyrir breytingaafli upplýsingatækninnar. Í flestum nágrannaríkjum okkar helga nokkrir þingmenn sig upplýsingatækninni. Setja þarf á stofn virkt stjórnkerfi fyrir upplýsingatækni á vegum ríkisins og víðsýnar framtíðarnefndir með alþjóðasýn og styðja alþjóðlegt samstarf sem gerir okkur mögulegt að verða samferða öðrum þjóðum inn í framtíðina.

# VAAAAAKNAÐU ...



# 25%
## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI
GILDIR AF OUTLETVERÐUM*

# 40%
## AFSLÁTTUR AF FATNAÐI
FRÁ
ZARA*

TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR • ATH! • ALLA DAGA •

# ... ÚTSALAN ER HAFIN!

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

* AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**120** **J.R.R. TOLKIEN** rithöfundur (1892-1973) fæddist þennan dag fyrir 120 árum.

*„Hugrekki er að finna á ólíklegustu stöðum.“*



†

*Elskuleg unnusta mín, stjúpmóðir, dóttir og systir,*

**G. Eyrún Gunnarsdóttir**

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 3. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Líknardeildar LSH í Kópavogi, sími 543 1159.

**Árni Snær Kristjánsson**
**Jóhann Grétar Árnason**
**Gunnar Þórðarson** **Rannveig Rúna Viggósdóttir**
**Unnur Guðný Gunnarsdóttir** **Gísli Jóhannsson**



†

*Elskuleg systir okkar og mágkona,*

**Helga Jónsdóttir Esperi**

lést á hjúkrunarheimili í Vänersborg í Svíþjóð þann 31.12. ( gamlársdag )

**Fyrir hönd ættingja,**
**Rósa Jónsdóttir** **Jóhann Gústafsson**
**Ármann Óskar Jónsson** **Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir**



†

**Sigurður Sigurðsson**
Sléttuvegi 9, Reykjavík,

lést á nýársdag á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Jarðarför auglýst síðar.

**Aðstandendur.**



†

*Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og barnabarn,*

**Arnþór Ingi Andrésson**

sem lést 18. desember, verður jarðsunginn frá Bessastaðakirkju miðvikudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**Andrés R. Ingólfsson** **Guðlaug Helga Konráðsdóttir**
**Ása Andrésdóttir**
**Auður Ásta Andrésdóttir** **Benjamin Beier**
**Guðbjörg Guðlaugsdóttir** **Hilmar Þór Sunnuson**
**Hafliði G. Guðlaugsson** **Elva Dröfn Adolfsdóttir**
**Konráð G. Guðlaugsson** **Eygló Árnadóttir**
**Ásta Haraldsdóttir** **Steinþór Nygaard**
**Ragnheiður Halldórsdóttir** **Ingólfur Konráðsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Herdís Hinriksdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 23. desember. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**Anna Sigríður Einarsdóttir** **Pétur Pétursson**
**Þórunn Ágústa Einarsdóttir** **Hjörtur Ingþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

## Merkisatburðir

**1597** Heklugos á Íslandi hefst og eru uppi margir eldar samtímis.
**1888** Kristín Bjarnadóttir frá Esjubergi neytir atkvæðisréttar síns fyrst íslenskra kvenna í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík.
**1890** Hólmavík á Ströndum verður löggiltur verslunarstaður.
**1925** Benito Mussolini leysir upp þingið og lýsir yfir flokksræði á Ítalíu.
**1926** Karlakór Reykjavíkur er stofnaður.
**1948** Þýskur togari bjargar fjögurra manna áhöfn íslenska vélbátsins Bjargar eftir átta daga hrakninga vegna vélarbilunar.
**1959** Alaska verður 49. ríki Bandaríkjanna.
**1961** Dwight Eisenhower tilkynnir að Bandaríkin hafi slitið stjórnmálasambandi við Kúbu.
**1984** FTSE 100-vísitalan hefur mælingar.
**1991** Wayne Gretzky skorar sitt sjöhundruðasta mark.
**2000** Sjónvarpsþátturinn Kastljós hefur göngu sína í íslenska ríkissjónvarpinu.



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir*

**Jón Ellert Tryggvason**

sem var bráðkvaddur á aðfangadag, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 4. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á stúkusjóð Fylkis reikn.nr. 1185-26-590900, kt. 481173-0359.

**Inga Ásgeirsdóttir** **Sæmundur Gunnarsson**
**Tryggvi Sv. Jónsson** **Erna Agnarsdóttir**
**Arnar Þór Björgvinsson** **Guðrún Björg Elíasdóttir**
**Ásgeir Þór Björgvinsson** **Svana Emilía Kristinsdóttir**
**Elva Tryggvadóttir** **Einar Ágústsson**
**Ása Sif Tryggvadóttir** **Þorsteinn Þór Traustason**
**Sigrún Kjartansdóttir** **Karsten Hoff**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sesselja Guðrún Þorsteinsdóttir (Deddý)**
Hörðukór 5, Kópavogi,

sem lést á Líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 28. desember, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 6. janúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar LSH, s. 5431159.

**Einar Emil Finnbogason**
**Guðrún Ásta Einarsdóttir** **Gísli Sverrisson**
**Ómar Einarsson** **Svanlaug R. Finnbogadóttir**
**Viðar Einarsson** **Auður Á. Markúsdóttir**
**Örn Einarsson** **Karólína Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæra,*

**Laufey Friðriksdóttir**
frá Bolungarvík, til heimilis að Hrafnistu Reykjavík,
áður Hringbraut 63, Reykjavík,

lést föstudaginn 16. desember að Hrafnistu. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 4. janúar kl. 13.00

**Helgi Benediktsson** **Kristín Helgadóttir**
**Bergur Benediktsson** **Ragnhildur Þórarinsdóttir**
**Sólborg Pétursdóttir** **Þórður Friðriksson**
**Jóhannes Pétursson** **Þuríður Ingólfsdóttir**
**Magnús Pétursson**




**MEÐ BÓKINA GÓÐU** Bjarney Hinriksdóttir, Baddý, er til umfjöllunar í bókinni Nordic Graphic Designers sem kom út í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**BJARNEY HINRIKSDÓTTIR:** Í BÓK UM NORRÆNA GRAFÍSKA HÖNNUÐI

# Vill hanna og ferðast víða

Bjarney Hinriksdóttir er eini Íslendingurinn sem fær umfjöllun í nýútkominni bók um norræna grafíska hönnuði. Bókin heitir Nordic Graphic Designers og er gefin út af bókaforlaginu Arvinius í Svíþjóð sem gefur út hönnunar- og listabækur. Bókin sem kom út nú í desember er sú þriðja í röð Arvinius um norrænan arkitektúr og hönnun en fyrri bækurnar heita Nordic Architects og Nordic Designers. „Í bókinni eru teknir fyrir 69 hönnuðir og hönnunarteymi frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Íslandi,“ lýsir Bjarney sem stofnaði hönnunarfyrirtæki sitt, Baddydesign, í byrjun árs 2010.

Bjarney er í góðum félagsskap í bókinni. „Bókin virkar bæði sem alfræðirit í nútíma grafískri hönnun og er um leið skrá yfir leiðandi norræna hönnuði. Þar má finna bæði gamla refi og rísandi stjörnur,“ segir Bjarney og nefnir meðal annars stjörnur í norrænum hönnunarheiminum á borð við Kari Piippo, Acne, Enzo Finger Design og Bleed.

Það kom Bjarneyju á óvart að vera eini Íslendingurinn í bókinni. „En það er mikill heiður,“ segir hún og er afar ánægð með umfjöllunina. Í bókinni eru tvær opnur helgaðar Baddydesign. „Á fyrri opnunni er viðtal við mig líkt og aðra hönnuði í bókinni þar sem svarað er stöðluðum spurningum á borð við hvað veiti manni innblástur. Svo er seinni síðan helguð verkum mínum,“ segir Bjarney sem lærði grafíska hönnun í Mílanó en býr í dag í Barcelona.

„Eftir námið í Mílanó vann ég á auglýsingastofunni Hvíta húsinu í sjö ár sem listrænn stjórnandi,“ segir hún en síðan skellti hún sér í mastersnám í vörumerkjaþróun í Barcelona. „Ég kláraði þó ekki námið því verkefnunum fjölgaði og ég fór að vinna alfarið við hönnun,“ segir Bjarney sem hannar vörumerki, bókakápur, auglýsingar og fæst við viðburðahönnun. Meðal verkefna hennar má nefna alla hönnun á útliti í kringum norræna tískutvíæringinn í Seattle og umbúðirnar á íslensku líkjörnum og snafsinum Björk og Birki. Innt út í framtíðina segir Bjarney: „Markmiðið núna er að vera með færanlegt grafískt stúdíó svo ég geti ferðast sem mest og unnið þaðan sem ég er,“ svarar hún en kúnnahópur Bjarneyjar er breiður. Hún starfar mikið fyrir íslenska viðskiptavini en einnig fyrir viðskiptavini í Barcelona, Ameríku og víðar.

Nánari upplýsingar um hönnun Bjarneyjar er að finna á www.baddydesign.com.

solveig@frettabladid.is



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför*

**Guðmundar G. Gústafssonar**
Kristnibraut 59, Reykjavík.

Með ósk um gleðilegt nýtt ár.

**Else Zimsen**
**Gunnar Guðmundsson** **Ingveldur Finnsdóttir**
**Kristján Freyr Guðmundsson** **Sigríður Ólöf Árnadóttir**
**Gréta Björk Guðmundsdóttir** **Terje Almenning**
**barnabörn og barnabarn**



**Jóga í vatni** er mild leið til andlegrar og líkamlegrar endurnæringar. Tvö ný námskeið hefjast í næstu viku á höfuðborgarsvæðinu en nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.jogaivatni.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




TT námskeið 3

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Taktu þér tak!

Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

**Ný námskeið hefjast 8. janúar innritun í síma 581 3730**

**Öflug átaksnámskeið fyrir stelpur á aldursbilinu 16-25 ára!**

Líkamsrækt við skemmtilega tónlist • Leiðbeiningar um mataræði
Fundir, aðhald, vigtun og mælingar. **Kvöldtímar** • 6 vikna námskeið, 2 x í viku mánudaga kl 18:25 og miðvikudaga kl 19:25

**Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 8. janúar kl. 16:30**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



NÝTT! námskeið

EXTRA 4x3 miðjuþjálfun og lóð

EXTRA 4x3 miðjuþjálfun og lóð

**Ný námskeið hefjast 9. janúar innritun í síma 581 3730**

**Nýtt 12 tíma námskeið, EXTRA 4x3 í 40 mínútur**

3x í viku í heitum sal - *Mitti, mjaðmir, magi og handleggir*
**12:10** mánud/Sara, miðvikud/María, föstud/Guðný

1x í viku í tækjasal: Hákeyrslu brennsla!
**12:10** fimmtud/Fanney

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

**Einungis 18 konur komast að á hvert námskeið**

**Verð aðeins: 12.900.-**
**Tilboð til korthafa JSB: 9.900.-**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


**Rúnar Magnússon kerfisfræðingur breytti um lífsstíl áramótin 2010-2011 og hefur misst 30 kíló.**

# *Nýr og betri maður*



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta er allt annað líf. Ég er orkumeiri, sef betur og hef losnað við 30 kíló og ýmis vandamál sem fylgja ofþyngd," segir Rúnar Magnússon kerfisfræðingur sem strengdi áramótaheit þarsíðustu áramót um að komast í betra form og breyta lífstíl sínum til hins betra.

Rúnar var þá orðinn meira en 130 kíló, síþreyttur og með viðvarandi bak- og hnéverki. Óheillaþróun sem hann segir hafa átt sér langan aðdraganda. „Ég hef alltaf barist við aukakílóin, vandamál sem vatt upp á sig meðal annars vegna óheilbrigðs lífsstíls og þegar þarna var komið við sögu gat ég ekki vegna eigin líkamsþyngdar gengið upp tvær hæðir án þess að fá verk í hnéð og forðaðist þess vegna að hreyfa mig."

Að sögn Rúnars var ekkert eitt sem réði því að hann ákvað að taka á sínum málum. „Ég man bara að ég hugsaði þarna áramótin 2010-2011: „Þetta gengur ekki lengur. Þú ert 37 ára og vilt ekki lifa svona."

;FRAMHALD | 2




Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji vilji.is ...léttir þér lífið
*Sími 856 3451 • www.vilji.is*

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**Nóróveirusýkingar** eru afar útbreiddar í samfélaginu. Því er mælst til þess að fólk sem hyggur á að heimsækja aðstandendur og vini á Landspítala komi ekki ef það hefur á síðastliðnum tveimur sólarhringum verið með uppköst, niðurgang, ógleði, kviðverki eða öndunarfærasýkingar.








Geir Gunnlaugsson landlæknir segir alla sem til þekkja sammála um að brýnt sé að gera betur í öflun upplýsinga um brjóstaaðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Upplýsingar vantar um fjölda fyllinga

**Geir Gunnlaugsson landlæknir segir það torvelda samantekt á því hversu algengt sé að brjóstafyllingar rofni að ekki sé til neinn gagnagrunnur um heildarfjölda slíkra aðgerða. Brýnt sé að fá betra yfirlit yfir allar aðgerðir sem gerðar séu á landinu.**

Við höfum ófullnægjandi upplýsingar um heildarfjölda brjóstafyllinga,“ segir Geir Gunnlaugsson landlæknir spurður hversu stór hluti þeirra kvenna sem hafa sílíkonfyllingar í brjóstum verði fyrir því að fyllingarnar leki. „Slíkar aðgerðir eru alfarið gerðar á einkareknum stofum og á grundvelli samkomulags milli viðkomandi konu og læknisins, án þátttöku ríkisins. Þar af leiðandi vitum við ekki hversu margar konur hafa fengið slíkar fyllingar né hversu algengt það er að þær rofni. Þær tölur sem við höfum eru frá nágrannalöndum okkar og þar er hlutfall þeirra fyllinga sem rofna 1 til 2 prósent.“

Geir segir að sér sé ekki kunnugt um að málaferli hafi risið hérlendis vegna leka úr brjóstafyllingum en það sé eitt af því sem þurfi að kanna. „Vandamálið er að þetta hefur verið álitið einkamál og jafnvel pínulítið feimnismál, þannig að það hefur ekki þótt æskilegt að þessi mál séu á allra vörum. Málaflokkurinn hefur verið svolítið olnbogabarn í kerfinu en lækningatæki heyra nú undir Lyfjastofnun og við erum að skoða það með þeim hvernig við getum náð betur utan um þetta. Allir sem þekkja til málsins eru sannfærðir um að við getum gert betur og verðum að gera betur.“

Geir segir þennan málaflokk hafa verið til umræðu hjá landlæknisembættinu síðan hann tók við sem landlæknir og það sé ljóst að honum hafi ekki verið sinnt af fullum þunga. „Það er mikilvægt fyrir okkur sem samfélag að hafa betri yfirsýn yfir þær aðgerðir sem gerðar eru í landinu, ekki bara á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum sem við höfum mjög gott yfirlit yfir, heldur einnig á einkareknu stöðvunum. Við höfum verið að vinna í því að afla okkur slíkra upplýsinga en það er þarna hlutmengi af fjöldanum sem sækir einkareknar stofur sem er alfarið án þátttöku ríkisins og þá er flóknara að ná utan um það.“

Geir segir landlæknisembættið fylgjast vel með þeim rannsóknum sem þjóðirnar í kringum okkur séu að gera á því hvort meiri hætta sé á að PIP-fyllingarnar gefi sig en aðrar. „Frakkar eru þeir einu sem hafa haldið því fram en tíu önnur Evrópulönd sögðu að svo væri ekki. En við tökum þetta mjög alvarlega og munum halda almenningi eins vel upplýstum og nokkur kostur er. Við höfum sett inn tvær fréttatilkynningar á vef landlæknisembættisins á síðustu dögum með nýjustu fréttum af málinu og munum halda því áfram og bregðast við eins og efni standa til.“

*fridrikab@frettabladid.is*





NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25 | |
| 18:25 | TT3 | mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára) | |

**Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 8. janúar kl. 16:30**

15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


Framhald af forsíðu

Í kjölfarið sneri Rúnar sér til heimilislæknis sem benti honum á Heilsuborg í Faxafeni þar sem hann fékk mat á heilsu, ráðgjöf og viðeigandi meðferð. „Ég skráði mig á námskeið sem kallast Heilsulausnir 3 og hentar fólki sem glímir við offitu, sykursýki og hjartasjúkdóma. Það samanstendur af styrktar- og þolæfingum og helsti kosturinn er sá að skynsemin ræður ferð. Þarna er ekkert verið að öskra á mann og ýta undir samkeppni heldur fær hver og einn að vinna í sínum málum á eigin hraða, með góðu aðhaldi og undir eftirliti fagaðila.“

Rúnar viðurkennir að lífsstílsbreytingin hafi langt í frá verið leikur einn. „Ég entist ekki meira en í tíu mínútur á brettinu þegar ég byrjaði en nú tek ég 45 mínútur í kraftgöngu með góðum halla,“ upplýsir hann og segist mæta í ræktina að meðaltali þrisvar til fjórum sinnum í viku. „Ég tók líka mataræðið í gegn, borða núorðið hollari mat og oftar yfir daginn.“

Spurður hver lykillinn sé að góðum árangri, segir Rúnar best að setja sér ekki of háleit markmið heldur taka hænuskref í rétta átt. „Til dæmis finnst mér gott að hugsa aldrei um meira en 5 kíló í einu,“ segir hann og setur nú stefnuna á að komast í tveggja stafa tölu í febrúar. „Svo sjáum við bara hvernig gengur, þetta kemur allt með kalda vatninu,“ bætir hann við og brosir.

*roald@frettabladid.is*



„Ég man bara að ég hugsaði þarna áramótin 2010-2011: „Þetta gengur ekki lengur. Þú ert 37 ára og vilt ekki lifa svona,““ minnist Rúnar þegar hann tók ákvörðun um að breyta um lífsstíl.

# Dvöl á Heilsuhóteli Íslands ólík öllu sem ég hef prófað

**Smákvillar hverfa og sálin endurnærist, líkaminn léttist og húðin sléttist við dvöl á Heilsuhóteli Íslands í Reykjanesbæ að sögn Sifjar Sigfúsdóttur, markaðs- og samskiptastjóra í Háskóla Íslands. Hún hefur tvívegis nýtt sér þjónustu hótelsins ásamt eiginmanni sínum.**

Ég heillaðist af þeirri hugmynd strax frá upphafi að hér á landi væri til heilsuhótel þar sem hægt væri að huga að mataræði og hreyfingu á sama tíma. Fólk þarf heldur ekki til Austurlanda til að íhuga og endurnæra sálina, við höfum hér okkar hreina loft og hreina vatn ásamt fínni aðstöðu,“ segir Sif Sigfúsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri á félagsvísindasviði Háskóla Íslands og eigandi www.gerumeitthvad.is viðburðavefs. Hún hefur tvívegis nýtt sér þjónustu Heilsuhótels Íslands á Reykjanesi ásamt eiginmanni sínum. Hún segir forvitnina hafa rekið þau þangað fyrst og reynslan hafi kennt þeim að vist þar sé góð fyrir heilsuna. „Hótelið er í alla staði mjög fínt og þægilegt og það er gaman að dvelja þar. Njóta þess að fara í sauna, líkamsrækt, hitaklefa, slaka á, fara í göngur snemma á morgnana, teygjur og slökun inni, borða hollan mat og drekka holla safa,“ segir Sif hrifin. „Þetta er tími sem hver og einn á fyrir sig og ræktar eigin líkama og sál. Þarna er dagskrá í gangi allan daginn og hver einstaklingur getur valið úr hvað hann vill gera, en það er líka nauðsynlegt að vera einn með sjálfum sér og slaka á því það gerist ekki oft í nútímaþjóðfélagi.“

Sif segir eiginmann sinn hafa losnað við ýmsa smákvilla á Heilsuhótelinu. „Maðurinn minn var með vöðvaverki sem búið var að reyna að meðhöndla í langan tíma og einnig með krónískt kvef í mörg ár. Hann fékk undraverðan bata á einni viku með því að hreinsa út allan sykur og kolvetni, sleppa kaffi og auðvitað aukefnum í mat, þannig að dvölin virkaði mjög vel á hann en hann hafði ekki áður prófað að taka þetta allt út í einu. Við sjáum það alltaf betur og betur hvað mataræði stjórnar andlegu jafnt sem líkamlegu jafnvægi.“

Sif kveðst lifa almennt fremur heilsusamlegu lífi. „Ég hef alltaf haft áhuga á að borða hollt en dvölin á Heilsuhótelinu er ólík öllu sem ég hef prófað. Þar fer ekkert inn fyrir varirnar nema það sem kokkurinn setur fram og þó maður ætti að geta breytt mataræðinu heima þá er svo miklu betra að gera það með öðrum og með aðgæslu fagfólks. Á sunnudögum er einungis neytt safa og þeir eru allir nýpressaðir. Svo er haldinn vatnsdagur þar sem eingöngu er drukkið vatn og te. Allt hefur þetta mjög góð áhrif á líkamann. Það er eins og hann losi sig við eiturefni sem hafa safnast upp, húðin hreinsast og appelsínuhúð hverfur, maður fær eiginlega nýtt tækifæri sem er líka ný byrjun.“

En hvernig gengur svo að viðhalda þessum lífsstíl eftir að komið er heim?

„Okkur gekk vel að viðhalda honum í um fimm mánuði án þess að hafa mikið fyrir því. Svo smá sækir í sama horfið ef ekki er hugað að heilsu og hreyfingu. Það er viss tilhneiging hjá mér að gleyma sjálfri mér. Er með fimm manna heimili og eins og svo margir þekkja sem vinna fullt starf snúast dagarnir um að fara heim eftir vinnu og elda, setja í vélar og þrífa, huga að heimanámi barnanna, sækja og skutla í íþróttir og tómstundir og áður en maður veit af er kominn háttatími. En á heilsuhótelinu er frábært tækifæri fyrir fólk sem vill slaka á og breyta til. Það fær hraða byrjun, léttist fljótt og líkaminn tekur breytingum. Svo er hægt að nýta sér alls kyns meðferðir bæði á snyrti-og nuddstofu. Ég veit að hóteldvölin hefur kveikt ljós hjá mörgum og verið fólki stökkpallur inn í breyttan lífsstíl til frambúðar.“



„Ég veit að hóteldvölin hefur kveikt ljós hjá mörgum og verið stökkpallur inn í breyttan lífsstíl til frambúðar,“ segir Sif Sigfúsdóttir.



Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, dr. Haukur Ingi Jónasson og Ragnar Sær Ragnarsson Heilsuhóteli Íslands.

## Heilsuhótel Íslands vinnur til verðlauna

Heilsuhótel Íslands fékk nýverið afhent hvatningarverðlaun fyrir heilsutengda ferðaþjónustu. Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn. Verðlaunin gera Heilsuhótelinu kleift að færa út kvíarnar og kynna starfsemi sína í Bandaríkjunum.

Hótelið hefur frá 2009 kynnt fyrir Íslendingum heilsumeðferð sem byggir á því að endurhlaða batteríin og auka jákvæðni. Hún er góð leið til lífsstílsbreytinga.

Hótelið býður tveggja vikna heilsudvöl flesta mánuði ársins. Þar fá gestir fjölbreytta þjónustu, heilsufæði, fræðslu, hreyfingu, sauna og náttúruböð auk meðferða að eigin ósk. Dvöl í Bláa lóninu er hluti upplifunarinnar.

Heilsumeðferðin er vinsæl meðal erlendra gesta; Norðurlandabúar, svo sem Norðmenn og Færeyingar, eru fjölmennir, einnig Tyrkir, Hollendingar, Bandaríkjamenn og Bretar.



### NÆSTU NÁMSKEIÐ HEILSUHÓTELS ÍSLANDS

Námskeið vorið 2012

6.-20. janúar

2.-16. mars

4.-18. maí

1. -15. júní



Betra er að panta tímanlega vegna aukinnar aðsóknar á vornámskeiðin.

Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja einstaklinga á námskeiðin.

## Hættum að reykja

Námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja verður haldið á Heilsuhóteli Íslands helgina 3.-5. febrúar.

Námskeiðið er sérhannað af þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingafólk. Aðferðin, sem beitt er, hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeið.

Leiðbeinendur eru Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður, og dr. Ásgeir Helgason, dósent í sálfræði og lýðheilsufræðum.

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið heilsa@heilsuhotel.is með helstu upplýsingum.

Takmarkaður fjöldi kemst að. Pantið því sem allra fyrst til að missa ekki af þessu frábæra tækifæri til betra lífs.

Verðið er 49.500 krónur með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja reykleysisnámskeið.

**Upplýsingar eru í síma 512-8040.**



Góð aðstaða er til gönguferða í nágrenni Heilsuhótelsins.

# BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



BMW X5 3.0si 3.0i e70. Árgerð 2007, ekinn 101 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.500.000. skipti á ódýrari Rnr.221387.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**100 % LÁN MÖGULEGT**
POLARIS INDY 800 XC SP. Árgerð 2002, ekinn aðeins 3.þ km, ný uppteknir demparar og búkki ofl. Verð 490.000. Rnr.310336.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

BÍLAFRÁGANGUR
Örugg bílaviðskipti frá aðeins 7.500.-
Kynntu þér málið.
www.Bilafragangur.is

**Bílafrágangur**
**Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 651 3500**
**Opnunartími 10-21 alla virka daga**
**http://www.bilafragangur.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bíll.is
bestir í bílum...



M.BENZ M ml320. Árgerð 2002, ekinn 226 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Ásett 1.690.000. Rnr.134387. Nýárstilboð 969.000 STG.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bílar.is bílasala
Skráðu bílinn frítt hjá okkur



Skráðu bílinn frítt hjá okkur
100bílar.is bílasala

Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Opel Vectra'99, 5 dyra, 1600 vél, eyðir 7-8, ný tímareim. Lýtur vel út, skoðaður 2012 án athugasemda. Ekinn 174.xxx. Bsk. Verð: 350.000 stgr. Uppl. 8492883 eða 8629342.



**Diesel BMW á TILBOÐI**
BMW 730 Diesel árg 99 ekinn 220 þ km sjálfskiptur, leður, topplúga,sjónvarp, glæsilegur bíll í alla staði, bíllinn er á 16" harðkornadekkjum og 18" BBS fylgja verð 1.890.000- TILBOÐ 1.000.000- upplí síma 861-7600

Til sölu vw golf 1,6, station árg. '97. sk 12, 5 gíra, krókur, cd, álfelgur, góður bíll v.180staðg uppl. í s. 896 8568.

## 0-250 þús.

Suzuki Vitara '92 á 100þ, óskoðaður en í góðu lagi, tilbúinn í snjóinn! s. 8484598

Honda Civic 1.6 Vtec 04/2003 ek. 72þ. Umgangur af dekkjum fylgir. Verð 800þ. eða tilboð í síma 865-9734.

## 500-999 þús.



**Ford F350 Diesel TILBOÐ**
Ford F350 árg 2000 ekinn 198 þ m sjálfskiptur, krókur, 2 falt að aftan, góður bíll, mikið endurnýjaður, verð 1.490.000- TILBOÐ 950,000- upplí síma 861-7600

## Bílar óskast

**Óska eftir bíl á 0-300 þús staðgreitt!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 300 þús. staðgreitt!! fólksbíl smábíll eða jeppi allt kemur til greina! Má vera bilaður tjónaður óskoðaður eða bara orðin sjúskaður! Uppl. s. 691 9374.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Jeppar



**TILBOÐ á Diesel Range Rover**
Range Rover diesel árg 2003 ekinn 208 þ km sjálfskiptur, leður, krókur, topplúga, 19" felgur, mikið endurnýjaður, flottur bíll verð 3.550.000- TILBOÐ 2,500,000- upplí síma 861-7600

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól

Óska eftir léttu og skemmtilegu Enduro hjóli fyrir konuna á hvítum númerum. Uppl. í síma 692 1695 eða heide@heide.is

## Vinnuvélar

Allir varahlutir og þjónusta fyrir
JCB
vinnuvélar
Sími 527-2600
www.Vélavit.is

## Reiðhjól




**Veturinn er kominn!**
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

## Kerrur

**Hestakerra**
Vill kaupa 4-5 hestakerru, notaða. Uppl. í s. 891 7760.

## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

ÚTSALA
GENERAL GRABBER HTS
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
245/65R17 - 24.900.-
265/70R18 - 37.900.-
275/60R18 - 38.900.-
275/70R18 - 39.900.-
275/60R20 - 38.900.-
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468
GENERAL TIRE

## Varahlutir

NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




## Tölvur




## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

## Spádómar




# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar og ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri

Er með til sölu flottan mixer 003 digi factory og dj græju tractor s4 s. 695 3929.

## Verslun



ÚTSALA, ÚTSALA !! 30-70% AFSLÁTTUR !! Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**Líkamsræktartöðvar og Íþróttahús ATH!**
Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

**EKKERT SEX NUDD,**
En æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heitir POTTAR og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR, SNYRTING og VEITINGAR. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280.

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



**Frelsi frá reykingum 2012 s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 03. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




Gleðilegt ár 2012 þökkum nemendum okkar fyrir frábært ár 2011. Bestu kveðjur Lára og Björn. www.hundaskoli.net



4 Labrador hvolpar til sölu - 1 brúnn, 1 svartur og 2 ljósir. Afhendast ættbókafærðir, örmerktir og ormahreinsaðir. Fæddust 7. nóvember og afhendast í janúar. Upplýsingar gefa Haraldur 664-3352 / Petra 893-6838.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir




## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**

**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

4ja herbergja íbúð m/húsgögnum til leigu í stuttan tíma í Hlíðunum, frá 07.01.12-04.04.12. Leigan er 120 þ. borgað fyrirfram. Hafa samb. í s. 552 5076 eða 863 6076.

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 50þ. Uppl. í s. 895 0482.

## Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna tryggingar. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Lagning ljósleiðarasæstrengs um Grindavíkurdjúp og Selvogsgrunn að Mölvík við Grindavík, Grindavíkurbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **6. febrúar 2012.**

**Skipulagsstofnun**

---

HÚNAÞING VESTRA

### Deiliskipulag Kirkjuhvammur – útivistarsvæði. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum 08.12.2011 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi útivistar svæðisins í Kirkjuhvammi við Hvammstanga.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingatillögu deiliskipulags útivistarsvæðisins í Kirkjuhvammi í Húnaþingi vestra.

**Helstu markmið deiliskipulagstillögunnar eru:**

- Svæði E, sem er ætlað fyrir tjöld og tjaldvagna verður stækkað til vesturs og skilgreint fyrir tjöld, tjaldvagna og smáhýsi til útleigu.
- Gert er ráð fyrir tveimur lóðum fyrir samtals 18 smáhýsi til útleigu í tengslum við ferðaþjónustu.

Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Húnaþings vestra frá 4. janúar 2012 til og með 17. febrúar 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5 eða á netfangið alla@hunathing.is merkt "Kirkjuhvammur Hvammstanga tillaga að breytingu á deiliskipulagi." Athugasemdafrestur er til 17. febrúar 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Hvammstangi, 29. desember 2011
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

---

HÚNAÞING VESTRA

### Deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu að Ósum á Vatnsnesi.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum 10.11.2011 að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu að Ósum á Vatnsnesi. Deiliskipulagstillagan gerir m.a. ráð fyrir allt að 390 m2 verslunar- og þjónustuhúsi á einni hæð með tilheyrandi bílastæðum.

Deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð, skýringaruppdráttur og fornleifaskráning liggja frammi á skrifstofu Húnaþings vestra frá 4. janúar 2012 til og með 17. febrúar 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5 eða á netfangið alla@hunathing.is merkt "Deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu að Ósum" Athugasemdafrestur er til 17. febrúar 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Hvammstangi, 29. desember 2011
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

---

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Hálf-stúdíó til leigu á sv. 105. Skammtíma-eða langtímaleiga. Hiti og rafmagn innifalið . S. 869 2618.

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

Einbýlishús á besta stað á flötunum í Garðabæ til langtímaleigu. 4-5 herb. 2fald. bílskúr, garðhýsi, stutt i skóla og íþróttir. Leiga 230-260 þús. S: 565 0151.

Lítil studio íbúð til leigu, verð 80þús innifalið er rafmagn, þvottavél og internet. Small studio for rent, price 80þús. included in the price are electricity, washing machine and internet s. 8918514 eftir kl 17.00

Til leigu glæsilegt herbergi í miðborg Rvk. Aðgengi að eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi. Uppl. í síma 699 7720/552 1225.

Góð 2ja herb. íbúð til leigu 72fm , Rauðarástíg 105 Rvk. Uppl. í s. 693-3730.

70 fm, 3ja herbergja íbúð til leigu í Smáíbúðahverfinu. Uppl. Í s. 820 7061.

## Húsnæði óskast

Miðaldra hjón, leita að íbúð í fjölbýlishúsi , 105, 104 og 108 R.vík. frá 1 jan. langtímaleiga. Uppl. 775 3922.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA

**Tímabundið starf**

Óskum eftir að ráða starfsmann í verslun okkar í janúar, vegna forfalla.

Vinnutími 09:00 til 18:00 og tveir laugardagar.

Óskum einnig eftir starfsfólki til helgarstarfa.

Upplýsingar á staðnum og í síma 585 2888

símstöðin

**Kvöld- og helgarvinna**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 gaman@simstodin.is

NONNABITI ...góður biti

**Nonnabiti**
**Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavogi. Reyklaus. Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngra en 18 ára. Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is**

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu. Fullt starf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT
KRINGLUNNI

**Óskum eftir að ráða starfsmann í þjónustu.**

Fullt starf og auka vinna í boði.
Reynsla af þjónustustörfum skilyrði.
Lágmarksaldur er 20 ár.

Íslenskukunnátta skilyrði.
Icelandic skills required.

Áhugasamir sendið umsókn á netfangið info@portid.is

**Sölumaður og starfssmaður óskast í heildsölu**
**Snyrtivöruheildsala á höfuðborgasvæðinu leitar eftir starfskrafti bæði í sölumennsku og útkeyrslu og öðrum tilfallandi verkefnum.**
**Umsóknir sendist á tjonusta@365.is merkt „snyrting" fyrir 06. janúar**

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða þjóna í kvöld og helgarvinnu. (Flott vinna með skóla). Sendið ferilskrá með mynd á hornid@hornid.is

**Hagabakarí - Hagamel**
Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

**Kaffi Zimsen**
Óskum eftir vönu barþjónum í vinnu, bæði í fullt starf og aukavinnu á aldrinum 18 til 30 ára. Uppl. S. 774 5959.

## Atvinna óskast

45 ára byggingariðnaðarmaður óskar eftir framtíðar/tímabundnu starfi er einnig með vinnuvélaréttindi og vélavarðarréttindi. Get hafið störf strax. Uppl. Kristinn 697 8694 eða kiddi66@gmail.com

45 ára byggingariðnaðarmaður óskar eftir framtíðar/tímabundnu starfi er einnig með vinnuvélaréttindi og vélavarðarréttindi. Get hafið störf strax. Uppl. Kristinn 697 8694 eða kiddi66@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Kíktu á www.youtube.com/user/svavarsigurdsson

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla, Ísafjarðarbæ.

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Ísafjarðarbær hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla í Ísafjarðarbæ.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **2. janúar 2012 til 14. febrúar 2012** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Bæjar- og héraðsbókasafni Ísafjarðar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu www.nave.is: www.isafjordur.is

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **14. febrúar 2012** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

vísir



við prentum BÆKLINGA





- Bækur
- Tímarit
- Fyrir skrifstofuna
- Bæklingar
- Kynningarefni
- Fjölpóstur
- Dagblöð
- Stafræn prentun
- Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is


Skemmtilegri í 25 ár
ÓMISSANDI Í VETUR
ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF OKKAR FRÁBÆRU DAGSKRÁ. VERTU MEÐ Í VETUR!
STÖÐ 2 Á AÐEINS
244 KR.
Á DAG
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Allir áskrifendur Stöðvar 2 safna punktum
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Ágúst Einarsson

Rituhólum 13, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni aðfangadags. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir**
**Jóhannes Ágústsson**
**Hreinn Ágústsson**
**Andrea Brabin** **Kristinn Þórðarson**
**og barnabörn.**



*Okkar ástkæri*

## Ragnar Sigurbjörn Stefánsson

(Raggi rakari)

lést á heimili sínu 22. desember síðastliðinn. Úförin fer fram frá Akureyrarkirkju 6. janúar 2012 klukkan 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Salbjörg J. Thorarensen**
**Bogi Rúnar Ragnarsson**
**Marín Hallfríður Ragnarsdóttir** **Kolbeinn Friðriksson**
**Kári Kolbeinsson**
**Jón Stefán Sigurbjörnsson** **Marín Hallfríður Ragnarsdóttir**
**Magnea Hrönn Stefánsdóttir** **Jón Höskuldsson**
**Stefán Már Stefánsson** **Lára Margrét Traustadóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Oddur C.S. Thorarensen

fv. apótekari, Klapparstíg 3, Reykjavík,

sem lést á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 20. desember, verður jarðsunginn frá Garðakirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 15.00

**Unnur Long Thorarensen**
**Ragnheiður Katrín Thorarensen**
**Elín Thorarensen** **Úlfar Örn Friðriksson**
**Unnur Alma Thorarensen** **Sindri Sveinbjörnsson**
**Stefán Thorarensen** **Ástríður Thorarensen**
**Baldvin Hafsteinn Thorarensen** **Ásta Michaelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Svavar F. Kjærnested

skrúðgarðyrkjumeistari, Kleppsvegi 134, Reykjavík,

sem andaðist að kvöldi 25. desember, verður jarðsunginn frá Áskirkju miðvikudaginn 4. janúar kl. 15.

**Svanlaug Jónsdóttir**
**Borgþór S. Kjærnested**
**Ragnheiður Kjærnested** **Ásmundur Jónsson**
**Erna S. Kjærnested** **Gunnar Benediktsson**
**Kolbrún Svavarsdóttir** **Heiðar Bjarndal Jónsson**
**Erling S. Kjærnested** **Anna Sigurrós Össurardóttir**
**Þórhildur S. Kjærnested** **Kristinn Friðjónsson**
**Sigrún Alda S. Kjærnested** **Kristófer Kristófersson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,*

## Rebekka Þórhallsdóttir

lést 17. desember sl. Útförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og stuðning.

**Þórhallur Guðlaugsson** **Dagbjört Halla Sveinsdóttir**
**Sveinn Guðlaugur** **Hafdís Sara**
**Sveinn Gústavsson** **Erla Ingólfsdóttir**
**Guðlaugur Þorgeirsson** **Hafdís Þórhallsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og bróðir,*

## Stefán S. Bjarnason

skipatæknifræðingur,

sem lést að heimili sínu að Kambahrauni 19, Hveragerði, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 5. janúar nk. kl. 15.00.

**G. Sigríður Geirsdóttir**
**Bjarni Stefánsson** **Lillian Gunderstrup-Sørensen**
**Halldór Ásgrímur Stefánsson**
**Guðrún Bjarnadóttir Bergese**
**Margrét Rósa Bjarnadóttir**



*Elskuleg systir okkar,*

## Elva Finnbogadóttir

Mýrarási 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu 22. desember. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 15.00.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Bjarni Hörður Ansnes

Flúðum,

lést á sjúkrahúsi Selfoss þann 21. desember. Útförin hefur farið fram að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir hlýhug.

**Þórunn Ansnes**
**Íris B. Ansnes** **Viggó Sigursteinsson**
**Bjarni H. Ansnes, Gunnar Sigurðsson, Mímir Sigurðsson**
**Tómas Bergur Viggósson**



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,*

## Sigurðar Jónasar Jónassonar

frá Flatey á Skjálfanda.

**Íris Björk Sigurðardóttir** **Fróði Hjaltason**
**Elfa Kristín Sigurðardóttir** **Björgvin Kristjánsson**
**Dóra Berglind Sigurðardóttir** **Óskar Kristinn Bragason**
**og barnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Svavar Guðni Guðnason

Hraunbæ 26, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 30. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 6. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á samtökin Heilaheill.

**Andrés Svavarsson** **Þóra Stephensen**
**Kristín S. Svavarsdóttir** **Viðar Gíslason**
**Guðni B. Svavarsson** **Kristín G. Ólafsdóttir**
**Rannveig E. Beiter**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Okkar ástkæra*

## Irene Gook

Austurbyggð 17, Akureyri,

sem lést 19. desember, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 13.30.

**Auður Guðvinsdóttir** **Birgir Sveinsson**
**Baldur Guðvinsson** **Valgerður Valdemarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

## Ásgeir H. Einarsson

f.v. skrifstofustjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi miðvikudaginn 28. desember. Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Hróðmar Gissurarson

vélfræðingur, Kleppsvegi 4, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Áskirkju, miðvikudaginn 4. janúar kl. 11. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Sigrún S. Waage**
**Valgerður M. Hróðmarsdóttir** **Karl J. Halldórsson**
**Gunnar Hróðmarsson** **Halldóra Guðmundsdóttir**
**Karólína S. Hróðmarsdóttir** **Svavar Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


útsala útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
útsala útsala útsala
Svefnsófi 4 litir
Verð var 129.900.-
útsöluverð
79.900.-
40%
30-80%
Stóll
Verð var
139.900.-
útsöluverð
89.900.-
Stóll
Var 24.900.-
útsöluverð
12.450.-
60%
Handmálaður skápur
Var 39.900.-
nú 27.930.-
50%
Leðursófi
Verð var 399.900.-
útsöluverð
279.930.-
30%
50% af öllu basti
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** grastegund, **6.** karlkyn, **8.** vafi, **9.** spíra, **11.** stöðug hreyfing, **12.** vörubirgðir, **14.** þúsundasti hluti, **16.** í röð, **17.** að, **18.** viður, **20.** nesoddi, **21.** stertur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ílát, **3.** tveir eins, **4.** yfirsýn, **5.** skjögur, **7.** smíða óvandlega, **10.** regla, **13.** hnoðað, **15.** skál, **16.** stefna, **19.** persónufornafn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** reyr, **6.** kk, **8.** efi, **9.** ála, **11.** ið, **12.** lager, **14.** millj, **16.** áb, **17.** til, **18.** tré, **20.** tá, **21.** tagl.
**LÓÐRÉTT:** **1.** skál, **3.** ee, **4.** yfirlit, **5.** rið, **7.** klambra, **10.** agi, **13.** elt, **15.** ílát, **16.** átt, **19.** ég.





STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 10. janúar 2012
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgöngubjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgöngubjálfi, sími: 694 35 71.








# Forsetakjör á nýjum forsendum

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Komandi forsetakjör kann að verða ólíkt þeim fyrri í ljósi þess að sitjandi forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur breytt eðli embættis síns. Það er eiginlega orðin klisja að segja það en embættið er orðið pólitískara. Skýrasta dæmið er án efa að Ólafur virkjaði málskotsrétt forseta með því að hafna í þrígang að skrifa undir lög frá Alþingi. Þá hefur Ólafur í raun leyft sér hin síðari ár að reka eigin utanríkisstefnu án, að því er virðist, mikils samráðs við utanríkisþjónustuna. Með þessi fordæmi til staðar er eftir meiru að slægjast fyrir stjórnmálahreyfingar landsins að koma „sínum manni“ að.

**ÞAÐ** er því enn mikilvægara en áður að frambjóðendur geri glögglega grein fyrir því hvernig þeir myndu haga sér í embætti. Mundu þeir vísa öllum, sumum eða engum umdeildum málum í dóm þjóðarinnar? Og hvað mundu þeir leggja til grundvallar við slíka ákvarðanatöku? Þá þurfa kjósendur vitaskuld að ákveða hvernig þeir vilja að forseti fari með völd sín. Það er tvennt sem er umhugsunarvert í þessu samhengi.

**KJÓSENDUR** þurfa að gera sér grein fyrir því hvernig pólitískur forseti hefur áhrif á Alþingi. Komið hefur í ljós að forseti getur skaðað ríkisstjórn með því að vísa umdeildu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu. Flestar ríkisstjórnir vilja eða þurfa að koma umdeildum málum í gegnum þingið á starfstíma sínum. Pólitískur forseti kann að gera ríkisstjórnir tregari til þess. Hvort það er æskilegt er vangaveltna virði. Hér má þó benda að á í tillögum Stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir að 10 prósent kjósenda geti vísað lögum til þjóðarinnar. Fari sú tillaga í stjórnarskrá verður málskotsrétturinn í raun óþarfur.

**Í ANNAN** stað ber að skoða hvort núverandi skipulag forsetakjörs sé hið skynsamlegasta í ljósi þess að verið er að kjósa í pólitískt embætti. Sá einstaklingur er kjörinn forseti sem hlýtur flest atkvæði frambjóðenda. Það þýðir hins vegar ekki að sá njóti mests stuðnings séu frambjóðendur fleiri en tveir. Hægt er að ímynda sér að talsmaður ákveðinnar hugmyndafræði nái kjöri, ekki þar sem sú hugmyndafræði eigi upp á pallborðið, heldur vegna þess að talsmenn annarrar hugmyndafræði deila bróðurlega atkvæðum meirihlutans. Hvort skynsamlegra sé að kjósa forseta í tveimur umferðum, eins og Frakkar gera, skal ósagt látið en breytt eðli embættisins gefur tilefni til slíkra vangaveltna.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SKÓLABÓKARDÆMI UM SPARNAÐ !!!

OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA

# SKIPTUBÓKUM Á MARKAÐI

ROSA MARGIR TITLAR Á EINUM STAÐ !!!






999 PAKKINN

**Mennt er máttur** stílabækur 5 í pakka.
Línu- eða rúðustrikaðar. **Áður kr. 1.395,-**



99 HYLKIÐ

Blý 0,5 mm HB. **Áður kr. 179,-**



179 PAKKINN

Milliblöð A4 plast.
Sex litir. **Áður kr. 249,-**



59 STYKKIÐ

Áherslupenni.
Fjórir litir í boði. **Áður kr. 174,-**



199 STYKKIÐ

Collegebækurnar
Línu- eða rúðustrikaðar. **Áður kr. 379,-**



399 STYKKIÐ

Bantex bréfabindi fjórir litir.
Þykkt 8 cm. **Áður kr. 479,-**

## ÓDÝRARI NÝJAR SKÓLABÆKUR




3.999

1.299

Auglýsingin gildir til og með 31.01.12. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.




GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010 · OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22

# ÚTSALA
## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990

**22" LED SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 64.990
**TILBOÐ 49.990**
PHILIPS AFSL. 15.000

**42" FULL HD LCD**
FULLT VERÐ 119.990
**TILBOÐ 99.990**
FINLUX AFSL. 20.000

**1000w 3D BLU-RAY HEIMABÍÓ**
FULLT VERÐ 99.990
**TILBOÐ 69.990**
Panasonic AFSL. 30.000

**MYNDAVÉL MEÐ LEICA LINSU**
FULLT VERÐ 19.990
**TILBOÐ 15.990**
Panasonic AFSL. 4.000

**JBL hátalarar með allt að 30% afslætti**

**Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti**

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## 32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990

**50" 3D SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 349.990
**TILBOÐ 229.990**
Panasonic AFSL. 120.000

**FULL HD TÖKUVÉL**
FULLT VERÐ 59.990
**TILBOÐ 44.990**
JVC AFSL. 15.000

**Heimabíókerfi**
**frá 29.990**
PHILIPS Panasonic
harman/kardon

**Myndarammar með allt að**
**35% afslætti**
PHILIPS INTENSO

**Sjónaukar með allt að 36% afslætti**
Nikon OLYMPUS tasco

OPIÐ LAUGARDAG 11 -18 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# menning

menning@frettabladid.is

**DOUBT BY TWO** Sýningin Doubt by Two með verkum eftir listakonurnar Amy Revier og Elizabeth Tuburgen verður opnuð næstkomandi fimmtudag, 5. janúar, í sal Íslenskrar grafíkur Tryggvagötu 17, hafnarmegin, en formleg opnun fer fram laugardaginn 7. janúar klukkan 17-19. Á sýningunni eru skúlptúrar, teikningar og ljósmyndir sem þær hafa unnið að eftir dvöl á landinu á árunum 2009 og 2010.

## Spóla í hringi af spenningi

**Annað árið í röð fagnar Ólöf Arnalds afmæli sínu með tónleikum, í þetta sinn á Rósenberg annað kvöld. Hún leggur þessa dagana lokahönd á fyrstu breiðskífu sína á ensku, Sudden Elevation, sem kemur út í vor.**

„Það er engin ástæða til að skammast sín fyrir aldurinn, ég verð 32 ára á morgun," segir tónlistarkonan Ólöf Arnalds sem heldur afmælistónleika á Rósenberg annað kvöld, miðvikudaginn 4. janúar. „Á síðasta afmælisdegi hélt ég tónleika á Boston og hef hug á að gera þetta að árlegum viðburði, því mér finnst þetta svo gaman. Þetta er dálítið erfiður tími að eiga á afmæli á, fólk er yfirleitt dálítið veisluþreytt í upphafi árs og nennir fátt að gera. Þetta er því mín aðferð til að halda upp á afmælið, að bjóða upp á eitthvað sem ég kann, enda er ég lítið fyrir að útbúa miklar veitingar og slíkt."

Ólöf segir afmælistónleika fyrirtaks vettvang til að leika þau lög sem henni dettur í hug og skipuleggja dagskrána ekki um of fyrir fram. Á síðasta ári sendi hún frá sér stuttskífuna Ólöf Sings þar sem hún flutti lög eftir aðra tónlistarmenn, til dæmis Neil Diamond og Bob Dylan, og segir næsta víst að tónleikagestir á Rósenberg geti búist við fleiri slíkum lögum af ýmsu tagi. „Svo tek ég líka við óskalögum úr sal. Þeir forsjálu geta líka sent mér línu á Facebook með sínum óskum sem ég luma kannski á, enda er alltaf gaman að fá áskoranir," segir tónlistarkonan.

> Það á vel við mig að semja á ensku enda lifi ég mikið og hrærist í þessu tungumáli.
>
> **ÓLÖF ARNALDS**

Þegar blaðamaður nær tali af Ólöfu er hún stödd í hljóðveri, þar sem hún leggur lokahönd á nýja breiðskífu þessa dagana undir stjórn Skúla Sverrissonar. Platan, sem kemur út í vor, heitir Sudden Elevation og verður fyrsta plata Ólafar með enskum textum við frumsamið efni.

„Við höfum verið á fullu að mixa, breyta og bæta og vonumst til að geta klárað plötuna á næstu dögum," segir Ólöf og segist lítið velta fyrir sér þeirri breytingu sem felst í því að textarnir séu á ensku. „Ég hef spilað mikið erlendis síðustu ár, held kannski eina af hverjum fimmtíu tónleikum á Íslandi, og þá fer mann að langa til að geta átt beinni samskipti við áhorfendur, í gegnum orð en ekki bara tóna og tilfinningar. Margir spyrja mig hvort ástæðan fyrir ensku textunum sé að stækka markaðssvæðið, og það myndi auðvitað ekki skemma fyrir, en megintilgangurinn er þó betri samskipti við erlenda áhorfendur. Það á vel við mig að semja á ensku enda lifi ég mikið og hrærist í þessu tungumáli. Útgáfufyrirtækið mitt [One Little Indian] er í London og útgáfufyrirtækið mitt í New York, auk þess sem mamma mín er fædd og uppalin í London og móðurfjölskyldan öll enskumælandi."

Afmælistónleikar Ólafar hefjast klukkan 22 á Rósenberg en áður þeytir Klara Arnalds, systir Ólafar, skífum undir yfirskriftinni „Soul fyrir Ólöfu". „Það er svo spennandi að leggja lokahönd á plötu að ég spóla hreinlega í hringi á gólfinu. Tónleikagestir munu hitta á mig í mjög frjóum og hressum fíling með hækkandi sól," segir Ólöf að lokum.

kjartan@frettabladid.is



**Í FRJÓUM FÍLINGI** Ólöf Arnalds fagnar 32 ára afmæli sínu með tónleikum á Rósenberg annað kvöld. Með útkomu nýrrar breiðskífu í vor verður sú meginbreyting að textarnir eru á ensku, en sjálfa tónlistina segist hún stöðugt vera að þróa. „Hver plata á sér sína tilveru," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







Leikhús ★★★★

**Litla skrímslið og stóra skrímslið**

eftir Áslaugu Jónsdóttur.

**Sýnt í Kúlunni**

**Búningar:** Ásdís Guðný Guðmundsdóttir **Sönglag:** Kristinn Gauti Einarsson **Leikarar:** Baldur Trausti Hreinsson, Friðrik Friðriksson **Leikstjóri:** Þórhallur Sigurðsson

## Allir eru pínulítið hræddir

Ömmurnar fetuðu sig hægt á glerhálum götum fyrir aftan Þjóðleikhúsið meðan ungvíðið tístandi brunaði í sitt eigið leikhús. Frumsýning í Kúlunni á miðvikudaginn. Litla skrímslið og stóra skrímslið sem aldursflokkurinn tveggja til fimm ára ætti að þekkja nú orðið nokkuð vel, birtust áhorfendum í litaglöðu herbergi heima hjá litla skrímslinu. Heima hjá litla skrímslinu er ógurlega kósí og það kemur sér vel fyrir í marglitum sófum innan um fína dótið sitt, fær sér tesopa og bragðar aðeins á fínni skreyttri rjómaköku þegar barið er að dyrum. Stóra skrímslið er komið að finna það litla, sem er svolítið stúrið vegna þess að stóra skrímslið vill alltaf ráða öllu. Stóra skrímslinu er hleypt inn eftir að það er búið að lofa að vilja ekki ráða öllu. Ekki tekur þá betra við, því það er eins og litla skrímslið eigi nú að ráða öllu. Þau finna upp á ýmsu, eins og að búa til músastiga og ýmislegt skraut sem stóra skrímslinu er alómögulegt að inna af hendi. Litla skrímslið þykist ekki vera hrætt þegar einhver gengur á þakinu og stóra skrímslið þykist heldur ekki vera hrætt þegar einhverjar óþekktar ófreskjur birtast kannski.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

Þetta er leikur tveggja vel afmarkaðra persóna um samskipti, að ráða, að þykjast, að vilja og að vera eða vera ekki hræddur við eitthvað. Friðrik Friðriksson leikur litla skrímslið og hefur greinilega unun af því að vagga sér inni í hinum hlýja búningi og hlunka sér upp á háu koddana. Baldur Trausti Hreinsson fer með hlutverk stóra skrímslisins sem í raun og veru er kannski litla skrímslið. Báðir útgeisluðu þeir hlýju og glettileika í túlkun sinni. Hver er lítill og hver er stór? Hver er hetja og hver er gunga? Alls kyns grundvallarspurningar af þessu tagi ber á góma og gerðu þeir þetta vel og voru skemmtilegar andstæður. Hitt er svo annað mál að það hefði mátt snúa sér aðeins til áhorfenda og fá þeirra svör og viðbrögð, ekki er það aðeins skemmtilegt heldur uppbyggilegt fyrir börnin sjálf.

Leikmyndin og teikningar á hreyfimyndum eru eftir Áslaugu Jónsdóttur. Raðað er upp flottum einlitum einingum og mátulega ógurlegt þegar hreyfimyndirnar birtust. Þórhallur Sigurðsson sannar sig enn einu sinni sem leikstjóri sem skilur mörkin og miðilinn fyrir yngstu áhorfendurna. Þessi sýning er stórgóð fyrir aldurshópinn tveggja til fimm ára en fólk ætti nú ekki að vera að koma með yngri börn í leikhúsið nema til þess að hafa þau föst við brjóstið.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Stórgóð sýning fyrir yngstu áhorfendurna.

# HVAÐ HENTAR ÞÉR?

## FIT PILATES

SLÉTTUR MAGI & STINNUR RASS!

Fit Pilates eru styrktar- og brennsluæfingar á boltum og með handlóðum sem lengja og styrkja „core" vöðva líkamans.

6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 9. & 10. JANÚAR
HÆGT ER AÐ VELJA UM 2X EÐA 3X Í VIKU

Kennarar: Hildur Sigurðardóttir,
Guðmundur Óskar & Rakel Guðbjörnsdóttir

Fit • Pilates

## FOAM FLEX

NÝJUNG Á ÍSLANDI!

Foam flex er æfingarkerfi sem hentar öllum hvort sem um er að ræða íþrótta- eða kyrrsetufólk. Foam Flex samanstendur af sjálfnuddandi æfngum þar sem notast er við svokallaðar foam rúllur. Hver vöðvi er nuddaður og teygt er á honum með átaksteygjum strax á eftir. Æfingarnar fara fram í upphituðum sal svo hægt sé að ná betri slökun og meiri dýpt.
Foam Flex er samblanda af bandvefslosun og átaksteygjum sem stuðla að skjótari bata og fyrirbyggjandi meiðslahættu ásamt auknum liðleika. Með djúpöndun örvast blóðflæðið og endurnýjar orku líkamans.

6 VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 9. & 10. JANÚAR

Kennarar: Valdís Sylvía Sigurþórsdóttir &
Rakel Guðbjörnsdóttir

FOAMFLEX







## ÁSKORUN INSANITY

FYRIR ÞÁ SEM ÞORA!

4 vikur – 5 daga vikunnar – æfingar aðeins með eigin líkamsþyngd – brjáluð keyrsla – engar afsakanir!

Kennari: Ólafur Ólafsson einkaþjálfari, TRX
kennararéttindi og Combatbells réttindi

INSANITY

NÝTT!

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is,
s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

# Fólk
folk@frettabladid.is



**15 ÁR** stóð bassaleikarinn Mani vaktina með Primal Scream. Hann er nú hættur til að snúa sér að endurkomu The Stone Roses. Síðustu tónleikarnir voru í Edinborg á gamlárskvöld.



**SELST VEL** Hátískufatnaður á borð við Gucci selst vel á Netinu því það hefur færst í aukana að fólk versli undir áhrifum áfengis. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kaupa tískufatnað undir áhrifum

Með tilkomu netverslana hefur það færst í aukana að fólk geri skyndikaup á meðan það er undir áhrifum áfengis. New York Times fjallaði ítarlega um málið í vikunni sem leið.

Samkvæmt New York Times gerist það æ oftar að fólk geri stórkaup á Netinu á meðan það situr að drykkju. Blaðið tók meðal annars viðtal við eina konu sem áttaði sig á því í þynnkunni að hún hafði keypt mótorhjólaferðalag um þvert Nýja Sjáland að andvirði 1,2 milljóna króna án þess að muna eftir því. Flest vefkaup eiga sér þannig stað eftir klukkan níu á kvöldin í hverju tímabelti fyrir sig og eru margar vefverslanir farnar að notfæra sér þessar upplýsingar með því að bjóða kvöldafslátt og lokka þannig neytendur inn á síðurnar. Netverslanir sem selja hátískufatnað hafa einnig grætt á þessu því drykkjan virðist losa aðeins um fjárhagshömlurnar.



**JENNIFER ANISTON OG JUSTIN THEROUX**

Parið kynntist við tökur á kvikmyndinni Wanderlust og sást fyrst saman opinberlega á MTV verðlaunahátíðinni í júní 2011. NORDICPHOTOS/GETTY

## HEITUSTU PÖR ÁRSINS 2011

**Vefsíðan Gossipcop.com fór yfir árið 2011 og valdi vinsælustu Hollywood-pörin sem tóku saman á liðnu ári. Efst á listanum tróna þau Jennifer Aniston og Justin Theroux sem hófu samband síðasta vor og hafa verið slúðurfóður allar götur síðan. Önnur pör sem komust á listann voru Spiderman-leikararnir Andrew Garfield og Emma Stone sem og Blake Lively og Ryan Reynolds.**



**EMMA STONE OG ANDREW GARFIELD**

Parið kynntist við tökur á The Amazing Spiderman. Stone er 24 ára og Garfield er 28 ára gamall.



**ASHLEE SIMPSON OG VINCENT PIAZZA**

Söngkonan og Boardwalk Empire-leikarinn sáust fyrst saman í júní 2011. Síðan þá hafa þau verið dugleg að styðja hvort annað við ýmsar uppákomur.



**BLAKE LIVELY OG RYAN REYNOLDS**

Reynolds sótti um skilnað frá leikkonunni Scarlett Johansson í desember 2010 og gekk skilnaðurinn í gegn síðasta sumar. Parið kynntist við tökur á kvikmyndinni The Green Lantern en þau voru bæði í sambandi með öðrum þá. Ástin tók að blómstra milli þeirra í haust en hvorugt þeirra hefur viljað tjá sig um sambandið.



**GEORGE CLOONEY OG STACY KEIBLER**

Clooney tók saman við Keibler stuttu eftir sambandsslit sín og Elisabettu Canalis í júní. Þau eru ófeimin við að sjást saman.

ÚTSALA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
BIRNA
BIRNA Concept Shop
Skólavörðustíg 2, 101 Rvk.
S: 445-2020
www.birna.net
www.birnashop.net





**ÁFRAM VINIR** Katy Perry og Russell Brand hafa ákveðið að skilja. NORDICPHOTOS/GETTY

## Katy smeyk við að skilja

**Söngkonan Katy Perry og grínistinn Russell Brand hafa ákveðið að skilja. Brand tilkynnti þetta skömmu fyrir áramót.**

Fjölmiðlar vestanhafs hafa greint frá því að hjónabandið hafi verið komið í öngstræti fyrir nokkrum mánuðum. Perry hafi hins vegar ekki viljað taka af skarið til að binda enda á það til að koma ekki strangtrúuðum foreldrum sínum í uppnám. Eftir nokkrar vikur þar sem þau reyndu að ná sáttum var ljóst að skilnaður væri eina lausnin og tók Brand af skarið og lagði fram ósk um skilnað.

Eins og vera ber í Hollywood fylgdi fréttatilkynningu um skilnaðinn yfirlýsing um að þau yrðu áfram vinir.


Nýstárleg og nýdönsk blanda af leikhúsi, sketsum, hreyfilist og tónleikum
Örfáar aukasýningar á sýningunni sem sló í gegn 2011
TÓNLEIKUR Í TVEIMUR □ÁTTUM
NÝDÖNSK Í NÁND
ER KOMIN AFTUR
Í BORGARLEIKHÚSI□
Hljómsveitin Nýdönsk
BINGO!
TAKE THIS
SAMAN Á NÝ
Auglýsingar
ROKK HARÐARSON
STÆRSTI GÍTARLEIKARI Í HEIMI
Hlé!
TÓNLIST
LJÓSASJÓ!
Ástfangnar flugvélar
BÍÓ
Kaffi & Konni
magnaðasta hreyfilistasýning allra tíma
SVONA HEFURÐU ALDREI SÉÐ ÞÁ ÁÐUR!
STÓRKOSTLEG S□NING SEM SKILUR EKKERT EFTIR SIG
OPAL
Aðeins þessar örfáu sýningar í boði:
Lau. 7. janúar örfá sæti laus
Fös. 13. janúar örfá sæti laus
Lau. 14. janúar örfá sæti laus
Fös. 20. janúar uppselt
Lau. 21. janúar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
Danshöfundur: Selma Björnsdóttir
Lýsing: Þórður Orri Pétursson
Hljóð: Torbjoern Knudsen
Borgarleikhúsið
Miðasala 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

# Eldri popparar snúa aftur

**Margir eldri flytjendur snúa aftur árið 2012 með nýtt efni í farteskinu. The Beach Boys, Madonna, Bruce Springsteen og U2 eru á meðal þeirra.**





## NÝTT EFNI

**Madonna** sendir frá sér sína fyrstu plötu í fjögur ár í mars. **The Beach Boys, Bruce Springsteen** og **Bono** og félagar í U2 mæta einnig með nýtt efni. NORDICPHOTOS/GETTY

Endurkoma margra af risaeðlum tónlistarheimsins er yfirvofandi árið 2012. Nýjar plötur frá The Beach Boys, sem fagna fimmtíu ára afmæli sínu á árinu, Bruce Springsteen, Leonard Cohen, Paul McCartney og Tom Petty eru allar fram undan á árinu.

Madonna er jafnframt að ljúka við sína tólftu hljóðversplötu og syngur hún nýtt efni af henni á úrslitaleik bandaríska fótboltans í febrúar, Super Bowl. Söngkonan, sem verður 54 ára á árinu, vonast til að endurheimta stöðu sína sem drottning poppsins eftir að Lady Gaga hrifsaði af henni kórónuna. Nýja platan er væntanleg í mars og verður sú fyrsta í fjögur ár. Talið er að hún muni líkjast hinni dansvænu Confessions on a Dancefloor sem kom út 2005.

Þrátt fyrir að Bítillinn Sir Paul McCartney verði sjötugur á árinu ætlar hann ekkert að slaka á því glæný plata frá honum er væntanleg í byrjun febrúar. Hún kallast Kisses on the Bottom og hefur að geyma lög sem hafa verið í uppáhaldi hjá honum lengi, auk tveggja nýrra laga. Á meðal gesta verða Stevie Wonder og Eric Clapton. Fyrrum félagi McCartney úr Bítlunum, trommarinn Ringo Starr, gefur jafnframt út sína sautjándu hljóðversplötu. Hún nefnist Ringo 2012 og kemur út í lok janúar.

Þrettánda plata U2, Songs of Ascent, kemur að öllum líkindum út í lok ársins. Upphaflega átti hún að koma út 2010 en vandræðagangur hefur verið með upptökurnar. Þrátt fyrir að Danger Mouse, will.i.am og RedOne hafi allir lagt sitt af mörkum er óvíst hvort eitthvað af því efni verður notað í lokaútgáfunni.

Bresku rokkararnir í The Stone Roses ætla að snúa aftur á árinu með þrennum tónleikum í Manchester í sumar. Þeir ætla einnig í hljóðver og bíða aðdáendur spenntir eftir fyrstu plötu sveitarinnar í átján ár. Möguleg plata frá Blur hefur einnig verið nefnd til sögunnar.

Eins og The Beach Boys verður The Rolling Stones fimmtug á árinu. Engin plata er væntanleg frá Jagger og félögum en orðrómur um stóra tónleikaferð um heiminn hefur verið uppi.

Yngri hljómsveitir og tónlistarmenn eru að sjálfsögðu einnig með spennandi plötur í pokahorninu. Þar má nefna Muse, The Killers, The xx, Mumford and Sons, Robbie Williams, Marilyn Manson, Sleigh Bells, Green Day, Queens of the Stone Age, The Strokes, Alice in Chains og Nicki Minaj.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Gleðilegt nýtt bíóár!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 6 - 8 – 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 4.45 - 8 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MI-GHOST PROTOCOL | KL. 6 - 8 - 10.50 16 | 16 |
| MI-GHOST PROTOCOL LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 16 | 16 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES | KL. 6 - 8 - 10.40 | 12 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6.45 - 9 - 10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |
| JACK AND JILL | KL. 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 5.40 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 8 - 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ GLEÐILEGT NÝTT ÁR
700 KR. — ÍSLENSKT TAL — 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér
Þriðjudagur er tilboðsdagur.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE SITTER | 8, 10 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | 6.45, 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 7, 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | 2, 4, 6 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 2, 4 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 2, 4 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is
Tilboð 750 kr. — JÓLAMYND FJÖLSKYLDUNNAR Í ÁR — FJÖRFISKARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
"Betri en sú fyrsta. Sjáðu hana núna, og þá helst í stórum sal." Kvikmyndir.is/Séð & Heyrt
80/100 BoxOffice Magazine — 88/100 Chicago Sun Times
1000 kr. á 3D sýningar

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10 - 10:40 - 10:50 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 1 - 3:30 - 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| HAROLD AND KUMAR Með texta | kl. 8(2D) | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:20 - 3:20 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ísl. Tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:15 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | kl. 8 | 2D | 16 |
| HAROLD & KUMAR 3D | kl. 11 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 2 - 4 | 3D | L |
| HAROLD AND KUMAR 3D | kl. 5:50 | 3D | 16 |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 2 - 4 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 6 - 8 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| PUSS IN BOOTS M/ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 M/ísl. Tali | kl. 1:30 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ísl. Tali | kl. 3:30 | 3D | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is
Fyrir börnin í Lyfju



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is
TILBOÐSDAGUR
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR
LAUGARÁS BÍÓ -BARA LÚXUS
ATH GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR
www.laugarasbio.is



BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPER-CLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!
Bíó Paradís er frá 1. janúar hluti af EUROPA CINEMAS

THIS MUST BE THE PLACE — SEAN PENN
ELDFJALL
SÝND Í NOKKRA DAGA VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA



ÚTSALAN
ER HAFIN
ARMANI D&G STENSTRÖMS BALDESSARINI SCHUMACHER MARC CAIN SPORT CAMBIO ROCCO P PACO GIL PAOLO DA PONTE
sævar karl. reykjavík
HVERFISGÖTU 6 | SÍMI 551 3470 | SAEVARKARL

# sport

sport@frettabladid.is

**13 DAGAR** — **EM í handbolta 2012**

**SVÍAR** hafa oftast allra orðið Evrópumeistarar í handbolta karla en þeir unnu gull á fjórum af fyrstu fimm Evrópukeppnunum, þar af unnu Svíar þrjár keppnir í röð frá 1998 til 2002. Sænska landsliðið hefur hins vegar ekki unnið verðlaun á EM frá því að það vann á heimavelli árið 2002. Síðan þá hafa Svíar endað í 7. (2004), 5. (2008) og 15. sæti (2010) en þeir komust ekki á EM í Sviss 2006.

## ENSKI Í GÆR

*Enska úrvalsdeildin*

**Aston Villa - Swansea 0-2**
0-1 Nathan Dyer (5.), 0-2 Wayne Routledge (47.)

**Blackburn - Stoke 1-2**
0-1 Peter Crouch (17.), 0-2 Peter Crouch (45.), 1-2 David Goodwillie (69.)

**Queens Park Rangers - Norwich 1-2**
1-0 Joey Barton (11.), 1-1 Anthony Pilkington (42.), 1-2 Steve Morison (83.)

**Wolves - Chelsea 1-2**
0-1 Ramires (54.), 1-1 Stephen Ward (85.), 1-2 Frank Lampard (89.)

**Fulham - Arsenal 2-1**
0-1 Laurent Koscielny. (21.), 1-1 Steve Sidwell (85.), 2-1 Bobby Zamora (90.+1)

**STAÐA EFSTU LIÐANNA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **19** | **14** | **3** | **2** | **53-16** | **45** |
| Man. United | 19 | 14 | 3 | 2 | 49-17 | 45 |
| **Tottenham** | **18** | **12** | **3** | **3** | **35-20** | **39** |
| Chelsea | 20 | 11 | 4 | 5 | 39-25 | 37 |
| **Arsenal** | **20** | **11** | **3** | **6** | **36-28** | **36** |
| Liverpool | 19 | 9 | 7 | 3 | 24-15 | 34 |
| **Newcastle** | **19** | **8** | **6** | **5** | **26-25** | **30** |
| Stoke | 20 | 8 | 5 | 7 | 22-31 | 29 |
| **Norwich** | **20** | **6** | **7** | **7** | **30-35** | **25** |
| Everton | 18 | 7 | 3 | 8 | 19-20 | 24 |
| **Swansea** | **20** | **5** | **8** | **7** | **20-23** | **23** |



**ARON EINAR GUNNARSSON** Skoraði sitt 5. mark á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Enski og skoski boltinn:

## Aron Einar og Kári skoruðu

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson og Kári Árnason voru báðir á skotskónum í gær. Aron Einar skoraði annað mark Cardiff í 3-1 sigri á Reading í ensku b-deildinni en Kári tryggði Aberdeen gríðarlega mikilvægan 2-1 útisigur á Dundee United í skosku úrvalsdeildinni.

Kári skoraði stórglæsilegt sigurmark fjórum mínútum fyrir leikslok með þrumuskoti fyrir utan teig en hann hefur þar með skorað bæði mörkin sín á tímabilinu á móti Dundee United.

Aron Einar skoraði sitt mark með skalla af stuttu færi á 19. mínútu og Aron Einar hefur þar með skorað fimm mörk í 20 deildarleikjum fyrir Cardiff-liðið á þessu tímabili. **- óój**

# Rauðu spjöldin réðu miklu

**Bæði Queens Park Rangers og Arsenal misstu mann af velli í stöðunni 1-0 og þurftu að sætta sig við tap í ensku úrvalsdeildinni í gær. Frank Lampard tryggði Chelsea langþráðan sigur með dramatískum hætti gegn Wolves.**

**FÓTBOLTI** Dramatíkin var allsráðandi í leikjum ensku úrvalsdeildarinnar í gær en skömmu fyrir leikslok leit út fyrir að Chelsea þyrfti að bíða enn lengur eftir sigri og að Arsenal væri að landa góðum útisigri og um leið 4. sætinu í deildinni. Frank Lampard tryggði Chelsea hins vegar fyrsta sigurinn í fimm leikjum og Arsenal fékk á sig tvö mörk á lokamínútunum eftir að hafa misst mann af velli.

Það voru umdeild rauð spjöld, sem fóru á loft og fóru ekki á loft, sem réðu miklu í gær. Frank Lampard, hetja Chelsea, gat þannig þakkað fyrir það að fá ekki rauða spjaldið á 25. mínútu á móti Úlfunum en þeir Joey Barton hjá QPR og Johan Djourou hjá Arsenal voru ekki eins heppnir.

### Línuvörðurinn giskaði bara

Joey Barton hafði komið QPR í 1-0 á móti Norwich en var síðan rekinn í sturtu á 36. mínútu. „Línuvörðurinn sagðist sjá hann skalla Bradley Johnson. Ef ég á að vera hreinskilinn þá held ég bara að hann hafi giskað á hvað gerðist,“ sagði Neil Warnock, stjóri QPR. „Þeir voru með haus í haus. Joey hefði aldrei látið sig falla en það kemur ekki mikið á óvart að Bradley lét sig falla. Þetta breytti algjörlega leiknum,“ sagði Warnock en Norwich jafnaði leikinn sex mínútum seinna og tryggði sér síðan sigurinn sjö mínútum fyrir leikslok. Warnock hafði tekið Heiðar Helguson af velli tveimur mínútum áður.

Laurent Koscielny kom Arsenal í 1-0 á móti Fulham á 21. mínútu og þannig var staðan í 64 mínútur. Arsenal gat bætt við mörkum en Fulham tók við sér í seinni hálfleiknum. Þeim tókst hins vegar ekki að skora fyrr en að Johan Djourou hafði fengið sitt annað gula spjald. Steve Sidwell jafnaði á 85. mínútu og Bobby Zamora skoraði síðan sigurmarkið í uppbótartíma.

### Rauða spjaldið var grín

„Við klúðruðum mörgum góðum færum og svo voru þetta nokkrar slæmar ákvarðanir hjá dómaranum. Það tvennt réði úrslitunum í dag,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. „Rauða spjaldið var grín. Þeir reyndu að veiða Djourou eftir að hann fékk fyrra gula spjaldið sitt og dómarinn var það auðtrúa að hann gekk í gildruna. Við áttum að fá aukaspyrnuna þarna en ekki þeir.”



**RAUÐA SPJALDIÐ BREYTTI ÖLLU** Heiðar Helguson fylgist hér með þegar þeir Joey Barton og Bradley Johnson eiga eitthvað eftir óútkljáð. NORDICPHOTOS/GETTY

### Ætlum aftur í toppbaráttuna

Frank Lampard var kátur eftir að hafa skorað sigurmarkið mínútu fyrir leikslok á móti Wolves.

„Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur. Það vita allir að við erum að fara í gegnum erfiða tíma en einbeitingin skein í gegn í dag og mér fannst við eiga sigurinn skilinn. Það fer endalaust í taugarnar á mér að skoða töfluna og sjá að við erum ekki að berjast á toppnum. Þar eigum við heima og þangað ætlum við,“ sagði Lampard kampakátur en Chelsea hafði fyrir leikinn spilað fjóra leiki í röð án þess að vinna. Eggert Gunnþór Jónsson var ekki í leikmannahópi Wolves.

Swansea fagnaði komu íslenska landsliðsmannsins Gylfa Þórs Sigurðssonar með því að vinna 2-0 sigur á Aston Villa á Villa Park en þetta var fyrsti útisigur velska liðsins í deildinni í vetur. Swansea fékk bara þrjú stig í fyrstu níu leikjum sínum utan Wales.

**ooj@frettabladid.is**



**Á GUÐS VEGUM** Æðri máttarvöld virðast vera á bandi hins heittrúaða Tim Tebow. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

NFL-deildin:

## Tebow skreið í úrslitakeppnina

**NFL** Deildarkeppni NFL-deildarinnar lauk um helgina og það er því ljóst hvaða lið komast í úrslitakeppnina. Mikil spenna var fyrir lokaumferðina.

Kraftaverkamaðurinn Tim Tebow komst í úrslitakeppnina með Denver Broncos. Það tókst honum þó svo að hans lið hafi tapað sínum þriðja leik í röð. Æðri máttarvöld virðast vera með Tebow í liði því hans lið fékk meira að segja heimaleik gegn liði sem vann fjórum leikjum meira en Broncos. Þrjú lið voru efst og jöfn í riðli Broncos en innan riðilsins stóð Broncos best að vígi.

Hreinn úrslitaleikur var á milli NY Giants og Dallas Cowboys um sæti í úrslitakeppninni. Þar var lið Giants miklu sterkara og Kúrekarnir sitja því eftir með sárt ennið.

Green Bay Packers var með bestan árangur í deildinni og tapaði aðeins einum leik af sextán. Breytti engu um helgina að stjörnuleikstjórnandinn Aaron Rodgers hafi fengið að hvíla. Varamaður hans, Matt Flynn, átti ótrúlegan leik í 45-41 sigri á Detroit þar sem Flynn kastaði sex sinnum fyrir snertimarki og var alls með 480 jarda sem er félagsmet. **- hbg**

**Úrslitakeppnin**

**Laugardagur:**
New Orleans - Detroit
Houston - Cincinnati

**Sunnudagur:**
NY Giants - Atlanta
Denver - Pittsburgh

**Liðin sem sitja hjá:**
Green Bay Packers
New England Patriots
Baltimore Ravens
San Francisco 49ers




Gylfi Þór Sigurðsson verður á láni hjá enska liðinu Swansea út leiktíðina:

# Var fljótur að grípa tækifærið

**FÓTBOLTI** Eins og kunnugt er þá er landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson á leið í enska boltann á nýjan leik. Félag hans, Hoffenheim, hefur lánað Gylfa til enska úrvalsdeildarliðsins Swansea út leiktíðina.

Hjá Swansea hittir Gylfi fyrir stjórann Brendan Rodgers sem gaf honum tækifæri hjá Reading á sínum tíma.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Það hefur verið erfitt að sitja á bekknum í Þýskalandi en ég fæ vonandi tækifæri til þess að spila fótbolta núna,“ sagði Gylfi við íþróttadeild en af hverju hefur hann ekki verið að fá tækifæri hjá Hoffenheim í vetur?

„Það kom nýr þjálfari og svo missti ég af undirbúningstímabilinu. Ég hef fengið fá tækifæri og ekki tekist að skora þegar ég hef fengið að spila. Þegar tækifærið gafst að fara til Englands var ég fljótur að grípa það.“

Gylfi er vongóður um að Rodgers ætli sér að spila honum.

„Mér líkaði mjög vel við Rodgers er hann var hjá Reading og hann vill að sín lið spili fótbolta. Það hefur Swansea verið að gera og vonandi passa ég vel inn í boltann sem liðið spilar,“ sagði Gylfi sem segist vera í góðu formi og klár í slaginn.

„Ég vil spila sem allra fyrst. Ég var í mjög góðu formi fyrir jólin og hef haldið mér vel við. Enska deildin er hraðasta og besta deild heims og það verður gaman að spila þar.“



**LAUS ÚR PRÍSUNDINNI** Gylfi Þór hefur setið mikið á bekknum í Þýskalandi en vonast eftir því að spila meira með Swansea. NORDICPHOTOS/GETTY

Gylfi er samningsbundinn Hoffenheim næstu tvö árin en hann fær kjörið tækifæri til þess að sanna sig upp á nýtt með Swansea.

„Það er jákvætt að fá að spila núna og flott að ég fékk að fara í stað þess að sitja áfram á bekknum í Þýskalandi.“ **- hbg**




# Boot cAmp

## Námskeiðin eru að hefjast:

**Boot Camp, Grænjaxlar, Outsiders, Skæruliðar og CrossFit BC**

***Hversu oft hefur þú ætlað að gera eitthvað af viti í ársbyrjun en endar svo á að festast í sama farinu? Byrjaðu þetta ár af meiri krafti en þú hefur nokkru sinni gert fyrr og sjáðu til þess að árið 2012 verði árið ÞITT! Kröftugar æfingar í frábærum félagsskap skila þér mun meira en þig órar fyrir og þú skemmtir þér vel í leiðinni. Komdu og vertu með okkur og náðu öllum þínum markmiðum.***

***Skráðu þig á bootcamp.is og sýndu hvað í þér býr!***

> **Stöð 2 Sport 2 kl. 19.50**
> **Man. City - Liverpool**

***Bein útsending frá leik Manchester City og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. City ætlar ekkert að gefa eftir í toppbaráttunni en Liverpool gefst aldrei upp baráttulaust og þetta er sannarlega einn af stórleikjum tímabilsins. Liðin mætast aftur í undanúrslitum deildabikarsins eftir rúma viku.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR FÁGUÐ Á NÝJU ÁRI

# Með heilalausri Hollywood



Hvað er betra í byrjun nýs árs en heilalaust Hollywood-maraþon? Sennilega margt; eins og galadinner, kokteilboð, sinfóníutónleikar, heilsubótarganga, spil eða to-do-lista-gerð. Ekkert af þessu rataði þó inn á borð til mín þegar ég sá hvað í boði var í sófanum heima. Hangover II er alveg hreint ágæt. Forgetting Sarah Marshall er líka þolanleg. Yes Man er það hins vegar ekki, en það er allt í besta lagi á dögum sem þessum.

Þegar þessi afburðatrílógía var yfirstaðin var ekkert annað að gera en að sofna og bíða þess að nóttin kæmi almennilega inn með nýja árið. Það gerði ég yfir Simpsons-fjölskyldunni. Annar janúar gekk svo í garð eins og við var að búast með þeim fyrirheitum að Jim Carrey og fleiri þunnir Ameríkanar muni ekki rata til mín á ný fyrr en eftir nákvæmlega 364 daga. Vil ég meina.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.30** Óskastundin **23.30** Handhafi viðurkenningar úr rithöfundasjóði RÚV **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.10 Mumbai kallar** (4:7) (e)
**12.35 Í mat hjá mömmu** (5:6)
**13.00 Hestar og menn** (1:2) (e)
**13.50 Miley Cyrus á tónleikum**
**15.05 Monica og David** (e)
**16.00 Sannleikurinn um loftslagsbreytingar** (e)
**16.30 Tíu mínútna sögur – Vitringarnir þrír** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (39:52)
**17.31 Þakbúarnir**
**17.43 Skúli skelfir** (21:52)
**17.54 Hið mikla Bé** (1:20)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Laus og liðugur** (20:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Leiðin að bronsinu**
**20.35 Krabbinn** (5:13) (The Big C)
**21.05 Barátta gegn spillingu**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Millennium II** (4:6)
**23.55 Aðþrengdar eiginkonur** (1:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.40 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Love and Other Disasters**
**10.00 Uptown Girl**
**12.00 Gosi**
**14.00 Love and Other Disasters**
**16.00 Uptown Girl**
**18.00 Gosi**
**20.00 Next**
**22.00 Pan's Labyrinth**
**00.00 Drop Dead Sexy**
**02.00 Fuera del cielo**
**04.00 Pan's Labyrinth**
**06.00 Angels & Demons**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (84:175)
**10.15 Wonder Years** (4:23)
**10.45 Mike & Molly** (1:24)
**11.15 Hawthorne** (10:10)
**12.00 Borgarilmur** (5:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (22:24)
**13.25 America's Got Talent** (8:32)
**14.10 America's Got Talent** (9:32)
**14.55 America's Got Talent** (10:32)
**15.45 iCarly** (3:25)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (15:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (25:25)
**19.40 My Name Is Earl** (20:27)
**20.05 Modern Family** (5:24)
**20.25 Mike & Molly** (17:24)
**20.50 Chuck** (16:24)
**21.35 The Reckoning** (1:2) Fyrri hluti spennandi sakamálamyndar um einstæða móður langveikrar dóttur og mann sem býður henni háa fjárhæð fyrir að myrða mann sem hann segir eiga skilið að deyja.
**22.25 Community** (13:25)
**22.50 Festival Express** Heimildarmynd um Festival Express sem var öfgafull farandsýning fjölda hljómsveita og tónlistarmanna.
**00.20 The Middle** (11:24)
**00.40 Hawthorne** (8:10)
**01.25 Medium** (10:13)
**02.10 One Night with the King**
**04.10 Chuck** (16:24)
**04.55 Modern Family** (5:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.15 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Ajax**
**20.00 Man. City - Stoke** Útsending frá úrslitaleiknum í ensku bikarkeppninni 2011.
**21.45 OK búðamótið** Upptaka frá OK búðamótinu þar sem sannir íslenskir kraftajötnar taka á öllu sem þeir eiga.
**22.20 Noregur - Spánn** Útsending frá undanúrslitum á HM í Brasilíu.
**23.45 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Flensburg**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Fulham - Arsenal**
**14.20 Aston Villa - Swansea**
**16.10 Blackburn - Stoke**
**18.00 QPR - Norwich**
**19.50 Man. City - Liverpool** BEINT
**22.00 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**22.30 Tottenham - WBA**
**00.20 Wigan - Sunderland**
**02.10 Man. City - Liverpool**

## EXTRA

**19.10 The Doctors** (18:175)
**19.50 Bones** (12:22)
**20.35 Better Off Ted** (1:13) Bráðskemmtilegir og beittir gamanþættir um Ted, yfirmann stórfyrirtækis, sem hugsar aðeins um hagnað og völd.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Block** (1:9)
**22.35 The Glades** (1:13) Léttir, skemmtilegir en líka þrælspennandi þættir um kvennagullið Longworth og baráttu hans við kaldrifjaða glæpamenn.
**23.25 Celebrity Apprentice** (8:11)
**00.50 Twin Peaks** (8:22)
**01.40 Malcolm in the Middle** (25:25)
**02.05 My Name Is Earl** (20:27)
**02.25 Bones** (12:22).
**03.10 The Doctors** (18:175)
**03.50 Fréttir Stöðvar 2**
**04.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Jonathan Ross** (6:19) (e) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallaþáttanna í Bretlandi. Jonathan er langt í frá óumdeildur en í hverri viku fær hann til sín góða gesti. Lee Evans, nakti kokkurinn Jamie Oliver og Lady Gaga eru gestir Jonathans að þessu sinni.
**18.55 America's Funniest Home Videos** (1:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (22:25)
**19.45 Will & Grace** (4:25) (e)
**20.10 Outsourced** (17:22)
**20.35 Mad Love** (9:13) Larry kýs að taka þátt í spurningakeppni frekar en að hjálpa Ben að meðhöndla erfiðan viðskiptavin.
**21.00 Charlie's Angels** (5:8) Fjölskyldu er rænt og englarnir eru sendir til að bjarga henni en komast að raun um að mannránið er aðeins hlekkur í stórri keðju atburða.
**21.50 Cherry Goes Parenting** Cherry Healey er nýbökuð móðir og veit stundum ekki sitt rjúkandi ráð.
**22.40 Jimmy Kimmel** (e)
**23.25 Everything She Ever Wanted** (1:2) (e)
**00.55 Everybody Loves Raymond** (22:25) (e)
**01.15 Cherry Goes Parenting** (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Solheim Cup 2011 (2:3) **17.05** Champions Tour Year-in-Review 2011 (1:1) **18.00** Golfing World **18.50** ADT Skills Challenge (1:1) **22.50** US Open 2009 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.05** The Weakest Link **07.40** Keeping Up Appearances **09.45** Dalziel and Pascoe **11.20** Come Dine With Me **12.10** EastEnders **12.40** Michael McIntyre: Live and Laughing **13.35** Top Gear **14.25** Keeping Up Appearances **16.30** QI **17.30** Top Gear **18.25** Michael McIntyre: Live and Laughing **19.20** Come Dine With Me **20.10** QI **21.10** Top Gear **22.00** Jack Dee - Live And Uncut **22.55** Live at the Apollo **23.40** QI **00.45** Jack Dee - Live And Uncut **01.35** Live at the Apollo **02.20** The Graham Norton Show

## DR 1

**10.30** Forandring på vej **12.00** DR Update - nyheder og vejr **12.40** DR - Det bedste TV 2011 **13.35** Aftenshowet **14.30** Mine elskede møgunger **15.00** DR Update - nyheder og vejr **15.10** Flodens børn **16.05** Postmand Per **16.20** Timmy-tid **16.30** Lille Nørd **17.00** Rockford **17.50** DR Update - nyheder og vejr **18.00** Skattejægerne **18.30** TV Avisen med Sport **19.05** Aftenshowet **20.00** Hammerslag **20.30** Price og Blomsterberg **21.00** TV Avisen **21.25** SportNyt **21.30** Nul tolerance **23.15** Uopklarede mord

## NRK 1

**0610.30** Doktoren på hjørnet **11.00** NRK nyheter **11.05** Dallas **11.50** Filmavisen **12.00** NRK nyheter **12.10** Urix **12.30** Tour de Ski **14.00** NRK nyheter **14.05** Hoppuka **14.45** Glimt av Norge **15.00** NRK nyheter **15.10** Tour de Ski **17.00** NRK nyheter **17.10** Solgt! **17.40** Oddasat - nyheter på samisk **17.55** Tegnspråknytt **18.00** Førkveld **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.45** Ut i naturen **20.55** Distriktsnyheter **21.00** Dagsrevyen 21 **21.30** Brodies mysterier **23.00** Kveldsnytt **23.15** Extra-trekning **23.25** Ingen grenser

## svt1

**11.30** The Royal Philharmonic Banana Band **12.30** Skidor **14.00** Micky badar **14.15** En komikers arbetslivserfarenhet **14.45** Anslagstavlan **14.50** Alpint **15.40** Rapport **15.45** Skidor **16.45** På drift genom öknen **16.50** Nöjeskrönika **17.50** Alpint **18.00** Rapport **18.10** Regionala nyheter **18.15** Två hungriga italienare **19.15** Jonssons onsdag **19.30** Rapport **19.55** Regionala nyheter **20.00** Vasa 1628 **20.55** Jag är hellre i skolan än hemma **21.00** Kronjuvelerna **22.00** Vad är det för fel på grekerna? **23.00** Jonathan Ross show

## ÍNN

**20.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **20.30** Golf fyrir alla 2 **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 91,9** Kaninn **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun





LISTERINE®
TOTAL CARE
VINNUR GEGN TANNSTEINI

6 kostir til bættrar munnhirðu

| | TOTAL CARE | TOTAL CARE TOOTHGUARD | FLUORIDE |
|---|---|---|---|
| Vinnur gegn sýklum í munnholi | ✔ | ✔ | ✔ |
| Vinnur á bakteríum sem mynda tannsýklu; allt að 56% betri árangur en með tannburstun einni | ✔ | ✔ | ✔ |
| Verndar tannholdið | ✔ | ✔ | ✔ |
| Notist kvölds og morgna Tryggir ferskan andardrátt í allt að 12 klst. | ✔ | ✔ | ✔ |
| Inniheldur flúor sem fyrirbyggir tannskemmdir og styrkir glerunginn | ✔ | ✔✔ Tvöfalt flúormagn | ✔ |
| Inniheldur zinkklóríð sem vinnur gegn myndun tannsteins og viðheldur náttúrulegum lit tannanna | ✔ | | |

ÞÚ FÆRÐ LISTERINE Í NÆSTA APÓTEKI



**Frestur til**
að senda tilnefningar
er til miðnættis þann
**31. janúar**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS **2012**

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Í dag eru það Tapashúsið og Grillmarkaðurinn. Þetta breytist mjög reglulega hjá mér en þetta eru uppáhaldsstaðirnir í dag.“*

Elva Björk Barkardóttir, meistaranemi í lögfræði.

# Seldi hátt í 20 þúsund plötur

„Þú segir mér ánægjulegar fréttir,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson. „Það er ákaflega gaman þegar vel gengur og ég er þakklátur fyrir að fólk hafi gaman af þessu.“

Árið 2011 seldi Helgi hátt í tuttugu þúsund plötur á Íslandi, sem gerir hann að næstsöluhæsta tónlistarmanni landsins á eftir Mugison. Þriðja hestamannaplata hans, Ég vil fara upp í sveit, seldist í um átta þúsund eintökum fyrir jól, auk þess sem plata hans með stórtónleikum í Hörpunni 17. júní seldist í hátt í sex þúsund eintökum, sem kom nokkuð á óvart. Þar fyrir utan seldust fyrstu tvær hestamannaplötur hans og Reiðmanna vindanna samanlagt í um 3.500 eintökum á árinu. Þá eru ótalin þau um það bil eitt þúsund eintök sem seldust af safnplötu Grafíkur, sem Helgi söng með hér á árum áður.

Aðspurður segist Helgi búast við því að halda aðra dægurperlu-tónleika í Hörpunni í sumar. Óvíst er þó hvort plata með þeim tónleikum kemur út annað árið í röð.

Hestamannaplötur hans þrjár hafa samanlagt selst í um 32 þúsund eintökum. Spurður hvort fjórða platan komi út á árinu segir hann það óákveðið. „Landsmót hestamanna verður í Reykjavík á þessu ári. Það ýtir kannski á mann eitthvað.“

Fari svo að Helgi sendi hvorki frá sér dægurperlu- né hestamannaplötu á árinu segir hann vel koma til greina að gera sólóplötu með nýju efni, þá fyrstu í þrettán ár. „Það fer að koma tími á það.“ **- fb**



**VINSÆLL** Plötur með Helga Björnssyni seldust í hátt í tuttugu þúsund eintökum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






ANNA GUNNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR: MAMMA ÞEKKTI MIG EKKI

# Óþekkjanleg í hlutverki Hildar Lífar í Skaupinu

„Ég tók smá tíma í að æfa þetta,“ segir Anna Gunndís Guðmundsdóttir, eða Dunda, sem sló í gegn sem glamúrgellan Hildur Líf í Áramótaskaupinu.

Spurð hvernig hún hafi sett sig í karakter segist hún aðallega hafa stuðst við viðtal sem Nilli tók við Hildi Líf í sjónvarpsþættinum Týnda kynslóðin. „Það var eina tengingin sem ég var með og svo bara ljósmyndir. Síðan var ég að vinna með frábærum leikstjóra og búningahönnuði og meistara Rögnu Fossberg, þannig að ég fékk gott gervi,“ segir Dunda, sem var með einar sokkabuxur undir hvoru brjóstinu til að ná útliti Hildar Lífar betur.

Dunda er í eðli sínu dökkhærð en var með aflitað hár í Skaupinu. „Það var aflitað fyrir sýningu í Salsburg í Austurríki í sumar. Eftir það fór ég að leika hjá Leikfélagi Akureyrar í haust og þau vildu endilega halda þessu,“ segir hún og á við leikritið Svarta kómedían. „Svo hoppaði ég inn í Hildi Líf og núna er ég orðin dökkhærð fyrir næsta verkefni.“ Það er kvikmyndin Frost í leikstjórn Reynis Lyngdal og hefjast tökur 9. janúar á Langjökli.

Aðspurð segist Dunda hafa fengið góð viðbrögð við frammistöðu sinni í Skaupinu. „Mamma reyndar þekkti mig ekki og ekki heldur margir af mínum nánustu vinum. Ég ákvað að segja engum frá þessu, þannig að þetta kom fullt af fólki á óvart.“ Sjálf segist hún ekkert þekkja Hildi Líf og getur því ekki borið saman persónuleika þeirra beggja. „Ég er ekki alveg dómbær á það.“

Dunda, sem útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands 2010, kveðst alveg vera til í að leika aftur í Skaupinu. „Ég myndi hiklaust gera það. Það var æðislegt að fá að taka þátt í þessu.“ **freyr@frettabladid.is**



**SLÓ Í GEGN** Anna Gunndís Guðmundsdóttir sló í gegn sem Hildur Líf í Áramótaskaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skjárinn eignast Kanann

Skjárinn tryggði sér réttindin til notkunar á tíðninni FM 100,5 á uppboði sem haldið var af Póst- og fjarskiptastofnuninni þann 30. desember. Útvarpsstöðin Kaninn er á umræddri tíðni og mun Skjárinn því taka yfir rekstur stöðvarinnar.

Þetta er í fyrsta sinn sem útvarpstíðni er boðin upp með þessum hætti en auk Skjásins sóttist Lýðræðishreyfing Ástþórs Magnússonar eftir tíðninni.

„Leyfi Kanans hafði runnið út og útvarpsstöð Ástþórs hafði áður verið send út á þessari tíðni og því sóttist hann einnig eftir henni. Málið var þess vegna leyst með uppboðinu og átti Skjárinn hæsta tilboð,“ segir Friðrik Friðriksson framkvæmdastjóri Skjásins. Tíðnin fór fyrir 370 þúsund krónur og mun Skjárinn taka yfir rekstur Kanans sem mun flytja í húsnæði Skjásins í Skipholti.

„Við teljum að þetta muni styrkja stoðir fyrirtækisins enn frekar enda fara útvarps- og sjónvarpsrekstur vel saman. Það verður engin röskun á starfsemi Kanans heldur munum við taka við stöðinni eins og hún er. Starfsfólk Skjásins er spennt fyrir liðsaukanum enda skilja allir hversu mikill kostur það er fyrir okkur að vera með útvarpsrödd líka. Þetta styður hvort annað.“

Einar Bárðarson, stofnandi Kanans, mun stýra stöðinni áfram fyrir hönd Skjásins. **- sm**



**Á UPPBOÐ** Skjárinn tryggði sér tíðni Kanans á uppboði sem fór fram fyrir helgi. Fyrirtækið mun taka yfir rekstur útvarpsstöðvarinnar en Einar Bárðarson mun áfram stýra henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
58·12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060


KYNNINGARBLAÐ STÖÐVAR 2 FYLGIR MEÐ Í DAG




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hafsjór fróðleiks



Stór hluti jólaþáttar breska spurninga- og skemmtiþáttarins QI í umsjón leikarans **Stephens Fry** hjá BBC í Bretlandi var tileinkaður fróðleik frá Íslandi. Landið var sagt til dæmis þekkt fyrir dýrustu McDonalds hamborgarana (svo dýra að sjoppan hafi þurft að loka) og rætt var hvernig fólk kennir sig við foreldra sína. Gestir þáttarins voru fastagesturinn Alan Davies, Ross Noble, Sean Lock og stórleikarinn Brian Blessed. Allir fengu mátað við sig íslensk nöfn þar sem þeir voru kenndir við feður sína. Útkoman úr því varð: Stephen Alanson, Alan Royson, Ross Malcolmson, Sean Sidneyson og Brian Williamson.

### Útrás á nýju ári



Íslenskir tónlistarmenn verða á faraldsfæti á nýju ári eins og undanfarin ár. Tónleikaárið hefst með bransahátíðinni Eurosonic í Hollandi þar sem fjórir íslenskir flytjendur stíga á svið, eða Ghostigital, **Lay Low**, Sóley og Hjálmar. Hátíðin verður haldin dagana 11. til 13. janúar og alls munu yfir 180 evrópskir flytjendur spila á tuttugu tónleikastöðum í borginni Groningen. Íslendingarnir spila allir á sama deginum, fimmtudaginn 12. janúar, og verður stemningin vafalítið í hæsta gæðaflokki.

**- óká, fb**

## Mest lesið VÍSIR

1. Stríðsbrúðurin: Dóttir Larrys og ættleidd systir hittust á kaffihúsi
2. Rýmdu og lokuðu skemmtistað í Kópavogi í nótt
3. Aftur dauðir svartþrestir um allt í smábæ í Arkansas
4. Telur líklegt að leið Ólafs liggi í stjórnmálin á ný
5. Tekinn ölvaður undir stýri: Ákvað að taka „sénsinn"


## Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.



Fyrstur kemur fyrstur fær

# ÚTSALA

Takmarkað magn

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

## 20-70% AFSLÁTTUR af völdum vörum

Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur
Lök, hlífðardýnur, pífur, sængurverasett og fleira



SAGA, FREYJA, ÞÓR
Hágæða heilsudýnur

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX



IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi








Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00